

Frumvarp til laga

um váttryggingastarfsemi.

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016)

I. KAFLI.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að vernda hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra og tryggja fjárhagslegan stöðugleika á váttryggingamarkaði.

Um 1.gr. Ákvæðið byggist á inngangsorðum tilskipunar 2009/138/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga. Meginmarkmið reglna og eftirlits með váttryggingafélögum er að hafa fullnægjandi vernd fyrir váttryggingartaka og váttryggða. Til að svo megi verða þarf að vera fjárhagslegur stöðugleiki á váttryggingamarkaði svo og að váttryggingamarkaðurinn sé sanngjarn og traustur.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi. Einungis váttryggingafélög með tilskilin starfsleyfi hafa heimild til þess að stunda váttryggingastarfsemi hér á landi. Með váttryggingastarfsemi í lögum þessum er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga og líftrygginga og hvers konar endurtryggingastarfsemi.

Lög þessi gilda einnig um félagasamstæður þegar móðurfélagið er váttryggingafélag. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að ákvæði laganna um félagasamstæður skuli eiga við um tengsl félags sem er ekki váttryggingafélag og váttryggingafélaga þegar litið væri á hið fyrrnefnda sem móðurfélag samkvæmt lögum þessum ef það ræki váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur einnig ákveðið að lögini taki til félaga sem teljast ekki félagasamstæður þegar veruleg innbyrðis tengsl eru á milli þeirra. Félögin skulu þá tilnefna eitt þeirra sem móðurfélag.

Við mat á því hvort um yfirráð í félagi sé að ræða skal leggja saman réttindi móðurfélags og dótturfélags eða dótturfélaga.

Um 2. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. gildandi laga.

3. gr.

Takmarkanir á gildissviði laganna.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja né um Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingar Íslands, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir sem reknar eru samkvæmt sérlögum.

Lögin gilda ekki um endurtryggingastarfsemi sem er í höndum ríkis, eða tryggð til fulls af ríkinu, þegar starfsemin, af ástæðum sem varða mikilvæga hagsmuni almennings, veitir endurtryggingarvernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg eða illfáanleg.

Ákvæði XV, XVI., XVII., XX. og XXI. kafla auk 2. tl. og 5.-7. tl. 1. mgr. 24. gr., 27. gr., 4.-9. mgr. 29. gr., 31. gr., 32. gr., 39. gr., 40. gr., 44. gr., 45. gr., 46. gr., 47. gr., 1.-2. mgr. 48. gr., 49. gr., 52. gr., 54.-57. gr., d-liður 2. mgr. 71. gr., 73. gr., 76. gr., 77. gr., 78. gr., 79. gr., 80. gr., 81. gr., 82. gr., 86. gr., 115. gr., 116. gr., 117. gr., 118. gr., 119. gr. og 120. gr. laganna eiga ekki við um Viðlagatryggingu Íslands, og váttryggingafélög sem eftirfarandi skilyrði eiga við um:

1. Árleg bókfærð iðgjöld eru undir jafnvirði 5 milljóna evra í íslenskum krónum.
2. Fjárhæð váttryggingaskuldar er undir jafnvirði 25 milljóna evra í íslenskum krónum.
3. Váttryggingaskuld samstæðunnar er undir jafnvirði 25 milljóna evra í íslenskum krónum, ef félagið er hluti af samstæðu.

4. Er hvorki með starfsemi í ábyrgðartryggingum né greiðslu- og efnдавátryggingum, nema slík áhætta flokkist sem hliðaráhætta í samræmi við 4. mgr. 20. gr.
5. Bókfærð iðgöld í endurtryggingum nema ekki meira en 10% af bókfærðum iðgjöldum félagsins í heild og ekki hærri fjárhæð en jafnvirði 0,5 milljóna evra í íslenskum krónum. Þá má váttryggingaskuld vegna þeirrar starfsemi ekki nema meira en 10% af váttryggingaskuld félagsins í heild og ekki hærri fjárhæð en jafnvirði 2,5 milljóna evra í íslenskum krónum.

Váttryggingafélög sem hættu fyrir 10. desember 2007 að taka að sér nýja váttryggingaráhættu og unnu eingöngu að afgreiðslu eldri endurtryggingasamninga eru undanskilin sömu ákvæðum og vísað er til í þessari málsgrein.

Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um kröfur til váttryggingafélags sem fellur undir undanþáguákvæði 1. mgr. sem hefur sambærileg markmið og 1. gr.

Ef váttryggingafélag fer umfram fjárhæðamörk 3. mgr. þrjú ár í röð telst félagið ekki lengur undanþegið ákvæðunum.

Ef váttryggingafélag sem hefur ekki fallið undir 3. mgr. og skilyrði 3. mgr. eiga við í þrjú ár í röð og ekki er búist við að á næstu fimm árum að það fari umfram eitthvert þessara fjárhæðamarka telst það falla undir undanþáguákvæði 3. mgr.

Lögin gilda að öllu leyti um váttryggingafélag sem sækir um starfsleyfi nema sýnt sé fram á að skilyrði 3. mgr. eigi við fyrstu fimm starfsár félagsins, samkvæmt rekstraráætlun. Berist ósk um slíkt frá váttryggingafélagi getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að lögin gildi um starfsemi þess þótt skilyrði 3. mgr. eigi við um félagið.

Um 3. gr. 1. og 2. mgr. eru samhljóða 3. gr. gildandi laga. 3.-5. mgr. er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Gert er ráð fyrir að fjárhæðarmörkin í 3. mgr. miðist við lok hvers árs. Mikilvægt er að undanþáguákvæði sem þetta verði ekki notað til að sleppa við að uppfylla tilteknar kröfur og því er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild í 5. mgr. til að setja reglur um váttryggingafélög sem uppfylla undanþáguákvæðin. Slíkar reglur gætu t.d. verið um kröfur til gjaldþols, stjórnarháttá eða upplýsingagjafar til Fjármálaeftirlitsins.

II. KAFLI.

Mörk við aðra starfsemi.

4. gr.

Mörk við aðra starfsemi.

Váttryggingafélag má ekki reka aðra starfsemi en váttryggingastarfsemi nema annað leiði af ákvæðum 5. gr.

Váttryggingafélag telst reka aðra starfsemi en váttryggingastarfsemi ef félagið hefur yfirráð, eitt sér eða ásamt öðru váttryggingafélagi, í félagi sem rekur aðra starfsemi en váttryggingastarfsemi. Þegar um félagasamstæðu er að ræða eða váttryggingafélag í beinum eða óbeinum rekstrarlegum tengslum við önnur félög og móðurfélagið er ekki váttryggingafélag skal í þessu sambandi litið á váttryggingafélögin sem eitt félag.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er váttryggingafélagi heimilt að reka viðskiptabanka eða aðra fjármálastarfsemi í sérstöku félagi, enda sé starfsemin háð starfsleyfi og eftirliti opinberra aðila.

Váttryggingafélag má ekki taka á sig ábyrgðir sem ekki eru váttryggingar. Því er óheimilt að taka á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur váttryggingafélags.

Um 4. gr. Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga og fjallar um afmörkun starfsemi váttryggingafélags við aðra starfsemi á fjármálamarkaði. Takmarkanir á annarri starfsemi váttryggingafélaga má rekja til fyrstu laganna sem sett voru um váttryggingastarfsemi, nr. 16/1973, sem og bann við að váttryggingafélag taki á sig skuldbindingar sem ekki eru í tengslum við eðlilegan rekstur váttryggingafélags. Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um að váttryggingafélög skuli takmarka starfsemi sína við váttryggingastarfsemi.

5. gr.

Leyfileg hliðarstarfsemi.

Váttryggingafélagi er heimilt að reka eftirfarandi hliðarstarfsemi:

1. Umboð fyrir váttryggingafélög sem leyfi hafa til að starfa hér á landi og fyrir önnur félög sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins eða annarra opinberra aðila.

2. Að byggja, eiga og reka fasteignir sem lið í fjárfestingu til ávöxtunar á fjármunum félagsins til lengri tíma samkvæmt reglum sem stjórn setur.
3. Að kaupa og selja skuldabréf og aðra fjármálagerninga og lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Ákvæði þetta tekur ekki til fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem fjárfest er í til ávöxtunar á fjármunum félagsins.
4. Tjónsuppgjör og tjónavarnarstarfsemi.
5. Rekstur og umsjón með sjóðum er tengjast eða eru hliðstæðir váttryggingastarfsemi.
6. Aðra umsjón í beinu framhaldi af og í eðlilegum tengslum við váttryggingastarfsemi.

Starfsemi skv. 6. tölul. 1. mgr. er háð leyfi Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að starfsemi sem fellur undir 6. tölul. skuli rekin af sjálfstæðu félagi.

Um 5. gr. Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. gildandi laga. Sú breyting er lögð til á ákvæðinu að Fjármálaeftirlitið þurfi ekki að staðfesta reglur skv. 2. og 3. tölul. til að þær öðlist gildi.

III. KAFLI.

Skilgreining hugtaka.

6. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða Færeyjar.
2. *Aðildarríki þar sem frumváttryggingaáætla er*:
 - a. Í eignatryggingum: Ríkið þar sem hin váttryggða eign er staðsett þegar mannvirki eru váttryggð eða mannvirki ásamt lausafé er váttryggt í sama váttryggingarsamningi.
 - b. Í ökutækjatrýggingum: Ríkið þar sem ökutæki er skráð.
 - c. Í ferðatrýggingum: Ríkið þar sem váttrygging er keypt enda sé gildistími hennar eigi lengri en fjórir mánuðir.
 - d. Í öðrum váttryggingum: Ríkið þar sem váttryggingartaki hefur aðsetur að jafnaði eða, þegar um lögaðila er að ræða, það aðildarríki þar sem aðsetrið er sem helst tengist váttryggingarsamningnum sem gerður er.
3. *Aðildarríki þar sem þjónusta er veitt*: Aðildarríki þar sem váttryggingafélag eða útibú í öðru aðildarríki váttryggir áhættu sem þar er, sbr. 2. tl., án þess að hafa þar starfsstöð.
4. *Ábyrgðarsjóður vegna ökutækjatrýgginga*: Stofnun sem greiðir bætur, a.m.k. upp að mörkum váttryggingarfjárhæða, vegna líkamstjóns eða tjóns á eignum sem óþekkt eða óváttryggð ökutæki valda.
5. *Áhættumál (e. risk measure)*: Stærðfræðilegt hugtak, fall sem úthlutar fjárhæð á tiltekna líkindadreifingu og er vaxandi sem fall af áhættunni sem liggur til grundvallar líkindadreifingunni.
6. *Áhættuvarnir (e. risk-mitigation techniques)*: Aðferðir sem gera váttryggingafélagi kleift að flytja hluta áhættu sinnar eða alla áhættu til annars aðila.
7. *Bundið endurtryggingafélag (e. captive reinsurance undertaking)*: Endurtryggingafélag sem er í eigu fyrirtækis, þó ekki váttryggingafélags eða samstæðu váttryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/ESB, sem hefur að markmiði að endurtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar.
8. *Bundið frumtryggingafélag (e. captive insurance undertaking)*: Frumtryggingafélag sem er í eigu fyrirtækis, þó ekki váttryggingafélags, eða samstæðu váttryggingafélaga sem falla undir tilskipun 98/78/ESB, sem hefur að markmiði að frumtryggja einungis áhættu fyrirtækis eða áhættu fyrirtækis eða fyrirtækja samstæðunnar.
9. *Dótturfélag*: Félag sem móðurfélag hefur yfirráð yfir; félag undir yfirráðum dótturfélags telst einnig vera dótturfélag móðurfélagsins.
10. *Eftirlitsstjórnvald*: Aðili sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis fer með eftirlit með váttryggingafélögum og váttryggingastarfsemi, hér á landi Fjármálaeftirlitið.
11. *Endurtryggingafélag*: Váttryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi til endurtryggingastarfsemi í samræmi við 22. gr.
12. *Endurtryggingafélag frá ríki utan aðildarríkja*: Endurtryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru ríki en aðildarríki og sem væri starfsleyfis skylt skv. 22. gr. ef höfuðstöðvar þess væru í aðildarríki.
13. *Endurtryggingastarfsemi*: Starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem váttryggingafélag eða annað endurtryggingafélag hefur látið frá sér. Ef um er að ræða samtök váttryggjenda undir nafninu

- Lloyd's merkir endurtryggingastarfsemi einnig starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem félagi í Lloyd's, váttryggingafélag eða endurtryggingafélag sem hvorugt eru aðilar að Lloyd's hafa látið frá sér.
14. *Félag með sérstakan tilgang*: Félag um starfsemi, hvert svo sem félagaformið er, annað en starfandi váttryggingafélag, sem yfirtekur áhættu frá váttryggingafélögum og tryggir sig alfarið gegn slíkri áhættu með hagnaði af útgáfu skuldabréfa eða með einhverju öðru fjármögnunarfyrirkomulagi þar sem endurgreiðsluréttur þeirra sem keypt hafa skuldabréfin eða tekið þátt í fjármögnun viku fyrir endurtryggingaskuldbindingum félagsins.
 15. *Fjölpættingaráhrif*: Áhrif til að minnka áhættu váttryggingafélaga og samstæðna vegna fjölpættingar í starfsemi. Áhrifin stafa af því að óhagstæð útkoma eins áhættuþáttar mildast af hagstæðari útkomu annars áhættuþáttar, þar sem ekki er full fylgni á milli viðkomandi áhættuþátta.
 16. *Frumtryggingafélag*: Félag sem hefur með höndum þá starfsemi að váttryggja áhættu einstaklinga og lögaðila, aðra en endurtryggingaáhættu og hefur hlotið til þess starfsleyfi í samræmi við 17. gr.
 17. *Frumtryggingafélag frá ríki utan aðildarríkja*: Frumtryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru ríki en aðildarríki sem væri starfsleyfisskilykt skv. 17. gr. ef höfuðstöðvar þess væru í aðildarríki.
 18. *Frumtryggingastarfsemi*: Sú starfsemi að tryggja váttryggingaáhættu annarra en váttryggingafélaga.
 19. *Gistiríki*: Aðildarríki þar sem váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki hefur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar.
 20. *Heimaríki*: Aðildarríki þar sem höfuðstöðvar váttryggingafélags eða annars eftirlitsskylds aðila eru og starfsleyfi er gefið út.
 21. *Hlutdeild*: Eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða eigin fjár félags beint eða með yfirráðarétti.
 22. *Kröfuáhætta (útlánaáhætta, e. credit risk)*: Hætta á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa af sveiflum í láns hæfi útgefanda verðbréfa, mótaðila og annarra sem váttryggingafélög eiga kröfu á. Undir kröfuáhættu fellur mótaðilaáhætta, vikáhætta og samþjöppun markaðsáhættu.
 23. *Landsskrifstofa alþjóðlegra bifreiðatrygginga*: Samtök váttryggingaraðila sem stofnuð eru samkvæmt tilmælum Evrópuráðsins nr. 5 frá 25. janúar 1949 og taka til váttryggingafélaga sem hafa fengið starfsleyfi í viðkomandi ríki til að hafa með höndum váttryggingargreinina „ábyrgðartryggingar ökutækja“.
 24. *Lausafjáráhætta (e. liquidity risk)*: Hætta á að váttryggingafélag hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á.
 25. *Markaðsáhætta (e. market risk)*: Hætta á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eða flökti markaðsvirðis eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga.
 26. *Miðlægur mótaðili (e. qualifying central counterparty)*: Lögaðili sem gengur á milli mótaðila að samningum sem eru með viðskipti á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og verður þar með kaupandi gagnvart seljanda og seljandi gagnvart kaupanda. Viðurkenndur miðlægur mótaðili er aðili sem fengið hefur starfsleyfi eftirlitsstjórnvalds.
 27. *Móðurfélag*: Félag sem hefur yfirráð yfir öðru félagi.
 28. *Náin tengsl*: Þegar tveir eða fleiri aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, tengjast í gegnum yfirráð eða hlutdeild, eða aðstæður þar sem tveir eða fleiri aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eru varanlega tengdir einum og sama aðilanum yfirráðatengslum.
 29. *Rekstraráhætta (e. operational risk)*: Hætta á tapi vegna ófullnægjandi eða gallaðra innri kerfa eða ferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.
 30. *Samþjöppunaráhætta (e. concentration risk)*: Allar áhættuskuldbindingar sem eru nógu stórar til að tap af þeim ógni gjaldþoli eða fjárhagslegri stöðu váttryggingafélags.
 31. *Skipulegur verðbréfamarkaður*: Markaður með fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir. Markaður í ríki utan EES þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. Vera viðurkenndur hér á landi og uppfylla skilyrði laga um kauphallir.
 - b. Fjármálagerningar sem notaðir eru í viðskiptum á markaðnum eru af sambærilegum gæðum og fjármálagerningar á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi.
 32. *Starfsstöð váttryggingafélags*: Höfuðstöðvar eða útibú váttryggingafélags.
 33. *Starfssvið (e. function)*: Framkvæmd tiltekins verkefnis innan stjórnkerfis váttryggingafélags. Í stjórnkerfi felst starfssvið áhættustýringar, regluvörslu, innri endurskoðunar og tryggingastærðfræðings sem teljast lykilstarfssvið.
 34. *Stóráhætta (e. large risk)*: Greinaflokkar váttrygginga er tengjast atvinnurekstri og stærri fyrirtækjum sérstaklega. Greinaflokkar skv. 1. mgr. 20 gr. nr. 4, 5, 6, 7, 11, 12, 14 og 15 teljast stóráhætta. Einnig teljast skaðatryggingar stórfyrirtækja í greinaflokkum 3, 8, 9, 10, 13 og 16 til stóráhættu.

35. *Takmörkuð endurtrygging (e. finite reinsurance)*: Endurtrygging þar sem beint mögulegt hámarkstap, mælt sem yfirfærð fjárhagsleg hámarksáhætta og er leitt af yfirfærslu verulegrar váttryggingaráhættu er tengist bæði váttryggingaraburði og tímasetningu yfirfærslu váttryggingaráhættunnar, er hærra en iðgjaldið á gildistíma samningsins sem svarar til takmarkaðrar en þó verulegrar fjárhæðar, ásamt a.m.k. öðru hvoru eftirfarandi atriða:
- Skýru og efnislegu mati á tímavirði fjárhæða (*e. time value of money*).
 - Samningsbundnum ákvæðum um að ná, til lengri tíma litið, árangri aðila við að ná þeirri yfirfærslu á áhættu sem að er stefnt.
36. *Utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun (ESBAI)*: Fyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu til að framkvæma lánshæfismat eða seðlabanki sem metur lánshæfi og er undanþeginn slíku starfsleyfi.
37. *Útibú*: Umboð váttryggingafélags sem er staðsett í öðru aðildarríki en heimaríki.
38. *Útvistun (e. outsourcing)*: Fyrirkomulag sem komið er á milli váttryggingafélags annars vegar og þjónustuaðila hins vegar, þar sem þjónustuaðilinn framkvæmir verkefni, veitir þjónustu eða stundar tiltekna starfsemi, sem váttryggingafélagið sjálft myndi annars sjá um. Þjónustuaðilinn vinnur verkið sjálfureða með endurútvistun.
39. *Váttryggingaáætta (e. underwriting risk)*: Hættan á tapi eða óhagstæðum breytingum á virði váttryggingaskuldbindinga, vegna ófullnægjandi verðlagningar eða váttryggingaskuldar.
40. *Váttryggingafélag*: Frumtryggingafélag eða endurtryggingafélag.
41. *Váttryggingaskuld*: Skuldbinding váttryggingafélags vegna gerðra váttryggingasamninga.
42. *Viðskipti innan samstæðu*: Hvers konar millifærslur, þar sem váttryggingafélög innan samstæðu eru, beint eða óbeint, um efndir háð öðrum fyrirtækjum innan samstæðunnar eða einstaklingum eða lögaðilum sem mynda nán tengsl við fyrirtæki innan samstæðunnar, hvort sem þær eru samkvæmt samningi eða ekki og hvort sem þær eru gegn greiðslu eða ekki.
43. *Virkur eignarhlutur*: Bein eða óbein eignarhlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti, eða önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.
44. *Yfirráð*: Það teljast yfirráð þegar eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
- Að félag (móðurfélag) ráði yfir meirihluta atkvæða í öðru félagi.
 - Eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að tilnefna eða víkja frá meirihluta stjórnarmanna eða stjórnenda.
 - Eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það.
 - Eigi eignarhluti í öðru félagi og ráði meirihluta í félaginu á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða aðra eignaraðila.
 - Eigi eignarhluti í öðru félagi og hafi ráðandi stöðu í því.
 - Hliðstæð tengsl einstaklinga eða lögaðila við félag sem Fjármálaeftirlitið metur að leiði til raunverulegra áhrifa á starfsemi þess.

Fjárhæðir í evrum sem tilgreindar eru í þessum lögum umreiknast í starfrækslugjaldmiðil váttryggingafélags miðað við sölugengi evru gagnvart umræddum gjaldmiðli í lok dags 31. október næstliðins árs.

Um 6. gr. Greinin byggist á 8.-10. gr. gildandi laga auk nýrra skilgreininga skv. 13. gr. í tilskipun 2009/138/ESB. Ýmis hugtök sem eru þekkt úr reikningsskilum eru skilgreind hér með öðrum hætti þar sem þau þjóna öðrum tilgangi í þessum lögum.

IV. KAFLI.

Starfshættir.

7. gr.

Rekstrarform.

Eftirtalin félög mega reka váttryggingastarfsemi hér á landi:

- Hlutafélög sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 17. gr.
- Váttryggingafélög sem hlotið hafa starfsleyfi í öðru aðildarríki, sbr. 124. og 126. gr.
- Evrópufélög samkvæmt lögum um Evrópufélög sem hlotið hafa starfsleyfi í aðildarríki, sbr. 124. og 126. gr.
- Váttryggingafélög með höfuðstöðvar í öðru ríki en aðildarríki sem fá leyfi til að reka útibú hér á landi, sbr. 131. gr.

Um váttryggingafélög skv. 1. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um hlutafélög og um Evrópufélög skv. 3. tölul. 1. mgr. gilda ákvæði laga um Evrópufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara.

Bundið frum- eða endurtryggingafélag skal vera hlutafélag.

Félög sem stofnuð eru með sérlögum til að reka váttryggingastarfsemi mega reka þessa starfsemi í lögmæltu félagsformi enda búi þau við sömu rekstrarskilyrði og önnur félög og uppfylli ákvæði II. kafla.

Um 7. gr. Greinin kveður á um að félagsform váttryggingafélags sem fær starfsleyfi gefið út á Íslandi skuli vera hlutafélag eða Evrópufélag. Í ljósi félagslegs mikilvægis váttryggingastarfsemi eru þau félagsform talin heppilegri en önnur félagsform sem henta frekar minni félögum. Takmörkun á því hvernig félagsform váttryggingafélags getur verið hefur verið í lögum í áratugi. Greinin er í samræmi við 17. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

8. gr.

Takmörkun á milligöngu vegna frumtryggingastarfsemi.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því að áhætta sem er hér á landi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr., sé frumtryggð annars staðar en hjá váttryggingafélagi sem hefur hlotið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins eða starfsleyfi í öðru aðildarríki.

Um 8. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 5. gr. gildandi laga. Greinin leggur bann við því að önnur fyrirtæki en þau sem mega stunda váttryggingastarfsemi hér á landi bjóði neytendum hér á landi váttryggingaþjónustu hvort sem er beint eða í gegnum milliliði. Ákvæðið hefur ekki áhrif á starfsemi váttryggingamiðlara og sjálfstæðra sölumanna og kemur ekki í veg fyrir að fyrirtæki í öðrum greinum bjóði váttryggingar tengdar starfsemi sinni enda sé váttryggingaáhættan borin af félagi sem má reka váttryggingastarfsemi.

9. gr.

Kröfur um góða viðskiptahætti.

Váttryggingastarfsemi og heimil hliðarstarfsemi skv. 5. gr. laganna skal rekin í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi sé ekki í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur það gefið fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskæðis hefur farið.

Váttryggingafélag skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skal váttryggingafélagið m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu félagsins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Váttryggingafélag skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga 5% eða stærri hlut í félaginu.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljast eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir í váttryggingaviðskiptum.

Um 9. gr. Greinin er nær samhljóða 6. gr. gildandi laga að undanskilinni 2. másl. sem er nú í XXV. kafla um viðurlög. Orðalag 5. mgr. er breytt frá gildandi lögum.

10. gr.

Eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingafélaga.

Fjármálaeftirlitið skal, eftir því sem kostur er, fylgjast með váttryggingaskilmálum sem í boði eru hér á landi og gæta þess að þeir séu í samræmi við lög og heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Telji Fjármálaeftirlitið að svo sé ekki skal það gera kröfu um að slíkum ákvæðum verði breytt eða þau verði afnumin.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingafélaga sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi, sölustarfsemi þeirra og tjónsuppgjöri. Fjármálaeftirlitið skal gera þær kannanir sem það telur nauðsynlegar vegna þess hjá váttryggingafélögum.

10. gr. Greinin er samhljóða 1. og 2. másl. 1. mgr. og 1. og 2. másl. 3. mgr. 65. gr. gildandi laga.

11. gr.

Kynningarstarfsemi.

Einungis váttryggingafélagi með starfsleyfi er heimilt að bera heiti sem bendir til eða gefur í skyn að þar sé rekin váttryggingastarfsemi og láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja má á þann veg að félagið reki váttryggingastarfsemi.

Nafn váttryggingafélags skal koma skýrt fram í öllu útsendu efni þess, þ. á m. váttryggingaskilmálum, váttryggingabeidnum, auglýsingum og öðru markaðsefni.

Öll kynning og markaðssetning váttryggingafélags hér á landi skal vera óheimil öðrum en þeim sem hafa leyfi til að stunda váttryggingastarfsemi hér á landi.

Einungis váttryggingafélögum sem hafa starfsleyfi hér á landi er heimilt að selja lögbundnar tryggingar.

Um 11. gr. Markmið með 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er að önnur félög en váttryggingafélög gefi ekki í skyn, í nafni sínu eða á annan hátt, að þau séu með starfsleyfi sem váttryggingafélög. Einnig er gerð sú krafa að nafn váttryggjandans komi ávallt skýrt fram til þess að neytandi hafi vitneskju um hvaða váttryggingafélag er um að ræða. Ákvæði 3. og 4. mgr. voru lögfest í gildandi lög breytingalögum 2014 og var tilgangurinn með þeim að banna váttryggingafélögum sem ekki eru með starfsleyfi hér á landi að markaðssetja sig hér á landi. Hægt er að kaupa frjálsar váttryggingar hjá þessum félögum en sé váttryggingafélag með virka markaðsherferð getur það það jafngilt því að það stundi váttryggingastarfsemi hér á landi án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Bann við því að váttryggingafélag sem ekki hefur starfsleyfi hér á landi geti selt lögbundnar tryggingar helgast af því að lögbundnar tryggingar eru gjarnan til verndar þriðja aðila í tilfellum þegar váttryggingartaki ber ábyrgð á tjóni. Hér má nefna ökutækjatrýggingar og ýmiss konar starfsábyrgðartryggingar. Váttryggingarvernd þriðja aðila kynni að fara fyrir lítið ef hann þyrfti að sækja rétt sinn til bóta til annars lands og jafnvel stefna váttryggingafélagi í öðru ríki.

V. KAFLI.

Stofnun váttryggingafélags.

12. gr.

Stofnun váttryggingafélags.

Að öðru leyti en greinir í þessum kafla gilda ákvæði II. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, um stofnun váttryggingafélags.

Um 12. gr. Greinin er samhljóða 14. gr. gildandi laga.

13. gr.

Stofnsamningur.

Í stofnsamningi váttryggingafélags skal eftirfarandi koma fram auk þess sem áskilið er í lögum um hlutafélög:

1. Hvort gert skuli samkomulag við stofnendur eða aðra sem hefur í för með sér verulegar fjárskuldbindingar fyrir félagið.
2. Hvort félagið skuli bera kostnað við stofnunina og, ef svo er, hversu hár sá kostnaður megi vera. Kostnaður þessi má ekki fara yfir 5% af skráðu hlutafé þegar frá eru talin opinber útgjöld og kostnaður við matsgerð, sbr. 14. gr. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar. Ekki má greiða stofnendum þóknun vegna stofnunarinnar.

Sé stofnað til félagsins með það fyrir augum að yfirtaka váttryggingastarfsemi eða váttryggingastofn annars váttryggingafélags skal þess getið í stofnsamningi og það tekið fram hvort samningsdrög um yfirfærslu váttryggingastofns hafi verið gerð og umfjöllun Fjármálaeftirlitsins liggi fyrir, sbr. 34.-36. gr.

Skjöl, sem hafa að geyma mikilvæg efnisatriði sem ekki koma fram í stofnsamningi, skulu fest við hann og teljast hluti stofnsamningsins.

Um 13. gr. Greinin er efnislega samhljóða 15. gr. gildandi laga en lagt er til að taka út ákvæði um stofnsamninga þar sem slík ákvæði koma fram í lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

14. gr.

Greiðsla hlutafjár.

Hlutir skulu greiddir í reiðufé.

Fjármálaeftirlitið getur veitt heimild til að greiðsla fari fram með öðrum hætti, enda liggi fyrir matsgerð sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Telji Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að verðmæti framlaga hafi breyst frá því að matsgerð var framkvæmd og stofnfundur er haldinn getur það krafist yfirlýsingar matsmanna um verðmæti eða nýja matsgerð.

Um 14. gr. Greinin er samhljóða 16. gr. gildandi laga.

15. gr.

Samþykktir váttryggingafélags.

Auk þeirra ákvæða sem lög um hlutafélög gera ráð fyrir um samþykktir hlutafélags skulu eftirtalin atriði koma fram í samþykktum váttryggingafélags:

1. Ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skal halla.
2. Úthlutun arðs.

Um 15. gr. Greinin er samhljóða 17. gr. gildandi laga að því undanskildu að ákvæði 3. töluliðar um hvernig ráðstafa megi eignum félagins og hvernig fara skuli með eignir þess við félagsslit hafa verið felld niður þar sem fjallað er um slit í XXIV. kafla.

16. gr.

Breytingar á samþykktum.

Breytingar á samþykktum váttryggingafélags ber að senda Fjármálaeftirlitinu innan viku frá samþykkt þeirra. Hafi Fjármálaeftirlitið athugasemdir skulu þær gerðar innan tveggja mánaða.

Um 16. gr. Greinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 28. gr. gildandi laga .

VI. KAFLI.

Starfsleyfi.

17. gr.

Starfsleyfisveitandi.

Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Váttryggingafélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar það hefur fengið starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld í viðkomandi aðildarríki við mat á umsókn um starfsleyfi váttryggingafélags sem er:

1. Dótturfélag fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki.
2. Dótturfélag móðurfélags fjármálafyrirtækis eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki.
3. Undir yferráðum aðila, einstaklings eða lögaðila, sem hefur ráðandi stöðu í fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélagi í öðru aðildarríki.

Samráð skv. 2. mgr. skal sérstaklega haft um hæfi hluthafa og stjórnenda, sbr. 61. og 3. mgr. 40. gr. Jafnframt skal hafa samráð um eftirlit með því að starfsskilyrði séu uppfyllt.

Um 17. gr. 1.-3. mgr. eru efnislega samhljóða 18. gr. gildandi laga. Ákvæði 1. mgr. tilgreinir hvaða aðilar þurfa að sækja um starfsleyfi og er í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. 2.-4. mgr. er í samræmi við 26. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem fjallar um samráð við önnur eftirlitsstjórnvöld.

18. gr.

Skilyrði fyrir starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Váttryggingafélag skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að fá útgefið starfsleyfi:

1. Tilgangur þess skal takmarkaður við váttryggingastarfsemi.
2. Áætlun um starfsemi þess skv. 24. gr. skal liggja fyrir.
3. Viðurkenndir gjaldþolsliðir til að mæta neðstu mörkum lágmarksfjármagns skv. 76. gr. skulu vera til staðar.
4. Gögn skulu staðfesta að það sé með hæfa gjaldþolsliði til að hafa stöðuga gjaldþolskröfu skv. 62. gr. og stöðugt lágmarksfjármagn skv. 111. gr. svo og gögn um að það sé með stjórnkerfi sem uppfyllir kröfur skv. V. kafla.
5. Upplýsingar skulu liggja fyrir um nöfn og heimilisföng allra tjónauppgjörfulltrúa ef sótt er um leyfi til starfsemi í ábyrgðartryggingum ökutækja skv. 10. tl. 1. mgr. 20. gr. í öðrum aðildarríkjum.

Eftirfarandi gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn:

1. Heiti félagsins.
2. Staðfest endurrit stofnsamnings og fundargerðar stofnfundar úr fundargerðabók.
3. Skrá yfir stofnendur og hlutafé og staðfesting á því að það sé innborgað, hverjir eigi virkan eignarhlut í félaginu og hve mikinn og greinargerð um önnur náin tengsl félagsins.
4. Drög að samþykktum.
5. Greinaflokkar váttrygginga eða váttryggingagreinar sem sótt er um leyfi fyrir, sbr. 20.-22. gr. ef um fyrirhugaða endurtryggingastarfsemi er að ræða.

Ákvæði greinar þessarar eiga við um umsókn um starfsleyfi félags með sérstakan tilgang, umsókn um starfsleyfi í endurtryggingum og umsókn um starfsleyfi í takmörkuðum endurtryggingum, eftir því sem við getur átt.

Um 18. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 19. gr. gildandi laga en auk þess er ákvæðið í samræmi við 1. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem kveður á um skilyrði þess að váttryggingafélag geti fengið útgefið starfsleyfi. Meiri kröfur eru gerðar til gjalþols váttryggingafélags til að það geti fengið útgefið starfsleyfi skv. frumvarpi þessu.

19. gr.

Starfsleyfi félags með sérstakan tilgang.

Félag með sérstakan tilgang getur starfað hér á landi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði 18. gr., enda uppfylli slíkt félag skilyrði í reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerð sem ráðherra setur skulu koma fram ákvæði um:

1. Gildissvið starfsleyfis.
2. Lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum.
3. Hæfi þeirra sem reka félag með sérstakan tilgang.
4. Kröfur um hæfi hluthafa eða virkra eigenda.
5. Stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, kerfi fyrir innra eftirlit og kröfur um áhættustýringu.
6. Reikningsskil, varfærni og tölulegar upplýsingar.
7. Gjaldþolskröfur.

Um 19. gr. Greinin er efnislega sambærileg 20. gr. gildandi laga að því undanskyldu að til samræmis við 211. gr. tilskipunar 2009/138/ESB er í stað reglna Fjármálaeftirlitsins kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem fram koma skilyrði fyrir starfsleyfi félaga með sérstakan tilgang. Í 211. gr. kemur fram að ákvæði þessarar greinar skuli koma fram í reglugerð.

20. gr.

Starfsleyfi í skaðatryggingum.

Starfsleyfi í skaðatryggingum er bundið við tiltekna greinaflokka váttrygginga eða váttryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Slysatriggingar (slys, vinnuslys, atvinnusjúkdómar):
 - a. Bætur með föstum fjárhæðum.
 - b. Bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
 - c. Bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
 - d. Slys á farþegum.
2. Sjúkratriggingar (veikindi, heilsutjón):
 - a. Bætur með föstum fjárhæðum.
 - b. Bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
 - c. Bætur með föstum fjárhæðum/bætur eftir mati á afleiðingum tjóns.
3. Húftryggingar ökutækja. Eignatjón, þ.m.t. altjón á:
 - a. Vélknúnum ökutækjum á landi öðrum en járnbrautum.
 - b. Ökutækjum til notkunar á landi öðrum en vélknúnum ökutækjum.
4. Járnbrautatriggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón á járnbrautarvögnum.
5. Húftryggingar loftfara. Eignatjón, þ.m.t. altjón á loftförum.
6. Húftryggingar skipa og báta. Eignatjón, þ.m.t. altjón á:
 - a. Sjóskipum.
 - b. Vatnabátum.
 - c. Vljóta- og síkjabátum.

7. Flutningatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón á vörum og farangri í flutningi án tillits til þess hvernig flutt er.
8. Eignatryggingar (bruni og náttúruöfl). Eignatjón, þ.m.t. altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki vegna:
 - a. Elds.
 - b. Sprengingar.
 - c. Óveðurs.
 - d. Náttúruafla annarra en óveðurs.
 - e. Kjarnorku.
 - f. Landsigs.
9. Aðrar eignatryggingar. Eignatjón, þ.m.t. altjón, annað en skv. 3., 4., 5., 6. og 7. flokki og ekki talið í 8. flokki, þ.m.t. vegna hagls, frosts og atburða svo sem þjófnaðar o.fl.
10. Ábyrgðartryggingar ökutækja. Ábyrgð vegna notkunar ökutækja, þ.m.t. ábyrgð flutningsaðila.
11. Ábyrgðartryggingar loftfara. Ábyrgð vegna notkunar loftfara, þ.m.t. ábyrgð flutningsaðila.
12. Ábyrgðartryggingar skipa og báta. Ábyrgð vegna notkunar á sjó, vötnum, fljótum og síkjum, þ.m.t. ábyrgð stjórnanda.
13. Almennar ábyrgðartryggingar. Hvers konar ábyrgð önnur en skv. 10., 11. og 12. flokki.
14. Greiðsluvátryggingar:
 - a. almenn gjaldþrot.
 - b. Útflutningslán.
 - c. Afborgunarskilmálar.
 - d. Veð.
 - e. Landbúnaðarlán.
15. Efnðavátryggingar:
 - a. Beinar efnðir.
 - b. Óbeinar efnðir.
16. Fjárhagslegar vátryggingar (fjárhagslegt tap):
 - a. Atvinnuleysi.
 - b. Tekjutap (almennt).
 - c. Óveður.
 - d. Ábatamissir.
 - e. Viðvarandi útgjöld vegna almenns kostnaðar.
 - f. Ófyrirsjáanleg viðskiptaútgjöld.
 - g. Tap á markaðsverði.
 - h. Tap á leigu eða hliðstæðum tekjum.
 - i. Annað óbeint tap á viðskiptum.
 - j. Fjárhagslegt tap, annað en í viðskiptum.
 - k. Aðrar tegundir fjárhagslegs taps.
17. Réttaraðstoðartryggingar. Réttaraðstoð og kostnaður við málarekstur.
18. Ferðamannaáðstoð. Áðstoð til handa þeim sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi fjarri heimili sínu eða föstu aðsetri.

Áhættu sem innifalin er í tilteknum greinaflokki má ekki innifela í öðrum greinaflokki nema í tilvikum er segir í 3. mgr.

Veita má starfsleyfi sameiginlega fyrir eftirtalda greinaflokka skaðatrygginga, sbr. 1. mgr.:

1. Slys- og sjúkratryggingar skv. 1. og 2. tölul.
2. Ökutækja- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 3., 7. og 10. tölul.
3. Sjó- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 4., 6., 7. og 12. tölul.
4. Flug- og farmtryggingar skv. d-lið 1. tölul., 5., 7. og 11. tölul.
5. Eignatryggingar skv. 8. og 9. tölul.
6. Ábyrgðartryggingar skv. 10., 11., 12. og 13. tölul.
7. Greiðslu- og efnðavátryggingar skv. 14. og 15. tölul.
8. Frumtryggingar skv. 1.–18. tölul.

Vátryggingafélag sem fær starfsleyfi í greinaflokkum frumtrygginga skv. 1. og 2. mgr. (aðaláhætta) má innifela hliðargrein (aukaáhættu) án sérstaks leyfis þegar:

1. Aukaáhættan er í tengslum við aðaláhættu.
2. Aukaáhættan tengist þeim verðmætum sem vátryggð eru sem aðaláhætta.
3. Aukaáhættan er vátryggð samkvæmt vátryggingarsamningi um aðaláhættu.

Ekki er heimilt að telja áhættu í greinaflokkum skv. 14., 15. og 17. tölul. 1. mgr. sem hliðargrein í öðrum greinaflokkum að því undanskildu að telja má áhættu í greinaflokki skv. 17. tölul. sem hliðargrein í greinaflokki skv. 18. tölul. þegar skilyrði 1. tölul. eru uppfyllt og aðaláhættan tengist einvörðungu aðstoð sem veitt er einstaklingum sem lenda í erfiðleikum á ferðalagi að heiman eða fjarri föstu aðsetri. Greinaflokkur skv. 17. tölul. má vera hliðargrein þegar áhættan eða ágreiningurinn tengist notkun skipa og báta.

Kveða skal á um hvernig tryggja skuli hagsmuni váttryggingartaka í ágreiningsmáli við váttryggingafélagið sjálft í reglugerð um réttaráðstoðarváttryggingar.

Um 20. gr. Greinin er samhljóða 21. gr. gildandi laga.

21. gr.

Starfsleyfi í líf- og heilsutryggingum.

Starfsleyfi í líftryggingum og heilsutryggingum afmarkast við tiltekna greinaflokka frumtrygginga eða váttryggingagreinar innan þeirra samkvæmt eftirfarandi skrá:

1. Áhættu- og söfnunarlíftryggingar án fjárfestingaráhættu:
 - a. Greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri.
 - b. greiðslur við andlát.
 - c. Greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr.
 - d. Líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda.
 - e. Lífeyrisgreiðslur.
 - f. Viðbótargreiðslur við líkamstjón, þar á meðal við starfsorkumissi.
 - g. Viðbótargreiðslur við andlát vegna slyss.
 - h. Viðbótargreiðslur við örorku vegna slyss eða sjúkdóms.
2. Hjóna- og barnalíftryggingar:
 - a. Líftryggingar tengdar stofnun hjúskapar.
 - b. Líftryggingar barna tengdar fæðingu.
3. Áhættu- og söfnunarlíftryggingar með fjárfestingaráhættu:
 - a. Greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri.
 - b. Greiðslur við andlát.
 - c. Greiðslur í lifanda lífi frá tilteknum aldri eða við andlát fyrr.
 - d. Líftryggingar með endurgreiðslu iðgjalda.
 - e. Lífeyrisgreiðslur.
4. Varanlegar heilsutryggingar án uppsagnarréttar.
5. Aðrar líftryggingar með innifalda áhættu á grundvelli ævilengdar.

Um 21. gr. Greinin er samhljóða 22. gr. gildandi laga.

22. gr.

Starfsleyfi í endurtryggingum.

Starfsleyfi í endurtryggingum, sbr. ákvæði 18. gr., er veitt vegna starfsemi í endurtryggingum skaðatrygginga, endurtryggingum líftrygginga eða hvers konar endurtryggingum samkvæmt umsókn.

Um 22. gr. Greinin er samhljóða 23. gr. gildandi laga.

23. gr.

Starfsemi í takmörkuðum endurtryggingum.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um starfsemi í takmörkuðum endurtryggingum, sbr. ákvæði 18. gr. Í reglunum skal kveðið á um hvernig váttryggingafélag með slíka starfsemi geti með viðeigandi hætti greint, mælt, stjórnað, takmarkað og skrásett þá áhættu sem fylgir slíkri starfsemi.

Váttryggingafélag sem gerir samning um takmarkaðar endurtryggingar skal með viðeigandi hætti greina, mæla, stjórna, takmarka og skrásetja þá áhættu sem fylgir slíkum samningi.

Um 23. gr. Ákvæðið er byggist á 24. gr. gildandi laga en breytingar hafa verið gerðar á ákvæðinu með hliðsjón af ákvæðum 210. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Reglur þessar hafa ekki verið settar þar sem ekki hefur verið nein starfsemi í takmörkuðum endurtryggingum hér á landi.

24. gr.

Áætlun um starfsemi váttryggingafélags.

Í áætlun um fyrirhugaða starfsemi, sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi, skal eftirfarandi koma fram:

1. Skýrsla um endurtryggingarvernd og hámark þess sem félagið hyggst bera í eigin áhættu í hverjum greinaflokki váttrygginga.
2. Eignir sem eiga að vera til staðar í félaginu til þess að kröfur um neðstu mörk lágmarksfjármagns skv. 112. gr. séu uppfylltar.
3. Rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði.
4. Áætluð staða félagsins samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu reikningsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld.
5. Áætlun um hvernig félagið hyggst uppfylla gjaldþolskröfu fyrstu þrjú heilu reikningsárin. Fram skal koma með hvaða reikniaðferð mat á gjaldþolskröfu er áætlað.
6. Áætlun um hvernig félagið hyggst uppfylla lágmarksfjármagn fyrstu þrjú heilu reikningsárin. Fram skal koma með hvaða aðferð mat á lágmarksfjármagni er áætlað.
7. Sýnt sé fram á að félagið uppfylli kröfur um stjórnarhætti skv. VIII. kafla.

Í áætlun skaðatryggingafélaga til næstu þriggja ára skal koma fram mat á rekstrarkostnaði og umboðslaunum og mat á iðgjöldum og tjónum.

Í áætlun líftryggingafélaga til næstu þriggja ára skal koma fram áætlun um tekjur og útgjöld vegna frumtryggingar og keyptrar og seldrar endurtryggingar.

Sé sótt um leyfi fyrir greiðsluváttryggingum skv. 14. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal auk gagna skv. 1. mgr. gera sérstaka grein fyrir því eftir hvaða reglum óuppgerðar skuldbindingar félagsins vegna váttryggingarsamninga í greiðsluváttryggingum, váttryggingaskuld, skuli metnar og þeim eignum sem ætlað er að mæta þeim.

Sé sótt um leyfi fyrir ferðamannaaðstoð skv. 18. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal auk gagna skv. 1. mgr. gera grein fyrir þeim úrræðum sem félagið býr yfir til að veita þá þjónustu sem lofað er.

Um 24. gr. Greinin er efnislega samhljóða 25. gr. gildandi laga en breytingar hafa verið gerðar á henni með hliðsjón af ákvæðum 23. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Greinin felur í sér auknar kröfur til áætlunar sem fylgja skal umsókn um starfsleyfi en meðal nýmæla er krafa um að sýnt sé fram á að félagið uppfylli kröfur um stjórnarhætti, sbr. VIII. kafla.

25. gr.

Veiting starfsleyfis.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Í starfsleyfi skulu koma fram upplýsingar um þá váttryggingastarfsemi sem félagið má reka.

Veita má starfsleyfi fyrir einstaka greinaflokka frumtrygginga skv. 20. eða 21. gr. eða einstakar váttryggingagreinar innan þeirra, eða fyrir greinaflokka sameiginlega skv. 2. mgr. 20. gr. Starfsleyfi veitt í tilteknum greinaflokki frumtrygginga gildir einnig fyrir hliðargreinar í öðrum flokki ef skilyrði skv. 3. mgr. 20. gr. eru uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi váttryggingafélaga opinberlega.

Sé umsókn dótturfélags, sem beint eða óbeint er í eigu aðila með aðsetur utan aðildarríkja, til umfjöllunar hjá Fjármálaeftirlitinu getur það tekið sér lengri frest en tiltekinn er í 1. mgr.

Um 25. gr. Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. gildandi laga.

26. gr.

Synjun starfsleyfis.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um starfsleyfi.

Telji Fjármálaeftirlitið að skorti á hæfi stjórnar eða forstjóra til að reka félagið eða að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur þess svo að viðhlítandi sé eða hafi störf þeirra verið með þeim hætti að ætla megi að svo verði ekki má synja um starfsleyfi. Sama gildir teljist eigendur virkra eignarhluta í félaginu ekki geta tryggt á viðhlítandi hátt heilbrigðan og traustan rekstur. Ef félag er í nánnum tengslum við aðra aðila skal einungis veita starfsleyfi ef þau tengsl hindra ekki eftirlit með starfsemi félagsins. Ef löggjöf ríkis utan aðildarríkja gildir um þá aðila sem váttryggingafélagið er í nánnum tengslum við og hindrar eftirlit með starfsemi félagsins skal synja um starfsleyfi, svo og ef líklegt er að vandkvæði við framkvæmd þeirrar löggjafar geri eftirlit torvelt. Ef raunverulegar höfuðstöðvar félagsins eru ekki hér á landi skal synja um starfsleyfi.

Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan sex mánaða frá móttöku fullnægjandi umsóknar skv. 18. gr.

Um 26. gr. Greinin er nánast samhljóða 27. gr nógildandi laga og er í samræmi við ákvæði 25. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um synjun starfsleyfis. Vakin er athygli á að tilkynning um synjun starfsleyfis skal berast umsækjanda innan 6 mánaða frá móttöku fullnægjandi umsóknar og hefur fresturinn verið lengdur úr 3 mánuðum í samræmi við tilskipunina.

27. gr.

Nýir greinaflokkar.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og hyggst taka upp nýjan greinaflokk vátrygginga eða vátryggingagrein eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi og senda gögn eins og við á skv. 18.–22. gr. og sem nauðsynleg eru til að það geti metið umsóknina.

Uppfylli félagið skilyrði um gjaldþolskröfu XVI. kafla og lágmarksfjármagn skv. 112. gr. að teknu tilliti til hinnar nýju starfsemi og sé að öðru leyti fallist á umsóknina veitir Fjármálaeftirlitið leyfi fyrir nýju starfseminni.

Vátryggingafélag með starfsemi í líftryggingum sem hyggst taka upp greinaflokka skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal, auk áætlunar um starfsemi skv. 24. gr., sýna fram á:

1. Að skilyrði um neðstu mörk lágmarksfjármagns líftryggingafélaga og skaðatryggingafélaga séu uppfyllt, skv. 112. gr.
2. Að til staðar séu viðurkenndir gjaldþolsliðir til að mæta lágmarksfjármagni líftryggingafélaga og skaðatryggingafélaga, skv. 73. gr.

Vátryggingafélag með starfsemi í greinaflokkum skaðatrygginga skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 20. gr. sem hyggst taka upp starfsemi í líftryggingum skal að auki sýna fram á eftirfarandi:

1. Að skilyrði 112. gr. um neðstu mörk lágmarksfjármagns líftryggingafélaga og skaðatryggingafélaga séu uppfyllt.
2. Að til staðar séu viðurkenndir gjaldþolsliðir til að mæta ígildi lágmarksfjármagns líftryggingafélaga og skaðatryggingafélaga, skv. 73. gr.

Um 27. gr. Greinin er byggð á 28. gr. gildandi laga og er að auki í samræmi við 2.-4. mgr. 18. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem fjallar um skilyrði starfsleyfis vátryggingafélaga sem hyggjast útvíkka starfsleyfi sitt.

28. gr.

Höfuðstöðvar.

Vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi skv. 25. gr., skal hafa höfuðstöðvar hér á landi.

Um 28. gr. Greinin er efnislega samhljóða 29. gr. gildandi laga og er í samræmi við 20. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

VII. KAFLI.

Eftirlit.

29. gr.

Eftirlitsferlið.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með vátryggingafélögum með höfuðstöðvar hér á landi og útibúum erlendra vátryggingafélaga hér á landi samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi sem fellur undir lög þessi sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíki starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru þjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Fjármálaeftirlitið metur hæfi vátryggingafélagsins til að bregðast við atburðum og breytingum á efnahagslegu ástandi sem geta haft óhagstæðar afleiðingar á heildarfjárhagslega stöðu þeirra og er heimilt að þróa aðferðir til að nota við matið.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að vátryggingafélög geri sjálf hliðstætt mat og metur þær aðferðir og það verklag sem vátryggingafélögin nota til þess.

Fjármálaeftirlitið fylgist með og metur stefnumótun, ferla og verklag við skýrslugjöf sem váttryggingafélög nota til að fara að lögum þessum, reglugerðum og reglum sem af þeim leiða.

Fjármálaeftirlitið skal sér í lagi meta og hafa eftirlit með hvernig váttryggingafélög uppfylla:

1. Kröfur til stjórnarháttá, þar á meðal eigin áhættu- og gjaldþolsmat skv. VIII. kafla.
2. Kröfur til váttryggingaskuldar skv. XIV. kafla.
3. Kröfur til gjaldþols skv. XV. og XVI. kafla.
4. Reglur um fjárfestingar, skv. XVIII. kafla.
5. Gæði og fjárhæð gjaldþolsliða, skv. XV. kafla.
6. Hvernig kröfur XVI. kafla eru uppfylltar með viðvarandi hætti þegar váttryggingafélag notar eigið alhliða líkan eða hlutalíkan.

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlitsúrræði sem gerir því kleift að greina versnandi fjárhagslega stöðu hjá váttryggingafélagi og fylgjast með að bætt sé úr þeirri stöðu.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að váttryggingafélög bæti úr veikleikum eða annmörkum sem koma í ljós í eftirliti þess.

Eftirlit og mat skv. þessari grein skal framkvæmt með reglubundnum hætti. Fjármálaeftirlitið skal ákvarða lágmarkstíðni slíks eftirlits og mats þar sem tekið er tillit til eðlis, stærðar og margbreytileika starfsemi viðkomandi váttryggingafélags.

Um 29. gr. 1. og 2. mgr. eru samhljóða 62. gr. gildandi laga. 3. og 4. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 34. og 36. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir að Fjármálaeftirlitið skuli meta hvernig váttryggingafélög geti brugðist við atburðum og breytingum á efnahagslegu ástandi sem geta haft neikvæðar afleiðingar fyrir þau og hafi til þess heimild til að búa til sérstakt verklag. Fjármálaeftirlitið getur einnig sett slíkt mat í hendurnar á váttryggingafélagunum og metið verklag þeirra. 5.-9. mgr. er í samræmi við 36. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem meðal annars kveður á um hvað það er sem Fjármálaeftirlitið skuli sér í lagi einbeita sér að við eftirlit og að það skuli hafa tiltæk eftirlitsúrræði til að greina versnandi fjárhagslega stöðu váttryggingafélaga. Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið geti gert þá kröfu að váttryggingafélög bæti úr þeim annmörkum sem í ljós koma við eftirlit þess.

30. gr.

Gagnsæi og birting upplýsinga.

Fjármálaeftirlitið skal haga störfum sínum á gagnsæjan og ábyrgan hátt að virtri þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar.

Fjármálaeftirlitið skal hafa hafa eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu sinni:

1. Lög, reglugerðir, reglur og leiðbeinandi tilmæli sem varða váttryggingarstarfsemi.
2. Viðmið og matsaðferðir sem lögð eru til grundvallar við mat Fjármálaeftirlitsins, þ.m.t. mat skv. 3. mgr. 29. gr.
3. Samantekt um framkvæmd laga þessarar.
4. Markmið eftirlits með váttryggingamarkaði ásamt tilgangi og starfsemi eftirlitsins.

Framsetning upplýsinga skal vera með þeim hætti að hægt sé að gera samanburð við framkvæmd eftirlitsstofnana annarra aðildarríkja.

Ráðherra skal setja reglugerð um það hvernig upplýsingar skv. þessari grein skulu byggðar upp sem og form, uppbyggingu, efnisyfirlit og dagsetningar á birtingu gagna.

Um 30. gr. Ákvæðið er í samræmi við 31. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og leggur þá skyldur á Fjármálaeftirlitið að hafa aðgengilegar tiltekna upplýsingar á heimasíðu sinni. Sérstaklega er mikilvægt að allt lagaumhverfi váttryggingarstarfsemi sé aðgengilegt á einum stað. Þá er einnig lagt til að aðferðir sem Fjármálaeftirlitið notar til að meta hæfi váttryggingafélags til að bregðast við atburðum og breytingum á efnahagslegu ástandi sem geta haft óhagstæðar afleiðingar á heildarfjárhagslega stöðu þeirra séu birtar á heimasíðu enda mikilvægt að upplýst sé hvernig það mat er framkvæmt.

31. gr.

Gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.

Váttryggingafélag skal afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru í eftirliti samkvæmt lögum þessum og eru notuð í eftirlitsferlinu skv. 29. gr.:

1. Gögn um mat á stjórnkerfi váttryggingafélags, starfsemina, matsreglur, áhættu sem váttryggingafélagið stendur frammi fyrir, áhættustýringu og uppbyggingu eiginfjár, eiginfjárþörf og eiginfjárstýringu.

2. Gögn sem Fjármálaeftirlitið notar til eftirlits og starfa samkvæmt lögum þessum.
3. Gögn um starfsemi í öðrum aðildarríkjum.

Vátryggingafélag skal búa yfir kerfi og skipulagi til þess að það geti uppfyllt kröfur um gagnaskil samkvæmt þessari grein ásamt skriflegri stefnu, staðfestri af stjórn, sem tryggir að gögn sem skila skal til Fjármálaeftirlitsins séu fullnægjandi.

Að undanskildum ákvæðum 2. mgr. 112. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að veita vátryggingafélagi undanþágu frá gagnaskilum sem eru oftast en árlega, þegar skil á slíkum upplýsingum eru of íþyngjandi að teknu tilliti til eðlis, stærðar og margbreytileika áhættu í starfsemi félagsins og upplýsingunum er skilað að minnsta kosti árlega.

Sé vátryggingafélag hluti af samstæðu er eingöngu heimilt að veita því undanþágu skv. 3. mgr. ef það getur sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að aukin tíðni reglulegra gagnaskila sé óþörf, að teknu tilliti til eðlis, stærðar og margbreytileika áhættu í starfsemi samstæðunnar.

Undanþágu skv. 3. og 4. mgr. er eingöngu heimilt að veita vátryggingafélögum sem samanlagt eru með undir 20% markaðshlutdeild í skaðatryggingum, reiknað á grundvelli bókfærðra iðgjalda og í líftryggingum reiknað á grundvelli vátryggingaskuldar. Við ákvörðun um undanþágu skulu smæstu vátryggingafélögin njóta forgangs.

Fjármálaeftirlitið getur gefið undanþágu frá reglulegum gagnaskilum eða undanskilið vátryggingafélag frá því að skila lista yfir eignir þegar:

1. Skil á slíkum upplýsingum eru of íþyngjandi að teknu tilliti til eðlis, stærðar og margbreytileika áhættu í starfsemi félagsins.
2. Skil á slíkum upplýsingum eru ekki nauðsynleg fyrir skilvirkt eftirlit með vátryggingafélaginu.
3. Undanþágan grefur ekki undan fjármálastöðugleika.
4. Vátryggingafélagið getur skilað slíkum upplýsingum þegar um er beðið.

Sé vátryggingafélag hluti af samstæðu er eingöngu heimilt að veita því undanþágu skv. 3. mgr. ef það getur sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að ekki sé þörf á aukinni tíðni reglulegra gagnaskila, að teknu tilliti til eðlis, stærðar og margbreytileika áhættu í starfsemi samstæðunnar.

Undanþágu skv. 6. og 7. mgr. skal einungis veita vátryggingafélögum sem samanlagt eru með undir 20% markaðshlutdeild í skaðatryggingum, reiknað á grundvelli bókfærðra iðgjalda og í líftryggingum reiknað á grundvelli vátryggingaskuldar. Við ákvörðun um undanþágu skulu smæstu vátryggingafélögin njóta forgangs.

Við ákvörðun um hvort veita beri áðurnefndar undanþágur með hliðsjón af eðli, stærð og margbreytileika í starfsemi vátryggingafélags skal Fjármálaeftirlitið í eftirlitsferlinu meðal annars taka mið af:

1. Umfangi iðgjalda, vátryggingaskuldar og eigna vátryggingafélagsins.
2. Óstöðugleika í fjárhæðum tjóna og líftryggingabóta.
3. Markaðsáhættunni sem felst í fjárfestingum vátryggingafélagsins.
4. Umfangi samþjöppunaráhættu.
5. Fjölda vátryggingagreina þar sem vátryggingafélagið hefur starfsleyfi.
6. Mögulegum áhrifum fjárfestinga vátryggingafélagsins á fjármálastöðugleika.
7. Kerfi, uppbyggingu og stefnu vátryggingafélagsins skv. 2. mgr.
8. Stjórnkerfi vátryggingafélagsins.
9. Fjárhæð gjaldþolsliða til að mæta gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni.
10. Hvort vátryggingafélagið sé bundið vátryggingafélag sem eingöngu vátryggir áhættu sem tengist fyrirtækinu sem það tilheyrir.

Ráðherra setur reglugerð sem tilgreinir nánar gögn samkvæmt 1. mgr. og tímafresti gagnaskila. Jafnframt skal þar kveðið á um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágu frá gagnaskilum að hluta þegar eðli, stærð og áhætta í starfsemi vátryggingafélags gefur tilefni til þess.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um form reglubundinna gagnaskila sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku vátrygginga- og lífeyrisesftirlitsstofnunarinnar.

Um 31. gr. Greinin er í samræmi við 35. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Kerfisbundin gagnaöflun er einn af grunnþáttum eftirlits með vátryggingafélögum og verður áfram, en gert er ráð fyrir gagngerum breytingum á þeim gögnum sem vátryggingafélög skila. Breytingarnar eru í samræmi við breyttar kröfur um gjaldþol, breytt viðhorf um stjórnhætti vátryggingafélaga og reynslu af starfi eftirlitsstjórnvalda.

32. gr.

Viðbótargjaldþolskrafa.

Í kjölfar eftirlitsferlisins skv. 29. gr. getur Fjármálaeftirlitið lagt viðbótargjaldþolskröfu á váttryggingafélag í eftirfarandi tilvikum:

1. Fjármálaeftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að áhættusnið váttryggingafélagsins sé verulega frábrugðið forsendum sem liggja að baki gjaldþolskröfu, eins og hún er reiknuð með staðalreglunni og krafa um að nota eigið líkan skv. 109. gr. á ekki við eða hefur ekki skilað árangri eða hlutalíkan eða alhliða líkan er í vinnslu í samræmi við 109. gr.
2. Fjármálaeftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að áhættusnið váttryggingafélagsins sé verulega frábrugðið forsendum gjaldþolskröfunnar, eins og hún er reiknuð með alhliða líkani eða hlutalíkani, vegna þess að tiltekna mælanlegar áhættur eru metnar með ófullnægjandi hætti og aðlögun líkansins að því að endurspegla með betri hætti viðkomandi áhættusnið hefur ekki tekist innan viðunandi tíma.
3. Fjármálaeftirlitið kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnarhættir váttryggingafélags séu verulega frábrugðnir kröfum VIII. kafla og að frávikin komi í veg fyrir að félagið geti með viðeigandi hætti greint, fylgst með, stjórnað og gefið skýrslu um þær áhættur sem það stendur frammi fyrir eða gæti staðið frammi fyrir og ólíklegt er að notkun annarra úrræða bæti úr frávíkunum innan viðunandi tíma.

Viðbótargjaldþolskrafa samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. skal reiknuð þannig að félagið uppfylli ákvæði 63. gr.

Viðbótargjaldþolskrafa samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. skal vera í samræmi við þá áhættu sem rekja má til þeirra ágalla sem urðu til þess að viðbótargjaldþolskrafa var ákveðin.

Hafi viðbótargjaldþolskrafa verið lögð á samkvæmt 2. og 3. tölul. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að váttryggingafélagið geri það sem unnt er til að bæta úr þeim ágöllum sem leiddu til viðbótargjaldþolskröfunnar.

Viðbótargjaldþolskrafan leggst við hina ófullnægjandi upphaflegu gjaldþolskröfu.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. skal gjaldþolskrafan sem notuð er við útreikning á áhættuálagi í samræmi við 76. gr. ekki fela í sér viðbótargjaldþolskröfu í samræmi við 3. tölul. 1. mgr.

Viðbótargjaldþolskrafa skal endurskoðuð a.m.k. árlega og felld niður þegar Fjármálaeftirlitið metur það svo að váttryggingafélagið hafi ráðið bót á þeim frávíkum sem leiddu til þess að krafa var sett.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem nánar er tilgreint við hvaða aðstæður viðbótargjaldþolskrafa er lögð á, hvernig staðið er að útreikningi hennar og um ferlið við að setja, reikna og fella niður viðbótargjaldþolskröfu.

Um 32. gr. Greinin er í samræmi við 37. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um viðbótargjaldþolskröfu.

33. gr.

Eftirlit með útvistaðri starfsemi.

Váttryggingafélag sem útvistar starfssviði eða hluta af váttryggingastarfsemi sinni skal tryggja að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a. Þjónustuaðilinn hafi samvinnu við Fjármálaeftirlitið vegna útvistuðu starfseminnar.
- b. Váttryggingafélagið, endurskoðandi þess og Fjármálaeftirlitið hafi greiðan aðgang að gögnum sem tengjast hinni útvistuðu starfsemi.
- c. Fjármálaeftirlitið hafi greiðan og nýtilegan aðgang að starfsstöð þjónustuaðilans.

Útvisti váttryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki starfsemi til þjónustuaðila sem staðsettur er hér á landi skal eftirlitsstjórnvald heimaríkis váttryggingafélagsins eða fulltrúi þess geta framkvæmt vettvangsathugun á starfsstöð þjónustuaðilans. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framkvæma slíka vettvangsathugun fyrir hönd eftirlitsstjórnvald heimaríkisins.

Sé starfsemi váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi útvistað til þjónustaaðila með starfsstöð í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið hafa samband við viðeigandi stjórnvöld í því aðildarríki telji það þörf á vettvangsathugun á starfsstöð þjónustuaðilans.

Um 33. gr. Greinin er í samræmi við 38. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem fjallar um eftirlit með útvistaðri starfsemi og samvinnu eftirlitsstjórnvalda þegar þjónustuaðilinn er með starfsstöð í öðru aðildarríki en þar sem váttryggingafélagið hefur starfsleyfi.

34. gr.

Yfirfærsla váttryggingastofns.

Váttryggingafélag sem hefur höfuðstöðvar hér á landi getur flutt váttryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem hefur fengið starfsleyfi í aðildarríki. Félagið skal senda Fjármálaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Fjármálaeftirlitið kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað váttryggingartaka og váttryggða hjá félögunum og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Slík færsla er aðeins heimil ef heimaríki móttökufélags staðfestir að tilskildar kröfur um gjaldþol séu uppfylltar að lokinni yfirtöku stofnsins.

Fjármálaeftirlitið skal leita eftir samþykki eftirlitsstjórnvalds móttökufélagsins sem hafa þrjá mánuði til að gefa álit sitt. Komi ekki svar frá því skal litið svo á það sé samþykkt yfirfærslunni.

Telji Fjármálaeftirlitið að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal félögunum tilkynnt um það án tafar. Að öðrum kosti, og sé um að ræða váttryggingaráhættu hér á landi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr., skal Fjármálaeftirlitið birta opinberlega tilkynningu vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum váttryggingartaka, váttryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta innan tiltekens frests sem eigi skal vera skemmri en einn mánuður.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur váttryggingartaka, váttryggðra og annarra samkvæmt váttryggingarsamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutninginn.

Um 34. gr. Greinin er í samræmi við 39. gr. tilskipunarinnar og heimilar váttryggingafélagi með höfuðstöðvar hér á landi að flytja váttryggingastofn til annars félags í aðildarríki ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

35. gr.

Samruni.

Óski váttryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi eftir því að samruni eigi sér stað með yfirtöku eins eða fleiri váttryggingafélaga með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda Fjármálaeftirlitinu umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri váttryggingafélög eftir því að samruni með stofnun nýs váttryggingafélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu váttryggingastofna sé veitt, sbr. 34. gr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um félög skv. 5. gr. sem óska eftir að yfirfæra eignir og skuldir að öllu leyti án skiptameðferðar til váttryggingafélags.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, fari í slitameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

Um 35. gr. Greinin er efnislega samhljóða 84. gr. gildandi laga.

36. gr.

Samkomulag um samruna.

Í drögum að samkomulagi um samruna, sem fylgja skulu umsókn, skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttáð fyrir hluti í félögum sem hætta váttryggingastarfsemi, hvenær hlutir sem kunna að vera notaðir sem greiðsla veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi sem hætta starfsemi öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meira en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok síðasta reikningsárs.

Eigi samruni sér stað með stofnun nýs félags skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

Fjármálaeftirlitið veitir leyfi til samrunans. Starfsleyfi félags eða félaga, sem hætta váttryggingastarfsemi, skulu afturkölluð frá þeim degi er Fjármálaeftirlitið tiltekur og félagið eða félögin teljast ekki lengur til starfandi félaga.

Um 36. gr. Greinin er efnislega samhljóða 85. gr. gildandi laga.

37. gr.

Fjármálasamsteypur.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að fjármálasamsteypur fari að ákvæðum laga þessara. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um tilgreiningu á fjármálasamsteypum og eftirlit með þeim. Fjármálaeftirlitið getur og sett almennar reglur um tilhögun innra eftirlits í fjármálasamsteypum. Fjármálaeftirlitið getur að ósk eftirlitsstjórnvalda í öðru ríki staðreynt upplýsingar frá aðilum hér á landi sem falla undir eftirlit með fjármálasamsteypum. Viðkomandi eftirlitsstjórnvöldum er heimilt að taka þátt í vinnu við að staðreyna slíkar upplýsingar. Um útreikning á gjaldþoli fyrir fjármálasamsteypur skulu gilda reglur sem Fjármálaeftirlitið setur.

Um 37. gr. Greinin er samhljóða 64. gr. gildandi laga. Fjármálaeftirlitið hefur sett reglur um fjármálasamsteypur sem eru nr. 165/2014, um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum.

VIII. KAFLI.

Stjórn. Áhættustýring og innra eftirlit.

38. gr.

Ábyrgð stjórnar.

Stjórn váttryggingafélags ber ábyrgð á því að félagið fylgi lögum þessum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru samkvæmt þeim.

Um 38. gr. Greinin er í samræmi við 40. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um ábyrgð stjórnar váttryggingafélags.

39. gr.

Almennar kröfur til stjórnkerfis.

Váttryggingafélag skal hafa til staðar skilvirkt stjórnkerfi sem tryggir að því sé stjórnað á traustan og varfærinn hátt. Stjórnkerfið skal vera í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika starfseminnar.

Stjórnkerfið skal að lágmarki fela í sér gagnsætt og viðeigandi stjórnskipulag með skýrri dreifingu og aðgreiningu ábyrgðar, ásamt skilvirkri miðlun upplýsinga. Kerfið skal tryggja að farið sé að kröfum þessa kafla.

Váttryggingafélag skal rýna stjórnkerfi sitt með reglubundnum hætti.

Stjórn váttryggingafélags skal setja skriflegar reglur um áhættustýringu, innra eftirlit, innri endurskoðun og útvistun og tryggja að reglunum sé framfylgt. Þær skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega með hliðsjón af öllum verulegum breytingum á stjórnkerfi og því sviði sem reglurnar fjalla um.

Váttryggingafélag skal gera ráðstafanir, þar með talið viðbragðsáætlun, til að tryggja samfellu og reglufestu í starfseminni.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á stjórnkerfi váttryggingafélaga og yfirvofandi áhættu sem félögin telja að geti haft áhrif á fjárhagslega stöðu þeirra. Telji Fjármálaeftirlitið stjórnkerfi váttryggingafélags óviðunandi samkvæmt kröfum þessa kafla skal það krefja viðkomandi váttryggingafélag um úrbætur.

Um 39. gr. Greinin er í samræmi við 41. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem fjallar um þær almennu kröfur sem gerðar eru til stjórnkerfis váttryggingafélaga og eiga að tryggja heilbrigða og edlilega stjórnun þess.

40. gr.

Stjórnarmenn og forstjóri.

Í váttryggingafélagi, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi skal stjórn kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykka félagsins og vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Varamenn í stjórn váttryggingafélags skulu vera tveir hið minnsta.

Stjórn váttryggingafélags skal ekki taka þátt í ákvörðunum um einstök viðskipti nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð félagsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

Stjórnarmenn váttryggingafélags skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef mál varðar:

1. viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í,
2. eða viðskipti samkeppnisaðila þeirra aðila sem um ræðir í 1. tölul.

Hið sama skal gilda um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega.

Viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir, skulu lögð fyrir stjórn váttryggingafélags, eða stjórnarformann félags, til samþykktar eða synjunar. Stjórn váttryggingafélags er þó heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála þar sem fyrirfram er ákveðið hvaða viðskiptaerindi þurfi, eða þurfi ekki, sérstaka umfjöllun stjórnar áður en til afgreiðslu þeirra kemur, sbr. 5. mgr.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir í aðildarríki eða ríki sem er aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Forstjóri skal vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

Váttryggingafélag skal verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi félagsins fyrir stjórnarmanni og tryggja að hann hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar.

Fái stjórnarmenn eða forstjóri þóknun eða aðrar tekjur af váttryggingum, sem félagið yfirtekur eða lætur af hendi, vegna þátttöku í umboðs- eða miðlunarstarfsemi eða vegna fjárhagslegra hagsmuna í slíkri starfsemi skal Fjármálaeftirlitinu send tilkynning þar að lútandi.

Stjórn og forstjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem hafa úrslitabýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

Um 40. gr. Ákvæðið er í meginþáttum samhljóða núgildandi ákvæðum 1. til 4. mgr. 54. gr. gildandi laga. Þó hafa síðari málsl. 1. mgr. er varða ábyrgð og eftirlit stjórnar verið felldir á brott. Ákvæði 5. mgr. er samhljóða fyrstu þremur málsl. 6. mgr. 54. gr. gildandi laga og ákvæði 7. og 8. mgr. eru samhljóða ákvæðum 12. og 15. mgr. 54. gr. gildandi laga. Ákvæði 6. mgr. frumvarpsins er nýmæli en sambærilega kröfu um viðeigandi þjálfun til stjórnarsetu er að finna í lögum um fjármálaafyrirtæki nr. 161/2002. Ákvæði síðari hluta 6. mgr. til og með 11. mgr. sem og 13. mgr. 54. gr. gildandi laga hafa verið felldar á brott, en finna má sambærileg ákvæði í öðrum greinum VIII. kafla frumvarpsins. Síðari málsliðir 1. mgr. og 14. mgr. 54. gr. gildandi laga eru felldar úr gildi þar sem talið er að önnur ákvæði frumvarpsins geri fullnægjandi kröfur til eftirlitshlutvers stjórnar, innra eftirlits og regluvörslu váttryggingafélags.

41. gr.

Kröfur um hæfi.

Stjórn váttryggingafélags skal ásamt forstjóra, og þeim sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum félagsins uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Menntun, þekking og reynsla þeirra sé nægileg til að þeir geti sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.
- b. Hafa gott orðspor.

Váttryggingafélag skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á skipan stjórnar, forstjóra og þeirra sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum félagsins. Ásamt tilkynningunni skal váttryggingafélag senda fullnægjandi upplýsingar um ráðningu nýs aðila, ef við á, til að hægt sé að leggja mat á hæfni og hæfi viðkomandi. Forstjóri og stjórnarmenn þurfa á hverjum tíma að uppfylla hæfisskilyrði þessarar greinar og 42. gr. og reglna settra skv. 4. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi forstjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar. Ef stjórnarmaður, forstjóri eða einhver sem ábyrgð ber á lykilstarfssviði váttryggingafélags lætur af störfum vegna þess að hann uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. skal þess sérstaklega getið í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um mat á hæfni og hæfi.

Stjórn váttryggingafélags og forstjóri skulu vera lögráða og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðuð gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa á síðustu tíu árum hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa reynslu og þekkingu sem nýtist í starfinu, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem váttryggingafélagið stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi í fyrri störfum sínum sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið. Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og forstjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati. Starfsmönnum váttryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi váttryggingafélags.

Um 41. gr.: Greinin er í samræmi við 42. gr. og a-lið 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um hæfi og hæfni stjórnar, forstjóra og þeirra sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum váttryggingafélags. Ákvæði 5. og 6. málsgreinar frumvarpsins eru efnislega samhljóða ákvæðum síðari hluta 6. mgr. og 7. mgr. gildandi 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi um hæfniskröfur stjórnarmanna. Í 7. mgr. er þó felld brott krafa gildandi laga um háskólapróf sem nýtist í starfi. Hæfiskröfur frumvarpsins hafa verið útvíkkaðar frá gildandi lögum að því leyti að þær eru nú jafnframt gerðar til lykilstarfsmanna váttryggingafélags, en náðu áður aðeins til stjórnar og forstjóra. Breytingin er í samræmi við ákvæði IV. kafla tilskipunar 2009/138/ESB.

42. gr.

Önnur störf stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu váttryggingafélags. Stjórnarmenn váttryggingafélags mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða félags í nánnum tengslum við það né vera starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Stjórnarmenn váttryggingafélags mega einungis sinna lögmannsstörfum fyrir annað váttryggingafélag sem ekki geta valdið hættu á hagsmunaárekstrum á milli félaganna tveggja eða á váttryggingamarkaði. Hyggist stjórnarmaður taka að sér lögmannsstörf fyrir annað váttryggingafélag skal hann fá skriflegt samþykki stjórnar váttryggingafélagsins sem hann er stjórnarmaður í fyrir því að hann megi taka að sér umrætt starf, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfið sem hann hyggst taka að sér og upplýsa Fjármálaeftirlitið um eðli starfsins og umfang þess. Stjórnarmaður ber sönnunarbyrði um að lögmannsstarf sem hann tekur að sér fyrir annað váttryggingafélag brjóti ekki gegn ákvæði þessu. Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá stjórnarmanni í því skyni að meta hvort brotið hafi verið gegn ákvæðinu. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu váttryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í váttryggingafélaginu.

Stjórnarseta samkvæmt 2. mgr. skal háð því að hún skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði að mati Fjármálaeftirlitsins. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur váttryggingafélagsins. Meiri hluti stjórnarmanna skal þó ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu.

Stjórnarformanni í váttryggingafélagi er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

Um 42. gr.: Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum 8. til 10. mgr. 54. gr. gildandi laga. Nýmæli er þó að finna í 1. málsli. 1. mgr. ákvæðisins um að stjórnarmaður skuli verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu váttryggingafélags.

43. gr.

Aðalfundur váttryggingafélags.

Stjórn boðar til aðalfunda. Sé ekki boðað til aðalfundar í samræmi við lög, samþykktir eða ákvörðun aðalfundar boðar Fjármálaeftirlitið til hans að kröfu stjórnarmanns, forstjóra, endurskoðanda eða aðila sem atkvæðisbær er á aðalfundi. Fjármálaeftirlitið tilnefnir fundarstjóra og skal stjórnin afhenda honum skrá yfir þá sem atkvæðisbærir eru, gerðabók aðalfunda og endurskoðunarbók. Félagið greiðir kostnað við aðalfundinn.

Um 43. gr. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 11. mgr. 54. gr. gildandi laga um váttryggingastarfsemi um aðalfund váttryggingafélags.

44. gr.

Áhættustýring.

Í váttryggingafélagi skal vera virk viðvarandi áhættustýring með reglur, verkferla og verklag sem þarf til að greina, meta, vakta, milda og stýra áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Áhættustýringin nær einnig yfir tengsl á milli áhættuþátta.

Váttryggingafélag skal skipuleggja starfssvið áhættustýringar til að ná markmiðum áhættustýringar.

Áhættustýring skal vera skilvirkur hluti af skipulagi og nýtt við ákvarðanatöku váttryggingafélags og höfð að leiðarljósi í starfi stjórnar, forstjóra og þeirra sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum félagsins.

Áhættustýring skal ná yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru í útreikningi á gjaldþolskröfu skv. 97. gr. sem og áhættuþætti sem ekki eru að öllu leyti hluti af þeim útreikningum.

Áhættustýring skal hið minnsta taka til eftirfarandi þátta:

- a. Áhættutöku vegna sölu váttrygginga og meðhöndlun tjóna.
- b. Eigna- og skuldastýringar.
- c. Fjárfestingaráhættu, sérstaklega afleiðna.
- d. Lausafjáráhættu og samþjöppunaráhættu.
- e. Rekstraráhættu.
- f. Endurtrygginga og annarra áhættuvarna.

Í reglum stjórnar um áhættustýringu skv. 39. gr. skal fjalla um hvern ofangreindra áhættuþátta.

Váttryggingafélag skal sýna fram á að fjárfestingaráhætta þess sé í samræmi við lög þessi. Noti váttryggingafélag lánshæfismat lánshæfismatsstofnunar við útreikning á váttryggingaskuld og gjaldþolskröfu skal það vera hluti af áhættustýringu félagsins að meta hvort lánshæfismatið eigi við með því að nota aðrar aðferðir til mats verði því við komið, í því skyni að draga úr sjálfvirkum áhrifum utanaðkomandi mats.

Noti váttryggingafélag eigin líkan að fullu eða að hluta til sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt skal áhættustýringin:

- a. Hanna eigið líkan og innleiða það
- b. Prófa og sannreyna líkanið.
- c. Skjala líkanið og allar breytingar á því.
- d. Greina líkanið og virkni þess og gefa skýrslu um það.
- e. Upplýsa stjórn félagsins um virkni líkansins, gera tillögur um umbætur og upplýsa um breytingar sem gerðar eru á líkaninu til að bæta þá veikleika sem fram hafa komið.

Um 44. gr. Greinin er í samræmi við 44. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um áhættustýringu váttryggingafélags. Með starfssviði áhættustýringar er átt við skilgreint sérstakt starfssvið sem sinnir áhættustýringu. Framkvæmdin getur falist í skipun áhættustjóra og/eða stofnun sérstakrar deildar og tekur mið af eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar. Öllum starfsmönnum váttryggingafélags ætti einnig að vera ljóst hlutverk sitt í áhættustýringu félagsins.

45. gr.

Eigið áhættu- og gjaldþolsmat.

Hluti af áhættustýringu hvers váttryggingafélags skal vera að gera eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem nær til neðangreindra atriða:

- a. Heildargjaldþolsþörf félagsins, þar sem tekið er tillit til áhættusniðs, samþykktra þolmarka og stefnu félagsins. Váttryggingafélag skal hafa til staðar ferla, sem taka mið af eðli, umfangi og margbreytileika þeirrar áhættu sem tengist starfseminni og gera félaginu kleift að greina og meta með fullnægjandi hætti þá áhættuþætti sem geta orðið virkir til lengri eða skemmri tíma. Félagið skal lýsa þeim ferlum og aðferðum sem það notar við mat sitt.
- b. Hvernig gjaldþolskröfur og kröfur um lágmarksfjármagn verða uppfylltar.
- c. Hvort og hversu mikið áhættusnið félagsins víki frá forsendum sem lagðar hafa verið til grundvallar gjaldþolskröfunni eins og henni er lýst í 97. gr. hvort sem byggt er á staðalreglunni eða eigin líkani. Sé eigið líkan notað skal einnig endurkvarða niðurstöður líkansins yfir í áhættumál og kvörðun gjaldþolskröfunnar.

Eigið áhættu- og gjaldþolsmat skal vera óaðskiljanlegur hluti af stefnu félagsins.

Váttryggingafélag skal gera reglulega mat það sem vísað er til í 1. mgr. og án tafar þegar mikil breyting verður á áhættusniði þess.

Niðurstaða eigin áhættu- og gjaldþolsmats er ekki lögbundin gjaldþolskrafa.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisesftirlitsstofnunarinnar.

Um 45. gr. Greinin er í samræmi við 45. gr. og 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Ákvæðið fjallar um eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem váttryggingafélagi er gert að gera a.m.k. árlega, m.a. í þeim tilgangi að veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um virkni áhættustýringar, fjármagnsbörf sem og núverandi og líklega framtíðarstöðu gjaldþols. Matið felur í sér greiningu á möguleikum váttryggingafélags til áframhaldandi reksturs og þeirri áhættustýringu sem nauðsynleg er í þeim tilgangi. Mikilvægt er því að greiningin feli í sér spá um fjárhagslega stöðu til framtíðar sem og áætlanir um nýja starfsemi eða breytingar á núverandi starfsemi viðkomandi váttryggingafélags.

46. gr.

Innra eftirlit.

Váttryggingafélag skal hafa virkt innra eftirlitskerfi sem inniheldur a.m.k. stjórnunar- og reikningsskilaferla, skipulag og tilhlýðilega skýrslugjöf á öllum sviðum starfseminnar. Einnig skal váttryggingafélag hafa regluvörslu.

Starfssvið regluvörslu felur í sér ráðgjöf til stjórnar um hvernig standa skuli að því að fara að lögum þessum, reglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum á grundvelli þeirra. Einnig felur starfið í sér mat á áhrifum breytinga á lagaumhverfi á starfsemi váttryggingafélagsins.

Um 46. gr. Greinin er í samræmi við 46. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um innra eftirlit. Krafa um innra eftirlit hefur verið til staðar í löggjöf um váttryggingafélög frá setningu laga nr. 97/2000 um breytingu á lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum. Kveðið er á um í 54. gr. gildandi laga að stjórn váttryggingafélags skuli setja reglur um innra eftirlit.

47. gr.

Innri endurskoðun.

Váttryggingafélag skal hafa virka innri endurskoðun, sem felur í sér mat á skilvirkni og gæðum innra eftirlitskerfis og annara þátta stjórnkerfisins.

Innri endurskoðun skal vera hlutlæg og óháð rekstrareiningum váttryggingafélagsins.

Upplýsa skal stjórn um allar niðurstöður og ábendingar innri endurskoðunar sem tekur ákvörðun um aðgerðir og sér um að þeim sé framfylgt.

Um 47. gr. Greinin er í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um innri endurskoðun. Kveðið er á um í 54. gr. gildandi laga að stjórn váttryggingafélags skuli setja reglur um innri endurskoðun.

48. gr.

Starfssvið tryggingastærðfræðings.

Starfssvið tryggingastærðfræðings skal vera eftirfarandi:

- a. Bera ábyrgð á útreikningi váttryggingaskuldar.
- b. Tryggja notkun á viðeigandi forsendum, aðferðum og undirliggjandi líkönum við útreikning á váttryggingaskuld.
- c. Meta gæði gagna sem notuð eru við útreikning á váttryggingaskuld og hvort þau séu fullnægjandi.
- d. Bera saman besta mat váttryggingaskuldar við reynslu.
- e. Upplýsa stjórn hvort váttryggingaskuld sé áreiðanleg og viðeigandi.
- f. Umsjón með útreikningi á váttryggingaskuld þegar hún er reiknuð miðað við hvert tjónstilvik fyrir sig.
- g. Gefa álit á áhættutöku félagsins vegna váttrygginga.
- h. Gefa álit á gæðum endurtryggingaverndar félagsins.
- i. Starfa með starfssviði áhættustýringar til að áhættustýringarkerfi félagsins skv. 44. gr. sé skilvirkt, sér í lagi varðandi útreikning áhættu vegna gjaldþolskrafna og vegna eigin áhættu- og gjaldþolsmats.

Starfssviði tryggingastærðfræðings skal sinnt af aðilum með þekkingu á tryggingastærðfræði og fjármálastærðfræði í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika þeirrar áhættu sem fylgir starfsemi váttryggingafélagsins og sem geta sýnt fram á, að þeir hafi þá reynslu sem við á við notkun á þeim stöðlum sem tengjast faginu svo og öðrum viðeigandi stöðlum.

Líftryggingafélag sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 3. gr. skal sjá til þess að tryggingastærðfræðingur eða sérfræðingur með sambærilega þekkingu taki að sér eftirfarandi störf fyrir félagið:

- a. Fylgist með því að farið sé eftir reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar.

- b. Fylgist með því að fylgt sé settum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra líftrygginga og sjúkra- og heilsutrygginga sem reknar eru samkvæmt tæknilegum grundvelli.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingafélags skv. 3. mgr. getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að hann geti innt starf sitt af hendi. Hann getur krafist þess að stjórnin sé kölluð saman og hefur að jafnaði rétt til þess að vera viðstaddur og tjá sig á fundum stjórnarinnar. Sé hann ekki sammála ákvörðun stjórnar hefur hann rétt til að láta skrá álit sitt í gerðabók félagsins.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu að líftryggingafélag sem hann starfar fyrir fari ekki að settum reglum varðandi framangreind atriði skal hann tafarlaust tilkynna það Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið getur krafist tryggingastærðfræðing líftryggingafélags um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með iðgjaldagrundvelli, líftryggingaskuld og fjárhagsstöðu líftryggingafélags.

Sá einn má taka að sér störf fyrir líftryggingafélög skv. 3.-5. mgr. sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

Um 48. gr. 1. og 2. mgr. ákvæðisins er í samræmi við 48. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um starfssvið tryggingastærðfræðings og er nýmæli í frumvarpinu. 3. til 6. mgr. er efnislega samhljóða núgildandi 39. gr. um störf tryggingastærðfræðings líftryggingafélags og gerir ráð fyrir því því að líftryggingafélag sem fellur undir ákvæði um undanþágu 3. mgr. 3. gr. og þarf ekki að hafa starfssvið tryggingastærðfræðings þurfi að tilnefna tryggingastærðfræðing til starfsins. Ekkert slíkt líftryggingafélag er starfandi við framlagningu þessa frumvarps.

49. gr.

Útvistun.

Vátryggingafélag sem útvistar starfssviði eða hluta af vátryggingarekstri þess ber ábyrgð á því að farið sé að lögum þessum.

Við útvistun mikilvægra verkefna og lykilstarfssviða skal vátryggingafélag sjá til þess að útvistunin leiði ekki til:

- Verulegrar skerðingar á gæðum stjórnkerfis félagsins.
- Óhóflegar aukningar á rekstraráhættu félagsins.
- Takmörkunar á möguleikum Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirliti með því hvort vátryggingafélag uppfylli skyldur sínar.
- Skerðingar á samfelldri og fullnægjandi þjónustu við vátryggingartaka.

Vátryggingafélag skal upplýsa Fjármálaeftirlitið fyrirfram um útvistun mikilvægra verkefna og lykilstarfssviða, svo og um breytingar á sem verða á þeirri útvistun..

Fjármálaeftirlitið setur reglur um skilyrði útvistunar, sér í lagi til þjónustuaðila utan aðildarríkja sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku vátrygginga- og lífeyriseftirlitsstofnunarinnar.

Um 49. gr. Ákvæðið er í samræmi við 49. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og b-lið 2. mgr. 50. gr. þar sem kveðið er á um að vátryggingafélagi sé heimilt að útvista mikilvægum verkefnum og lykilstarfssviðum.

50. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð sem útfærir frekar kröfur um:

- Áhættustýringu, sér í lagi hvað varðar eigna- og skuldastýringu og fjárfestingarstefnu vátryggingafélags.
- Stjórnarhætti.
- Innra eftirlit og regluvörslu.
- Innri endurskoðun.
- Kröfur til þeirra sem bera ábyrgð á starfssviði áhættustýringar, regluvörslu, innri endurskoðunar og tryggingastærðfræðings.
- Aðferðir sem fylgja skal við mat á lánshæfismati utanaðkomandi aðila, s.s.lánshæfismatsstofnana.
- Starfskjarastefnu stjórnar.

Um 50. gr. Greinin er í samræmi við 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um heimildir aðildarríkja til setningar reglugerða sem nánar útfæra ákvæði laga þessara.

51. gr.

Starfslokasamningur.

Hafi hagnaður verið af rekstri félagsins samfelld síðustu þrjú ár er heimilt að gera starfslokasamninga. Með starfslokasamningi í grein þessari er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli forstjóra eða starfsmanns sem ber ábyrgð á lykilstarfsviði annars vegar og váttryggingafélags hins vegar og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti. Slíkir samningar skulu vera í formi beinna launagreiðslna og ekki vara lengur en 12 mánuði eftir starfslok.

Sérstaklega skal gera grein fyrir starfslokasamningum í skýringum með ársreikningi. Ráðherra getur kveðið nánar á um skilyrði og framkvæmd starfslokasamninga í reglugerð.

Um 51. gr. Í 55. gr. gildandi laga eru ákvæði um kaupaukakerfi og starfslokasamninga. Ekkert er fjallað um þessi atriði í tilskipun 2009/138/ESB en í reglugerð nr. 2015/35/ESB eru ákvæði um þessi atriði sem talin eru geta komið í stað 1. mgr. 55. gr. Þau ákvæði munu verða sett í reglugerð sem ráðherra setur og þá gert ráð fyrir því að sérstakar reglur Fjármálaeftirlitsins um þetta efni falli úr gildi.

52. gr.

Takmörkun arðgreiðslna.

Einungis er heimilt að úthluta sem arði, hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirferðum hagnaði frá fyrri árum og óbundnu fé eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað, svo og öðru óráðstöfuðu eigin fé, enda sé ljóst að félagið uppfylli gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn.

Um 52. gr. Greinin er byggð á 61. gr. gildandi laga en skerpt er á ákvæðum um að ekki megi greiða út arð ef það verður til að félagið uppfylli ekki gildandi gjaldþolskröfur. Ákvæðið er ekki í tilskipun 2009/138/ESB en talin er þörf á slíkri takmörkun til að tryggja gæði gjaldþolsliða váttryggingafélags.

IX. KAFLI.

Opinber birting.

53. gr.

Ársreikningar.

Reikningsár váttryggingafélags er almanaksárið. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og skal saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga. Ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal vera aðgengilegur almenningi, t.d. á vefsíðu félagsins.

Ef Fjármálaeftirlitið verður vart við ósamræmi í ársreikningi váttryggingafélags getur Fjármálaeftirlitið krafist breytinga á reikningsskilunum og ef tilefni er til að þau verði tekin á ný til umfjöllunar á hluthafafundi og skal félaginu þá veittur hæfilegur frestur.

Um 53. gr. Ákvæðið felur í sér kröfur til ársreikninga váttryggingafélags umfram það sem er í almennum lögum um ársreikninga og varða reikningsárið og birtingu reikninga. Ákvæði um þetta eru í 56. gr. núgildandi laga. Helsta breyting frá þeirri grein er að ákvæði um ársreikning sem eru í lögum um ársreikninga eru felld út. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir þeim möguleika að ársreikningur sé aðgengilegur á heimasíðu váttryggingafélagsins í stað þess að hann liggi frammi í afgreiðslu. Krafa sem var í 4. mgr. um að Fjármálaeftirlitið skuli birta opinberlega niðurstöðu ársreiknings hefur verið tekin út. Ekki er þörf á slíkri kröfu vegna ákvæða 54. gr. þessa frumvarps.

54. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Efni.

Váttryggingafélag skal árlega birta opinberlega skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Skýrslan skal hafa lýsingu á:

1. Starfsemi og afkomu váttryggingafélagsins.
2. Stjórnkerfi váttryggingafélagsins og hversu vel það samræmist áhættusniði þess.
3. Áhættuskuldbindingum, samþjöppun, áhættuvörnum og næmni fyrir hverja tegund áhættu fyrir sig.
4. Grundvelli og aðferðum við mat á eignum, váttryggingaskuld og öðrum skuldbindingum ásamt skýringu á frávikum frá mati í reikningsskilum ef við á.

5. Fjármagnsstýringu sem inniheldur a.m.k. umfjöllun um:
- Uppbyggingu, fjárhæð og gæði gjaldpolsliða.
 - Fjárhæðir gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagns.
 - Ef við á, útskýringu á muninum á forsendum eigin líkans sem notað er við útreikning gjaldpolskröfu og undirliggjandi forsendum staðalreglunnar.
 - Ef við á, hversu mikið vantaði upp á að lágmarksfjármagn væri uppfyllt á uppgjörstímanum, jafnvel þó að leyst hafi verið úr því, ásamt útskýringum á uppruna fráviksins og afleiðingum. Gera skal grein fyrir hvaða aðgerða var gripið til. Sama á við um veruleg frávik frá gjaldpolskröfu á uppgjörstímanum.

Lýsing skv. 5. tölul. 1. mgr. skal hafa greiningu á verulegum breytingum frá síðasta uppgjörstímabili og útskýringu á meiriháttar mismuni í samanburði við reikningsskil. Jafnframt skal greina frá með hvaða hætti hægt er að flytja fjármagn til eða frá félaginu og innan félagsins. Upplýsingar um gjaldpolskröfu skv. d-lið 5. tölul. 1. mgr. skulu gera greinarmun á gjaldpolskröfu eins og hún er metin skv. XVI. kafla og viðbótargjaldpolskröfu skv. 32. gr. og áhrifum sérstakra stíka, ef við á, sem notaðir eru að kröfu Fjármálaeftirlitsins skv. 102. gr. Þá skal koma fram fyrirvari, ef við á, um að endanleg gjaldpolskrafa bíði staðfestingar Fjármálaeftirlitsins, sbr. ákvæði í XVI. kafla um aðkomu Fjármálaeftirlitsins að ákvörðun gjaldpolskröfu.

Um 54. gr. Greinin er í samræmi við 51. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að váttryggingafélag skuli birta opinberlega skýrslu um gjaldpól og fjárhagslega stöðu. Einnig kemur fram í greininni hvaða atriði skuli koma fram í skýrslunum.

55. gr.

Skýrsla um gjaldpól og fjárhagslega stöðu. Undanþáguákvæði.

Fjármálaeftirlitið getur veitt váttryggingafélagi undanþágu frá því að birta skýrslu skv. 54. gr. ef samkeppnisáðilar myndu hafa óréttmætan ávinning af birtingu skýrslunnar eða félagið er með skuldbindingar gagnvart váttryggingartökum eða öðrum mótaðilum sem varða leynd og trúnað.

Váttryggingafélag þarf að greina ástæðu undanþágu í skýrslu um gjaldpól og fjárhagslega stöðu.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað váttryggingafélagi að nýta sér eða vísa til opinberrar birtingar upplýsinga sem birtar eru á grundvelli lagaskyldu, upp að því marki að þær upplýsingar jafngildi lágmarkskröfum sbr. 1. mgr.

Ákvæði 1.-3. mgr. eiga ekki við um birtingu upplýsinga skv. 5. tölul. 1. mgr. 54. gr.

Um 55. gr. Greinin er í samræmi við 53. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir hvenær Fjármálaeftirlitið getur veitt váttryggingafélagi undanþágu frá því að birta opinberlega upplýsingar.

56. gr.

Skýrsla um gjaldpól og fjárhagslega stöðu.

Uppfærslur og upplýsingar birtar að eigin frumkvæði.

Þegar meiriháttar atburðir hafa veruleg áhrif á opinberar upplýsingar skal váttryggingafélag birta opinberlega upplýsingar um eðli og áhrif þessara atburða. Þessir atburðir skulu hið minnsta teljast meiriháttar:

- Váttryggingafélag uppfyllir ekki kröfur um lágmarksfjármagn og Fjármálaeftirlitið telur að félagið geti ekki lagt fram raunhæfa fjármögnunaráætlun eða það fær ekki áætlun innan mánaðar.
- Veruleg frávik eru frá því að gjaldpolskrafa sé uppfyllt og Fjármálaeftirlitið fær ekki raunhæfa endurreisnaráætlun innan tveggja mánaða.

Í tilviki a-liðar í 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að váttryggingafélagið birti án tafar upplýsingar um þá fjárhæð sem upp á vantar, ásamt útskýringum á uppruna og afleiðingum og með hvaða hætti brugðist er við. Ef váttryggingafélagið uppfyllir ekki kröfur um lágmarksfjármagn innan þriggja mánaða, þrátt fyrir að fjármögnunaráætlunin hafi upphaflega verið talin raunhæf, skal það upplýsa um það opinberlega í lok tímabilsins ásamt útskýringum á uppruna og afleiðingum og hvaða aðgerða ætlunin á að grípa til.

Í tilviki b-liðar í 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að váttryggingafélagið birti án tafar upplýsingar um þá fjárhæð sem upp á vantar, ásamt útskýringum á uppruna og afleiðingum viðburðar og með hvaða hætti brugðist er við. Ef váttryggingafélagið uppfyllir ekki gjaldpolskröfu innan sex mánaða, þrátt fyrir að endurreisnaráætlunin hafi upphaflega verið talin raunhæf, skal það upplýsa um það

opinberlega fyrir lok tímabilsins ásamt útskýringum á uppruna og afleiðingum og hvaða aðgerða ætlunin er að grípa til.

Vátryggingafélagi er heimilt að birta í skýrslunni að eigin frumkvæði frekari upplýsingar og útskýringar varðandi gjaldþol og fjárhagslega stöðu til viðbótar við kröfur í þessu ákvæði.

Um 56. gr. Greinin er í samræmi við 54. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir hvenær vátryggingafélag skuli birta upplýsingar að eigin frumkvæði.

57. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.

Stefna og samþykki stjórnar.

Vátryggingafélag skal hafa til staðar kerfi og skipulag svo að kröfum til skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu sé fullnægt ásamt því að hafa skriflega stefnu sem tryggir að upplýsingar sem birtar eru skv. 53.-56. gr. séu samfelldar.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu þarf að hljóta samþykki stjórnar vátryggingafélagsins áður en hún er birt.

Ráðherra setur reglugerð sem tilgreinir nánar hvaða upplýsingar eiga að koma fram í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og hvaða frestir gilda um að birtingu skýrslunnar.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um ferli vátryggingafélaga við skýrslugerð um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og á hvaða formi skýrslan skuli vera sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku vátrygginga- og lífeyrifeftirlitsstofnunarinnar.

Um 57. gr. Greinin er í samræmi við 55. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir að vátryggingafélag skuli hafa kerfi til að unnt sé að uppfylla kröfur um birtingu samkvæmt 51.-53. gr. Einnig er í greininni gerð sú krafa að stjórn vátryggingafélags þurfi að samþykkja skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu áður en hún er birt.

X. KAFLI.

Virkur eignarhlutur. Hlutabréf. Lánveitingar.

58. gr.

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í vátryggingafélagi með starfsleyfi gefið út hér á landi skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrirfram um áform sín. Hið sama á við hyggst aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur nái eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða nemi svo stórum hluta að vátryggingafélag verði talið dótturfélag hans.

Kaup á virkum eignarhlut koma ekki til framkvæmda fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins skv. 2. másl. 2. mgr. 59. gr., sbr. 60. gr. er liðinn eða Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut að hann sé hæfur til að fara með eignarhlutinn.

Í skriflegri tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og heimili þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Nafn þess vátryggingafélags sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
3. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem fyrirhugað er að fjárfesta í.
4. Áform um breytingar á verkefnum vátryggingafélags.
5. Fjármögnun fjárfestingarinnar.
6. Fjárhagsstöðu þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
7. Fyrirhuguð viðskiptatengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við hlutaðeigandi vátryggingafélag.
8. Reynslu þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut af vátryggingastarfsemi og fjármálastarfsemi.
9. Eignarhald, stjórnarsetu eða aðra þátttöku, þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, í starfsemi lögaðila.
10. Refsingar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur verið dæmdur til að sæta og hvort viðkomandi sæti rannsókn sakamáls.
11. Náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við aðra lögaðila.
12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega upplýsingar um.

Um 58. gr. Ákvæði kaflans varða breytingar á virkum eignarhlut og mæla fyrir um samskipti eigenda við eftirlitsstjórnvöld í því sambandi. Einnig eru í þessum greinum ítarlegar málsmeðferðarreglur. Þessar greinar eru að mestu leyti samhljóða 41.- 52. gr. gildandi laga. Þau ákvæði eru í samræmi við 57.-63. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Fylgt er efnisröð gildandi laga sem er nokkuð önnur en í tilskipuninni.

Samkvæmt tilskipuninni er aðilum sem hyggjast eignast eða auka við virkan eignarhlut skylt að tilkynna fyrir fram um áform sín og síðan hafa eftirlitsaðilar tiltekinn frest til þess að hafna viðkomandi sem virkum eiganda í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru tilgreindar og er að finna í næstu greinum.

Tvær breytingar eru gerðar á 41. gr. núgildandi laga. Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á mörkum virkra eignarhluta, sbr. síðari málsliður 1. mgr. til samræmis við ákvæði 57. gr. tilskipunarinnar. Í annan stað er lagt til að bæta við nýrri 2. mgr. þar sem hnykket er á þeirri grunnreglu að kaup aðila á virkum eignarhlut gangi fyrst í gegn þegar Fjármálaeftirlitið hefur metið hann hæfan til að fara með slíkan eignarhlut eða þegar tímafrestur afgreiðslu Fjármálaeftirlitsins er liðinn samkvæmt lögum.

59. gr.

Mat og tilkynning Fjármálaeftirlitsins.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það og rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi. Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er því þó heimilt að setja skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestingu sé ekki hafnað, m.a. að viðkomandi grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi hans, að eignarhaldið sé falið sérstöku eignarhaldsfélagi sem hafi ekki aðra starfsemi með höndum eða að hann tilnefni einstaklinga sem Fjármálaeftirlitið metur hæfa sem fulltrúa sína í stjórn. Skilyrði þessi skulu koma fram í staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut um að það setji sig ekki upp á móti fyrirhugaðri fjárfestingu.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 60. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi váttryggingafélagi. Setji Fjármálaeftirlitið skilyrði fyrir því að sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut megi fara með eignarhlutinn og þau koma fram í tilkynningu til hans, skal hann staðfesta að hann muni uppfylla skilyrði þess.

Hafi sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi ráðist í þær fjárfestingar sem hann hafði tilkynnt Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá því að niðurstaða þess lá fyrir skal hann tilkynna því að nýju um fyrirhugaða fjárfestingu sína. Ákvæði 58., 60. og 61. gr. gilda þá um þá tilkynningu og viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við henni.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er váttryggingafélag eða fjármálafyrirtæki með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar öflunar þessa eignarhlutar, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld áður en niðurstaða þess er kunngerð.

Aðili sem fer með virkan eignarhlut skal á hverjum tíma teljast hæfur til að fara með virkan eignarhlut í váttryggingafélagi. Verði breytingar á upplýsingum skv. 58. gr. sem geta haft áhrif á mat Fjármálaeftirlitsins skv. 61. gr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að taka til endurskoðunar hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í váttryggingafélagi.

Um 59. gr. Greinin er efnislega samhljóða 44. gr. gildandi laga. Í samræmi við ákvæð 60. gr. frumvarpsins hefur Fjármálaeftirlitið tiltekinn tímaramma til þess að meta hæfi þess aðila sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í váttryggingafélagi. Í greininni er áskilið að það skuli tilkynna viðkomandi um niðurstöðu innan tímarammans, ella verði litið svo á að viðkomandi teljist hæfur til þess að fara með hlutinn. Ákvæðið er í samræmi við 4. og 5. mgr. 58. gr. og 62. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Einnig er kveðið á um að eftirlitsstjórnvöld í aðildarríkjum skuli hafa með sér samstarf þegar sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er aðili frá öðru ríki en því sem hefur eftirlit með váttryggingafélaginu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 60. gr. tilskipunar 2009/13/ESB.

60. gr.

Staðfesting Fjármálaeftirlitsins.

Eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir móttöku tilkynningar skv. 58. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Í staðfestingu skal koma fram fyrir hvaða dag megi vænta niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins. Telji Fjármálaeftirlitið að afla þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem taldar eru upp í 2. mgr. 58. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafði viðkomandi um þær. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu starfsdögum eftir staðfestingu tilkynningar. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu starfsdaga frá staðfestingu tilkynningar skv. 1. málsl. til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 3. málsl., bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 5. málsl., þó ekki umfram tuttugu virka daga. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti. Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er staðsettur utan aðildarríkja, eða hann lýtur ekki opinberu fjármálaeftirliti innan aðildarríkja, bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 5. málsl. en þó ekki umfram þrjátíu virka daga.

Sé sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lögaðili skulu upplýsingar skv. 2. mgr. 58. gr. eiga við um lögaðilann sjálfan, stjórnarmenn hans, forstjóra og þá einstaklinga og lögaðila sem eiga virkan eignarhlut í lögaðilanum. Skal þá enn fremur upplýst um endurskoðanda lögaðilans. Skulu upplýsingarnar studdar gögnum eftir því sem það á við.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágur frá skilum á upplýsingum skv. 3. mgr. 58. gr. hafi lögaðili ekki tök á að afla þeirra eða ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut lýtur opinberu fjármálaeftirliti í öðru ríki og unnt er að afla sambærilegra upplýsinga frá eftirlitsstjórnvaldi þess ríkis.

Um 60. gr. Greinin er efnislega að mestu samhljóða samhljóða 42. gr. gildandi laga. Hún afmarkar þann tímaramma sem eftirlitsstjórnvöld hafa til þess að hafna kaupum eða aukningu á virkum eignarhlut. Enn fremur er tilskilið að eftirlitsaðilinn staðfesti við sendanda að hann hafi móttakið tilkynningu hans. Þær breytingar sem lagðar eru til á ákvæðinu eru til samræmis við ákvæði 58. gr. tilskipunar 2009/138/ESB auk þess sem orðalag er samræmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki um sama efni.

61. gr.

Viðmið.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs váttryggingafélags. Við mat á hæfi viðkomandi skal höfð hliðsjón af eftirfarandi:

1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.
2. Orðspori og reynslu þess sem kemur til með að veita váttryggingafélaginu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.
3. Fjárhagslegu heilbrigði þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í váttryggingafélaginu, einkum með tilliti til þess reksturs sem váttryggingafélagið hefur með höndum.
4. Hvort eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut skapi hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.
5. Stærð þess hlutar eða atkvæðisréttar sem sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hyggst fjárfesta í.
6. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvela eftirlit með hlutaðeigandi váttryggingafélagi. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið eða önnur stjórnvöld, til þess hvort náin tengsl þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við einstaklinga eða lögaðila geti að mati Fjármálaeftirlitsins hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindra eðlilegt eftirlit.
7. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi váttryggingafélags.
8. Hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur gefið Fjármálaeftirlitinu umbeðnar upplýsingar ásamt fylgigögnum og þær upplýsingar hafa reynst réttar.

Um 61. gr. Greinin er efnislega samhljóða 43. gr. núgildandi laga, að því undanskildu að í stað orðalagsins „fjárhagslegs bolmagns“ í 3. tl. 1. mgr. kemur orðið „fjárhagslegt heilbrigði“ til samræmis

Þýðingu á enska orðinu „financial soundness“ í öðrum lögum. Þær upplýsingar sem aðila, sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, ber að senda Fjármálaeftirlitinu eru öllu ítarlegri en þær sem finna má í tilskipuninni og er ætlað að vera tæmandi varðandi þau atriði sem gera þarf grein fyrir. Á aðili sem tilkynnir um fyrirætlanir sínar því ekki að geta velkst í vafa um hvaða atriði það eru sem fram skulu koma í tilkynningu hans. Til samræmis við ákvæði 59. gr. tilskipunar 2009/138/ESB er lagt til að 9. tl. 1. mgr. 43. gr. gildandi laga sé felldur á brott.

62. gr.

Aðili sendir ekki tilkynningu.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 58. gr. , og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 58. gr. Um málsmeðferð fer að öðru leyti skv. 59.-61. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhluta sinn. Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Um 62. gr. Greinin er samhljóða 45. gr. gildandi laga. Greinin fjallar um hvernig fer um atkvæðisrétt aðila sem eignast eða eykur við virkan eignarhlut án þess að hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um fyrirætlanir sínar. Með greininni er gerð tillaga að meðalhófsreglu þar sem viðkomandi er gefinn möguleiki á því að senda inn tilkynningu og öðlast full réttindi yfir eignarhlut sínum ef niðurstaða Fjármálaeftirlitsins verður sú að hann sé til þess bær.

63. gr.

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Skal Fjármálaeftirlitið setja tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Sé hlutur ekki seldur á tilskildum tíma er Fjármálaeftirlitinu heimilt að beita aðila dagsektum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

Um 63. gr. Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga. Hún tiltekur þau úrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur, fylgi aðili ekki þeim fyrirmælum sem fram koma í tilkynningu þess um að hann sé ekki hæfur til þess að fara með hlutinn.

64. gr.

Tilkynning eiganda um aðilaskipti.

Hyggist eigandi virks eignarhlutar draga svo úr hlutafjáreign sinni eða atkvæðisrétti að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal hann tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 30%, 50% eða svo mikið að váttryggingafélagið hættir að vera dótturfélag hlutaðeigandi skal það einnig tilkynnt. Sama á við ef hlutfallslegur eignarhlutur eða atkvæðisréttur rýrnar vegna hlutafjárauðingar.

Um 64. gr.: Greinin er efnislega samhljóða 48. gr. gildandi laga að því undanskildu að lagt er til að mörkum virkra eignarhluta verði breytt til samræmis við tillagðar breytingar í 58. gr. frumvarpsins og 57. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Með sama hætti og aðili skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um fyrirætlanir sínar hyggist hann eignast eða auka við virkan eignarhlut, skal hann tilkynna því um sölu á eignarhlut. Ákvæði 60. gr. um tímaramma Fjármálaeftirlitsins til þess að bregðast við tilkynningunni eiga, eðli máls samkvæmt, ekki við í slíkum tilvikum. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 57. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

65. gr.

Tilkynning váttryggingafélags um aðilaskipti.

Þegar tilkynning hefur borist váttryggingafélagi um aðilaskipti að hlutabréfum í félaginu sem valda því að hlutafjäreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 58. gr. skal stjórn þess tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það án ástæðulauss dráttar.

Um 65. gr. Sé stjórn váttryggingafélags kunnugt um breytingar á eignaraðild, sbr. þau mörk sem vísað er til í 58. gr., skal hún tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þær. Greinin er efnislega samhljóða 49. gr. núgildandi laga og er í samræmi við 1. mgr. 61. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

66. gr.

Upplýsingaskylda og viðvarandi mat á hæfi eiganda virkra eignarhluta.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í váttryggingafélagi í því skyni að meta hvort þeir teljast hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal váttryggingafélag tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í því og um hlutafjäreign hvers þeirra.

Teljast einstaklingur eða lögaðili ekki lengur hæfur til þess að fara með virkan eignarhlut er heimilt að veita hæfilegan frest til úrbóta sé það unnt að mati Fjármálaeftirlitsins. Verði úrbótum ekki við komið eða líði frestur sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt skv. 1. másl. skal Fjármálaeftirlitið grípa til þeirra úrræða sem getið er um í 68. gr. Við mat á hæfi samkvæmt ákvæði þessu skal m.a. hafa mat skv. 61. gr. til hliðsjónar.

Um 66. gr. Til þess að geta viðhaldið virku eftirliti með váttryggingafélögum og metið hæfi þeirra sem eiga virkan eignarhlut í þeim er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið hafi heimildir til þess að geta, á hverjum tíma, tekið hæfi þeirra til athugunar. Greinin er samhljóða 50. gr. gildandi laga að því undanskildu að fyrirsögn hefur verið breytt auk þess sem 2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 61. gr. tilskipunar 2009/13/ESB um að váttryggingafélag skuli að minnsta kosti einu sinni á ári tilkynna Fjármálaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í félaginu. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins um að aðili sé ekki hæfur, sbr. 3. mgr., til að fara með virkan eignarhlut skal ætíð rökstudd, sbr. 59. gr. Sama á við um niðurstöðu byggða á ákvæði 63. gr. Í slíku tilviki ætti sá sem tilkynnti um áform sín möguleika á að gera betur grein fyrir því hver hinn raunverulegi eigandi er. Fjármálaeftirlitið hefði þá, eftir aðstæðum, tilefni til að endurskoða niðurstöðu sína.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna eða upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut til þess að meta hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut. Ef upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið hefur fengið leiða í ljós að aðili telst af einhverjum ástæðum óhæfur til þess að fara með virkan eignarhlut getur Fjármálaeftirlitið veitt aðila hæfilegan frest til þess að gera úrbætur sé unnt að koma þeim við. Með þessu er það ítrekað að Fjármálaeftirlitið skuli gæta meðalhófs þegar það grípur til heimilda sem því eru fengnar með ákvæðinu en eins og fram kemur í 3. mgr. skal Fjármálaeftirlitið grípa til þeirra heimilda sem getið er um í 63. gr. ef úrbótum verður ekki komið við eða frestur sem Fjármálaeftirlitið veitir aðila til þess að koma hlutum í lag líður án þess að gripið verði til úrbóta.

Með hliðsjón af þeim áhrifum sem eigendur virkra eignarhluta hafa með eignarhaldi sínu í váttryggingafélögum er talið eðlilegt að hægt sé að koma í veg fyrir óeðlileg áhrif þeirra eigenda sem ekki teljast hæfir til þess að fara með slík réttindi. Ef ekki er gripið til aðgerða gegn óhæfum eigendum virkra eignarhluta getur slíkt leitt til vantrausts almennings og fjárfesta á viðkomandi váttryggingafélgi og getur haft áhrif á fjármálastöðugleika. Því eru ríkar ástæður fyrir því að reynt sé að koma í veg fyrir áhrif óhæfra eigenda virkra eignarhluta á váttryggingamarkaði.

67. gr.

Raunverulegur eigandi.

Leiki vafi á því að mati Fjármálaeftirlitsins hver sé, eða verði, raunverulegur eigandi virks eignarhlutar, skal það tilkynna viðkomandi aðila og váttryggingafélaginu að það telji viðkomandi aðila ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn.

Um 67. gr.: Greinin er samhljóða 51. gr. gildandi laga. Ef upplýsingar þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eru ófullnægjandi getur Fjármálaeftirlitið óskað fyllri upplýsinga, sbr. 59. gr. eða lagt mat á hæfi viðkomandi á grundvelli innsendra upplýsinga og þá, eftir atvikum, hafnað því að af kaupunum verði. Séu innsendar upplýsingar um væntanlegan kaupanda þess eðlis að Fjármálaeftirlitið telur vafa leika á því hver sé raunverulegur kaupandi, skal það tilkynna viðkomandi að það telji hann ekki hæfan til að fara með hlutinn. Tilvik af þessu tagi gætu t.d. verið að væntanlegur kaupandi væri eignarhaldsfélag og óljóst væri hverjir væru raunverulegir eigendur þess, eða eigendur þess væru aðilar skrásettir í lögsögu sem ekki væri með samning við Fjármálaeftirlitið um virk skipti á upplýsingum. Með tilliti til heilbrigðs og trausts fjármáلامarkaðar er Fjármálaeftirlitinu ætlað að ganga tryggilega úr skugga um það hverjir fari með virkan eignarhlut í váttryggingafélögum.

68. gr.

Ráðstafanir tengdar virkum eignarhlut.

Sé aðila sem á virkan eignarhlut í váttryggingafélagi svo farið eða fari hann þannig með hlut sinn að það skaði heilbrigðan og traustan rekstur þess að mati Fjármálaeftirlitsins getur það gripið til eftirfarandi ráðstafana:

1. Ákveðið að þeim hlut fylgi ekki atkvæðisréttur.
2. Lagt fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag að grípa til ráðstafana sem draga úr skaðlegum áhrifum hluthafans.
3. Lagt fyrir stjórn hlutaðeigandi váttryggingafélags að boða til hluthafafundar þar sem háttsemi hluthafans skal tekin fyrir. Skal fulltrúa Fjármálaeftirlitsins heimilt að sækja fundinn og taka þar til máls.

Við mat á því hvort gripið skuli til ráðstafana skv. 1. mgr. skal m.a. höfð hliðsjón af þeim atriðum sem greinir í 61. gr. Að auki skal höfð sérstök hliðsjón af því hvort staða eða háttsemi viðkomandi aðila sé til þess fallin að rýra traust almennings á hlutaðeigandi váttryggingafélagi verði hún opinber.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa í senn til fleiri en einnar af þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. þyki það nauðsynlegt.

Telji Fjármálaeftirlitið að nán tengsl hindri eftirlit með starfsemi váttryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

Um 68. gr. Greinin er samhljóða 52. gr. gildandi laga og fjallar um ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitið getur gripið til ef aðili sem á virkan eignarhlut í váttryggingafélagi fer þannig með hlutinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur félagsins. Ákvæðið er jafnframt í samræmi við ákvæði 62. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

69. gr.

Hlutabréf. Lánveitingar.

Váttryggingafélag má sjálft aldrei eiga meira en 10% eigin hlutafjár. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum sem váttryggingafélag á sjálft.

Váttryggingafélagi er óheimilt að veita lán sem tryggð eru með veði í hlutabréfum eða skuldabréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf.

Megi greiða nýja hluti með skuldajöfnuði eða á annan hátt en með reiðufé við hækkun hlutafjár skulu reglur þar að lútandi koma fram í ákvörðun hluthafafundar um hækkunina og gildir ákvæði 14. gr. eftir því sem við getur átt. Ákvörðun um að innborgun nýrra hluta geti farið fram með skuldajöfnuði skal hljóta samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Allar ákvarðanir um lækkun hlutafjár í váttryggingafélagi skulu háðar samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Um 69. gr. Greinin er samhljóða 53. gr. gildandi laga.

XI. KAFLI.

Endurskoðun.

70. gr.

Endurskoðun.

Ársreikningur váttryggingafélags skal endurskoðaður af endurskoðanda. Aðalfundur kýs endurskoðendur eða endurskoðunarfélag í samræmi við samþykktir félags. Sé váttryggingafélag hluti félagasamstæðu skal endurskoðandi vera sameiginlegur fyrir samstæðuna í heild. Ef um er að ræða félag af því tagi sem getið er í 2. mgr. 5. gr. getur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að a.m.k. einn endurskoðandi sé sameiginlegur fyrir öll félögin. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skv. 2. másl. skal ekki gegna öðrum störfum fyrir váttryggingafélagið.

Endurskoðandi má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður váttryggingafélags eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun. Hann má ekki vera skuldugur félaginu, hvorki sem skuldari né ábyrgðarmaður, og sama gildir um maka hans.

Endurskoðendur félags eiga rétt á að sitja stjórnar- og félagsfundi í váttryggingafélagi og er skylt að mæta á aðalfundi.

Endurskoðanda eða endurskoðunarfélag skal kjósa til fimm ára á aðalfundi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 1. másl. lauk. Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. getur váttryggingafélag vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu áliði endurskoðendaráðs.

Um 70. gr. Greinin er samhljóða núgildandi 57. gr. laga.

71. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda endurskoðanda.

Endurskoðanda váttryggingafélags er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar.

Endurskoðanda er einnig skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fá þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem váttryggingafélagið er í nánnum tengslum við vitneskju um:

- a. Veruleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins.
- b. Málefni sem kunna að hafa úrslitabýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.
- c. Athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikning.
- d. Að gjaldþolskrafa eða krafa um lágmarksfjármagn er ekki uppfyllt.

Endurskoðanda er jafnframt skylt að veita Fjármálaeftirlitinu þær upplýsingar sem að framan greinir vegna aðila sem váttryggingafélagið er í nánnum tengslum við og endurskoðandi hefur orðið áskynja í störfum sínum.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.

Um 71. gr. Greinin er byggð á 58. gr. gildandi laga auk þess hún er í samræmi við 72. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Upptalning í 2. mgr. á atvikum þar sem endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hefur verið aðlöguð ákvæði 72. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Við ákvæðið bætist ný 3. mgr. varðandi upplýsingar um félög í nánnum tengslum við váttryggingafélagið.

XII. KAFLI.

Rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.

72. gr.

Mörk líftryggingafélaga og skaðatryggingafélaga.

Líftryggingastarfsemi má ekki reka með skaðatryggingastarfsemi. Þó má veita líftryggingafélagi starfsleyfi í slysa- og sjúkratryggingum. Einnig má veita skaðatryggingafélagi sem eingöngu er með starfsemi í slysa- og sjúkratryggingum starfsleyfi í líftryggingum, sem telst þá líftryggingafélag samkvæmt þessum lögum. Gæta skal þess að rekstur líf- og skaðatryggingastarfsemi sé aðskilinn.

Hafi skaðatryggingafélag fjárhagsleg, viðskiptaleg eða stjórnunarleg tengsl við líftryggingafélag, skal gæta þess að fjárhagur váttryggingafélaganna skaðist ekki vegna samninga á milli félaganna eða annarra samninga sem gætu haft áhrif á skiptingu útgjalda og tekna á milli þeirra.

Um 72. gr. Fyrstu tveir málsliðirnir eru samhljóða 12. gr. gildandi laga. Við bætist ákvæði úr 73. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Ákvæðið kveður á um að líftryggingastarfsemi skuli rekin í sérstöku félagi, að

Því undanskyldu að líftryggingafélögum er heimilit að reka einnig starfsemi í slysa- og sjúkratryggingum. Hér á landi eru nokkur líftryggingafélög sem hafa slíka heimild.

73. gr.

Aðskilnaður líf- og skaðatryggingastarfsemi.

Aðskilnaður líf- og skaðatryggingastarfsemi samkvæmt 72. gr. felst í því að ekki má blanda saman hagsmunum váttryggðra í líftryggingum annars vegar og í skaðatryggingum hins vegar. Hagnaður frá líftryggingastarfsemi skal nýtast líftryggingartökum á sama hátt og ef félag með heimild skv. 1. mgr. 72. gr. væri eingöngu með starfsemi í líftryggingum.

Til viðbótar við útreikning gjaldþolskröfu skv. 97. gr. og á lágmarksfjármagni skv. 112. gr. skal váttryggingafélag með heimild til starfsemi í líftryggingum og skaðatryggingum skv. 1. mgr. 72. gr. reikna eftirfarandi:

- a. Ígildi lágmarksfjármagns, reiknað eingöngu út frá þeim hluta starfseminnar sem telst til líftrygginga.
- b. Ígildi lágmarksfjármagns, reiknað eingöngu út frá þeim hluta starfseminnar sem telst til skaðatrygginga.

Ekki má mæta ígildi lágmarksfjármagns vegna líftryggingastarfsemi skv. 1. másl. með skaðatryggingastarfsemi og öfugt.

Séu lágmarkskröfur skv. 2. mgr. uppfylltar má nota hvaða viðurkenndu gjaldþolsliði sem er til að mæta gjaldþolskröfu skv. 97. gr. Tilkynna skal eftirlitsstjórnvöldum um slíka ráðstöfun.

Við gerð ársreiknings og annarra uppgjöra skal þess gætt að niðurstöður líftryggingastarfsemi annars vegar og skaðatryggingastarfsemi hins vegar komi sérstaklega fram. Öllum tekjum, sér í lagi iðgjöldum, greiðslum frá endurtryggjendum og fjárfestingartekjum skal skipt eftir uppruna. Einnig skal skipta útgjöldum, sér í lagi tjóna- og bótagreiðslum, hækkun á váttryggingaskuld, endurtryggingaiðgjöldum og rekstarkostnaði eftir uppruna. Teljist liðir sameiginlegir með báðum þáttum starfseminnar skal þeim skipt með uppskiptingaraðferð sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Váttryggingafélög skulu á grundvelli uppgjörsins skjalfesta hvernig viðurkenndir kjarnagjaldþolsliðir mæta ígildi lágmarksgjaldþols í líftryggingastarfsemi annars vegar og skaðatryggingastarfsemi hins vegar skv. 2. mgr., sbr. XV. kafla um flokkun gjaldþolsliða.

Dugi viðurkenndir eiginfjárliðir ekki til að mæta ígildi lágmarksfjármagns í öðrum þætti starfseminnar í samræmi við 3. mgr. skulu ákvæði XIX. kafla gilda um þann þátt starfseminnar óháð niðurstöðu í hinum þætti starfseminnar.

Ráðstafanir skv. XIX. kafla geta falið í sér undanþágu frá lokamásl. 3. mgr. sem felur í sér heimild til að færa kjarnagjaldþolsliði frá einum þætti starfseminnar til annarrar.

Um 73. gr. Greinin er í samræmi við 74. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem fjallar um aðgreiningu líf- og skaðatryggingastarfsemi og útreikning á ígildi lágmarksgjaldþols þegar líftryggingafélög reka starfsemi í slysa- og sjúkratryggingum.

XIII. KAFLI.

Mat á efnahagsreikningi.

74. gr.

Mat á eignum og skuldbindingum.

Eignir og skuldbindingar váttryggingafélags skulu metnar þannig í mati á gjaldþolsstöðu að virði þess endurspegli verð sem aðilar sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta myndu komast að samkomulagi um í viðskiptum ótengdra aðila.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um samstæður.

Ráðherra skal setja reglugerð sem tilgreinir nánar þær aðferðir sem nota skal við mat á eignum og skuldbindingum váttryggingafélags og samstæðna.

Um 74. gr. Greinin er í samræmi við 75. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um mat á eignum og skuldbindingum í útreikningi á gjaldþolsstöðu hjá váttryggingafélagi og 224. gr. tilskipunar 2009/138/ESB um mat á eignum og skuldbindingum í útreikningi á gjaldþolsstöðu hjá samstæðum. Ekki er um sama mat að ræða og samkvæmt lögum um ársreikninga. Um mat á váttryggingaskuld er fjallað sérstaklega í næsta kafla. Við mat á því hvað teljast ótengdir aðilar í 1. mgr. skal hafa armslengdarsjónarmið að leiðarljósi.

XIV. KAFLI.

Vátryggingaskuld.

75. gr.

Almenn ákvæði um fjárhagsskuldbindingar vegna vátryggingasamninga.

Vátryggingafélag skal meta skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingarsamninga. Slík fjárhagsskuldbinding nefnist vátryggingaskuld.

Vátryggingaskuld skal á hverjum tíma vera sú fjárhæð sem vátryggingafélag þarf að greiða ef vátryggingarskuldbinding þess væri flutt til annars vátryggingafélags með skömmum fyrirvara.

Mat vátryggingaskuldar skal styðjast við og vera í samræmi við markaðsupplýsingar ásamt tiltækum upplýsingum um vátryggingaáhættu.

Vátryggingaskuld skal metin með varfærni og með áreiðanleika og hlutlægni að leiðarljósi.

Um 75. gr. Greinin er í samræmi við 76. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og er um almenn ákvæði um mat á vátryggingaskuld.

76. gr.

Útreikningur á vátryggingaskuld.

Vátryggingaskuld skal vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi.

Besta mat skuldbindinga er meðaltal framtíðar fjárstreymis vegið með líkindum að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga greiðslna með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli.

Útreikningur á besta mati skuldbindinga skal vera byggður á nýjum og áreiðanlegum upplýsingum, raunsæjum forsendum og viðeigandi tryggingastærðfræðilegum og tölfræðilegum aðferðum.

Áætlun um fjárstreymi sem notuð er við útreikning á besta mati skuldbindinga skal taka mið af öllum inn- og útborgunum sem leiða af uppgjöri skuldbindinga vegna vátryggingarsamninga.

Besta mat vátryggingaskuldar skal reikna án lækkunar útgjalda vegna endurtryggingasamninga og samninga við félög með sérstakan tilgang. Áhrif slíkra samninga skal reikna sérstaklega skv. 82. gr.

Áhættuálag er sú fjárhæð sem ásamt besta mati er ætlað að tryggja að vátryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur vátryggingafélög áskilji til þess að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem vátryggingaskuld félagsins er ætlað að mæta.

Vátryggingafélag skal meta besta mat og áhættuálag skuldbindinga í sitt hvoru lagi.

Þegar líkja má eftir vátryggingaskuldbindingum sem vátryggingaskuld er ætlað að mæta, með fjármálagerningum sem hafa áreiðanlegt markaðsverð, skal ákveða vátryggingaskuld fyrir það fjárstreymi á grundvelli markaðsverðs þessara fjármálagerna. Í slíkum tilfellum þarf ekki að aðgreina besta mat og áhættuálag í útreikningi vátryggingaskuldar.

Áhættuálag skal reiknað sem fjármagnskostnaður við að leggja til eigið fé til jafns við þá gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra.

Vextir sem nota skal við mat á fjármagnskostnaði við að leggja til viðurkennda gjaldþolsliði til að mæta fjárhæð skv. 6. mgr. skulu vera þeir sömu fyrir öll vátryggingafélög.

Um 76. gr. Greinin er í samræmi við 77. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um hvernig standa skuli að mati á vátryggingaskuld.

77. gr.

Útreikningur á áhættulausum vaxtaferli.

Við ákvörðun á áhættulausum vaxtaferli sem vísað er til í 2. mgr. 76. gr. tiltekins tíma skal taka mið af upplýsingum um viðeigandi fjármálagerna með gjalddaga á þeim tiltekna tíma á djúpum, virkum og gagnsæjum markaði. Þegar slíkar upplýsingar eru ekki fyrir hendi skal ákvarða áhættulausan vaxtaferil með brúun eða framreikningi.

Sá hluti vaxtaferilsins sem er framreiknaður skal byggja á upplýsingum fram að síðasta gjalddaga þar sem á markaði er dýpt, seljanleiki og gagnsæi. Þann vaxtaferil skal framreikna að endanlegum langtímavöxtum.

Um 77. gr. Ákvæðið er í samræmi við 77a. gr. í tilskipun 2009/138/ESB. Samræmdir vaxtaferlar í öllum helstu gjaldmiðlum verða aðgengilegir hjá Fjármálaeftirlitinu.

78. gr.

Upplýsingar vegna mats á vátryggingaskuld.

Fjármálaeftirlitið skal gefa út upplýsingar a.m.k. ársfjórðungslega fyrir viðeigandi gjaldmiðla áhættulausan vaxtaferil til að reikna besta mat vátryggingaskuldar skv. 76. gr.

Um 78. gr. Greinin kveður á um að Fjármálaeftirlitið gefi út upplýsingar vegna núvirdingar váttryggingaskuldar og er í samræmi við a-lið 1. mgr. 77e. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

79. gr.

Önnur atriði varðandi mat á váttryggingaskuld.

Auk þeirra atriða sem getið er um í 76. gr. skal váttryggingafélag taka mið af eftirfarandi við mat váttryggingaskuldar:

1. Öllum útgjöldum sem á þau falla vegna umsýslu við váttryggingaskuldbindingar.
2. Verðbólgu, þar með talið breytingum á uppgjörskostnaði og tjónagreiðslum.
3. Öllum greiðslum til váttryggingartaka og réttihafa, þar með talið valkvæðra bónusgreiðslna, sem váttryggingafélag gerir ráð fyrir að inna af hendi hvort sem þær eru tryggðar með sammingsákvæðum eða ekki.

Um 79. gr. Greinin er í samræmi við 78. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um atriði til viðbótar þeim sem áður hefur verið kveðið á um vegna mats á váttryggingaskuld.

80. gr.

Mat á fjárhagslegri ábyrgð og valkvæðum ákvæðum í váttryggingarsamningum.

Við mat á váttryggingaskuld skal taka mið af virði fjárhagslegrar ábyrgðar og valkvæðra ákvæða í váttryggingarsamningum.

Mat á líkindum þess að váttryggingartakar nýti valkvæð ákvæði, þar með talið uppsögn og endurkaup samninga, skal vera raunsætt og byggt á reynslu og traustum upplýsingum. Matið skal einnig taka mið af áhrifum sem hugsanlegar breytingar á aðstæðum, fjárhagslegum eða öðrum kunna að hafa á nýtingu valkvæðra ákvæða.

Um 80. gr. Greinin er í samræmi við 79. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Hér á landi tíðkast ekki að selja váttryggingarsamninga með fjárhagslegri ábyrgð og valkvæðum ákvæðum í skilningi þessarar greinar.

81. gr.

Flokkun skuldbindinga.

Við útreikning á váttryggingaskuld skal váttryggingafélag aðgreina váttryggingaskuldbindingar sínar í einsleita áhættuflokka.

Um 81. gr. Greinin er í samræmi við 80. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Í reglugerð verður tilgreint nánar hvaða áhættuflokka er um að ræða í skaðatryggingum. Flokkarnir eru ekki þeir sömu og þegar starfsleyti er veitt skv. 20. gr.

82. gr.

Kröfur vegna samninga við endurtryggjendur og félög með sérstakan tilgang.

Mat váttryggingafélags á kröfum vegna samninga við endurtryggjendur og félög með sérstakan tilgang skal vera í samræmi við ákvæði 76.-81. gr.

Við matið skal taka mið af þeim tíma sem líður frá því að krafa stofnast til greiðslu hennar.

Endanlegt mat skal reiknað með hliðsjón af hugsanlegu tapi vegna vanefnda mótaðilans. Matið byggist á líkindum þess að greiðslufall verði hjá mótaðila og væntu tapi á endurkröfu sem slíkt hefði í för með sér.

Um 82. gr. Greinin er í samræmi við 81. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Kröfur vegna samninga váttryggingafélags við endurtryggjendur og félög með sérstakan tilgang eru eignamegin í efnahagsreikningi og mikilvægt að þær séu metnar í samræmi við efnahagslegt virði þeirra.

83. gr.

Áreiðanleiki upplýsinga og nálgun við mat váttryggingaskuldar.

Váttryggingafélag skal hafa innri ferla og verklag til að tryggja að gögn sem notuð eru við mat váttryggingaskuldar séu viðeigandi, heildstæð og nákvæm.

Ef sérstakar aðstæður verða þess valdandi að váttryggingafélag hefur ekki fullnægjandi gögn til að beita áreiðanlegum tryggingastærðfræðilegum aðferðum á hluta skuldbindinga þeirra vegna váttrygginga eða kröfur vegna endurtryggingasamninga eða samninga við félög með sérstakan tilgang skal því heimilt að

nota nálgunaraðferðir við matið þar með talið mat hvers einstaks tjónsatburðar í besta mati váttryggingaskuldar.

Um 83. gr. Greinin er í samræmi við 82. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Án fullnægjandi gagna verður mat á váttryggingaskuld ekki marktækt og er lagt til í ákvæðinu að unnt sé að nota nálgunaraðferðir við matið ef fullnægjandi gögn eru ekki til staðar í ákveðnum tilvikum.

84. gr.

Áhrif reynslu á útreikninga.

Váttryggingafélag skal hafa verkferla og aðferðir sem tryggja að besta mat váttryggingaskuldar og forsendur þeirra útreikninga sem notaðir eru við matið séu reglulega yfirfarið og borið saman við reynslu.

Sé kerfisbundinn munur á besta mati á váttryggingaskuld og reynslu váttryggingafélags skal gera viðeigandi breytingar á þeim tryggingastærðfræðilegu aðferðum sem notaðar eru og, ef við á, þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar matinu.

Um 81. gr. Greinin er í samræmi við 84. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Samanburður útreikninga við reynslu er mikilvæg leið að því marki að tryggja að váttryggingaskuldin sé metin með sem nákvæmustum hætti.

85. gr.

Eftirlit með váttryggingaskuld.

Váttryggingafélag skal geta sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að fjárhæð váttryggingaskuldar þess sé hæfilega ákvörðuð og að aðferðir við ákvörðun hennar séu nothæfar og viðeigandi og að þau tölfraðilegu gögn sem við er stuðst séu fullnægjandi.

Um 85. gr. Greinin er í samræmi við 84. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um að váttryggingafélag skuli geta sýnt Fjármálaeftirlitinu fram á að váttryggingaskuldin sé hæfilega ákvörðuð og að gögn og forsendur séu fullnægjandi.

86. gr.

Hækkun váttryggingaskuldar.

Uppfylli mat váttryggingafélags á váttryggingaskuld þess ekki ákvæði 76.-84. gr. laga þessara getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að það hækki váttryggingaskuldina svo skilyrðin verði uppfyllt.

Um 86. gr.: Greinin er í samræmi við 85. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og veitir Fjármálaeftirlitinu heimild til að krefjast þess að váttryggingaskuld verði hækkuð til að uppfylla skilyrði þessa kafla.

87. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð sem útfærir eftirfarandi þætti nánar:

- a. Tölfraðilegar og tryggingastærðfræðilegar aðferðir til að reikna besta mat í samræmi við 2. mgr. 76. gr.
- b. Aðferðir við að reikna áhættulausan vaxtaferil til núvirðingar á besta mati váttryggingaskuldar sem vísað er til í 2. mgr. 76. gr.
- c. Við hvaða aðstæður þurfi ekki að reikna besta mat og áhættuálag sitt í hvoru lagi og hvaða aðferðir skulu notaðar í þeim tilvikum.
- d. Aðferðir og forsendur sem notaðar eru í útreikningi áhættuálags, þ.á m. hvaða viðurkenndu gjaldþolsliðir geta mætt váttryggingaskuldbindingum og ákvörðun vaxta við útreikning fjármagnskostnaðar.
- e. Váttryggingagreinum sem skuldbindingum er skipt í við útreikning váttryggingaskuldar 81. gr.
- f. Staðla sem þurfa að fylgja til þess að gögn notuð við útreikning váttryggingaskuldar séu viðeigandi, heildstæð og nákvæm og þær sérstöku aðstæður sem gera að verkum að leyfilegt er að nota nálganir, svo sem mat hvers einstaks tjónstilviks.
- g. Aðferðir við útreikning á mótaðilaáhættu í mati á kröfum á endurbyggjendur og félög með sérstakan tilgang skv. 82. gr.

- h. Þegar nauðsyn krefur, einfaldari aðferðir við útreikning váttryggingaskuldar, sem tryggja að þær tryggingastærðfræðilegu og tölfræðilegu aðferðir sem vísað er til í a og d-liðum séu í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika áhættunnar sem váttryggingafélög bera.

Um 87. gr. Greinin er í samræmi við 86. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og gerir ráð fyrir reglugerð sem útfærir tiltekin atriði er varða váttryggingaskuld.

XV. KAFLI.

Gjaldþol.

88. gr.

Gjaldþol.

Gjaldþol váttryggingafélags er samtala kjarnagjaldþols, sbr. 89. gr. og stuðningsgjaldþols, sbr. 90. gr.

Um 88. gr. Greinin er í samræmi við 87. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og skilgreinir hvað felst í gjaldþoli váttryggingafélags. Önnur ákvæði þessa kafla fjalla um hvað felst í kjarnagjaldþoli og stuðningsgjaldþoli ásamt nánari uppbyggingu gjaldþols.

89. gr.

Kjarnagjaldþol.

Kjarnagjaldþol er sá hluti eigna sem er umfram samtölu skuldbindinga skv. XIII. kafla og váttryggingaskuldar skv. XIV. kafla og víkjandi skuldir.

Frá samtölu skuldbindinga skv. XIII. kafla dregst eigin hlutafjáreign váttryggingafélagsins.

Um 89. gr. Greinin er í samræmi við 88. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og lýsir meginuppbyggingu kjarnagjaldþols.

90. gr.

Stuðningsgjaldþol.

Til stuðningsgjaldþols teljast liðir, aðrir en kjarngjaldþolsliðir, sem nýst geta til að mæta tapi.

Eftirtaldir liðir geta talist til stuðningsgjaldþols uppfylli þeir ekki kröfur um að teljast til kjarnagjaldþols:

- a. Óinnborgað hlutafé.
- b. Loforð um lánveitingu og ábyrgðir.
- c. Aðrar lagalega bindandi kröfur sem eru í eigu váttryggingafélags.

Hafi stuðningsþolsliður verið greiddur telst hann til eignar og er þá ekki lengur hluti stuðningsgjaldþols félagsins.

Notkun stuðningsgjaldþolsliðar er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Um 90. gr. 1.- 3. mgr. eru í samræmi við 89. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjalla um meginuppbyggingu stuðningsgjaldþols. 4. mgr. er í samræmi við 90. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi til að nota stuðningsgjaldþol.

91. gr.

Flokkun gjaldþols og einkenni.

Gjaldþol flokkast í þrjá gjaldþolsþætti. Flokkunin er háð því hvort um kjarnagjaldþolsliði eða stuðningsgjaldþolsliði er að ræða og að hvaða marki þeir búa yfir eftirtöldum eiginleikum:

- a. Gjaldþolsliðurinn er tiltækur eða hægt er að innkalla hann til að mæta tapi að fullu, hvort sem er vegna áframhaldandi starfsemi eða vegna slitameðferðar, þ.e. stöðugt aðgengi.
- b. Við slitameðferð er unnt að nýta heildarfjárhæð gjaldþolsliðarins til að mæta tapi og liðurinn verður ekki greiddur til baka fyrr en öllum öðrum skuldbindingum þ. á m. skuldbindingum gagnvart váttryggingartökum og váttrygðum vegna váttryggingarsamninga hefur verið mætt.

Við mat á því hvort gjaldþolsliðir hafi eða muni hafa þau einkenni sem lýst er í a og b-lið 1. mgr. skal taka tillit til gildistíma og þá sér í lagi hvort gjaldþolsliðurinn sé afmarkaður við tiltekna lokadagsetningu. Hafi gjaldþolsliður afmarkaðan gildistíma skal litið til þess hvort gildistími hans sé í samræmi við gildistíma váttryggingaskuldbindinga.

Auk þess skal taka til skoðunar hvort gjaldþolsliðurinn hafi:

- a. Kröfur eða hvata til að innleysa nafnverðsfjárhæð.
- b. Skuldbindandi afgangjöld.
- c. Aðrar kvaðir.

Um 91. gr. Greinin er í samræmi við 93. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um megin viðmið við flokkun gjaldþolsliða. Nánar verður kveðið á um flokkunina í reglugerð.

92. gr.

Megin skilyrði flokkunar í gjaldþolsþætti.

Kjarnagjaldþolsliðir flokkast í gjaldþolsþátt 1 þegar þeir hafa einkenni sem lýst er í a og b-lið 1. mgr. 91. gr. að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í 2. mgr. 91. gr.

Kjarnagjaldþolsliðir flokkast í gjaldþolsþátt 2 þegar þeir hafa einkenni sem lýst er í b-lið 1. mgr. 91. gr. að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem nefndir eru í 2. mgr. 91. gr.

Stuðningsgjaldþolsliðir flokkast í gjaldþolsþátt 2 þegar þeir hafa einkenni sem lýst er í a og b-lið 1. mgr. 91. gr. að teknu tilliti til þeirra eiginleika sem nefndir eru í 2. mgr. 91. gr.

Allir stuðningsgjaldþolsliðir sem falla ekki undir 1.-3. mgr. teljast til gjaldþolsþáttar 3.

Að auki skal eftirfarandi gilda um flokkun gjaldþols:

- a. Óráðstöfuð ágóðaskuld líftryggingafélags sem telst til eigin fjár, skal flokkast í gjaldþolsþátt 1.
- b. Loforð um lánveitingu og ábyrgðir sem eru í vörslu óháðs vörsluaðila til hags fyrir kröfuhafa váttryggingakrafna og sem gefnar eru út af viðskiptabanka, sparisjóði eða lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki flokkast í gjaldþolsþátt 2.

Um 92. gr. 1.-3. mgr. eru í samræmi við 94. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjalla um meginskilyrði flokkunar í gjaldþolsþætti. 4. mgr. er í samræmi við 96. gr. tilskipunarinnar og fjallar um flokkun tiltekinna gjaldþolsliða. Greinin kveður nánar á um hvaða eiginleika skuli líta til við flokkun gjaldþolsliða. Með ágóðaskuld líftryggingafélags er átt við áunna ógjaldfallna ágóðahlutdeild líftryggingataka samkvæmt reiknigrundvelli.

93. gr.

Flokkun í gjaldþolsþætti.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að váttryggingafélög flokki gjaldþolsliði skv. 92. gr. Í þeim tilgangi skal váttryggingafélag þar sem við á vísa til lista af gjaldþolsliðum sem tilgreindir eru í reglugerð sem ráðherra setur. Þegar gjaldþolsliður er ekki á þeim lista skal váttryggingafélag meta hann og flokka í samræmi við 92. gr. Slík flokkun er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Um 93. gr. Greinin er í samræmi við 95. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að Fjármálaeftirlitið skuli fylgjast með því að váttryggingafélög flokki gjaldþolsliði í samræmi við viðmið 90. gr. Ráðherra setur reglugerð þar sem fram koma listar yfir viðurkennda gjaldþolsliði.

94. gr.

Mörk gjaldþolsþátta.

Hæft gjaldþol til að mæta gjaldþolskröfu skv. 97. gr. skal vera samtala gjaldþolsþátta 1-3.

Hæft gjaldþol til að mæta lágmarksfjármagni skv. 111. gr. skal vera samtala gjaldþolsþáttar 1 og 2.

Um 94. gr. Greinin er í samræmi við 98. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um með hvaða hætti gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni er mætt með gjaldþolsþáttum. Nánar verður fjallað um mörk gjaldþolsþátta í reglugerð.

95. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð um eftirfarandi þætti:

- a. Viðmið sem Fjármálaeftirlitið leggur til grundvallar við mat á hvort heimilt er að nota stuðningsgjaldþolslið í samræmi við 90. gr.
- b. Meðhöndlun eignarhlutar í fjármálafyrirtækjum við ákvörðun gjaldþols, hvort sem um er að ræða beinan eignarhlut eða víkjandi kröfur á fjármálafyrirtæki.
- c. Ferli sem Fjármálaeftirlitið skal fylgja við afgreiðslu umsókna um notkun gjaldþolsliða.
- d. Lista yfir viðurkennda gjaldþolsliði sem uppfylla skilyrði 92. gr. þar sem forsendur flokkunar koma fram fyrir hvern viðurkenndan gjaldþolslið.
- e. Aðferðir sem Fjármálaeftirlitið skal nota til að samþykkja flokkun á gjaldþolsliðum sem ekki eru á listanum sem vísað er til í a-lið.

- f. Sérþæka aðlögun á mörkum sem ætlað er að endurspegla takmarkaða möguleika á færslu gjaldþolsliða, sem eingöngu er heimilt að nota til að mæta tapi sem stafar af tilgreindum hluta skuldbindinga félagsins eða vegna tiltekinnar áhættu, þ.e. á vörðum sjóðum.
- g. Takmarkanir á notkun gjaldþolsþátta 2 og 3 til að mæta gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni.
- h. Sérþæka aðlögun á mörkum sem ætlað er að endurspegla takmarkaða möguleika á færslu gjaldþolsliða, sem eingöngu er heimilt að nota til að mæta tapi sem stafar af tilgreindum hluta skuldbindinga félagsins eða vegna tiltekinnar áhættu, þ.e. á vörðum sjóðum.

Um 95. gr. Greinin er í samræmi við 92. gr., 97. gr. og 99. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um setningu reglugerðar sem kveður nánar á um gjaldþol.

XVI. KAFLI.

Gjaldþolskrafa.

96. gr.

Gjaldþolskrafa. Almenn ákvæði.

Vátryggingafélag skal eiga hæfa gjaldþolsliði til að mæta gjaldþolskröfu. Gjaldþolskrafa skal annað hvort reiknuð eftir staðalreglu eða eigin líkani samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Um 96. gr. Greinin er í samræmi við 100. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að vátryggingafélag skuli eiga hæfa gjaldþolsliði til að mæta gjaldþolskröfu. Hægt er að reikna gjaldþolskröfu annað hvort eftir staðalreglu eða með eigin líkani og er fjallað um þær aðferðir í þessum kafla. Nánari upplýsingar um staðalregluna mun koma fram í reglugerð, sem og nánari kröfur til eigin líkana.

97. gr.

Útreikningur á gjaldþolskröfu.

Við útreikning gjaldþolskröfu skal miða við áframhaldandi starfsemi félagsins. Gjaldþolskrafa skal vera mælikvarði yfir alla mælanlega áhættu vátryggingafélags. Gjaldþolskrafan skal taka til þegar gerðra samninga sem og væntrar útgáfu nýrra vátryggingarsamninga næstu 12 mánuði. Í útreikningum vegna núverandi starfsemi skal gjaldþolskrafa aðeins taka mið af óvæntu tapi. Gjaldþolskrafa skal vera í samræmi við áhættuvirði kjarnagjaldþols vátryggingafélags miðað við 99,5% öryggisstig til eins árs.

Gjaldþolskrafa skal hið minnsta taka til eftirfarandi áhættuþátta:

- a. Skaðatryggingaáhættu.
- b. Líffryggingaáhættu.
- c. Heilsutryggingaáhættu.
- d. Markaðsáhættu.
- e. Kröfuáhættu.
- f. Rekstraráhættu.

Rekstraráhætta samkvæmt f-lið skal fela í sér lagalega áhættu og undanskilja áhættu vegna stefnumótunar og orðspors.

Við útreikning á gjaldþolskröfu skal taka mið af áhrifum áhættuvarna að því tilskildu að kröfuáhætta og önnur áhætta sem rekja má til varnanna komi fram í útreikningi gjaldþolskröfu með viðeigandi hætti.

Um 97. gr. Ákvæðið er í samræmi við 101. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir lágmarkskröfur til útreiknings gjaldþolskröfu. Með áhættuvirði er hér átt við hugtakið Value-at-Risk (VaR) sem er tölfraðileg aðferð til að mæla tapsáhættu. Áhættuvirði miðað við 99,5% öryggisstig til eins árs þýðir lágmarkstap sem 99,5% líkur eru á að verði ekki á næsta ári, þ.e. einungis 0,5% líkur eru á að slíkt tap verði.

98. gr.

Tíðni útreiknings gjaldþolskröfu.

Vátryggingafélag skal reikna gjaldþolskröfu eigi sjaldnar en einu sinni á ári og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um niðurstöðu. Viðurkenndir gjaldþolsliðir vátryggingafélags skulu nema hið minnsta síðustu tilkynntri gjaldþolskröfu. Vátryggingafélag skal fylgjast með stöðu viðurkenndra gjaldþolsliða og gjaldþolskröfu. Breytist áhættusnið vátryggingafélags verulega frá forsendum sem byggt var á við útreikning á gjaldþolskröfu sem síðast var tilkynnt ber félaginu að endurreikna gjaldþolskröfu án tafar og tilkynna til Fjármálaeftirlitsins.

Hafi Fjármálaeftirlitið vísbendingar um að áhættusnið vátryggingafélags hafi breyst verulega frá þeim degi sem gjaldþolskrafa var síðast tilkynnt getur það gert viðkomandi félagi að endurreikna gjaldþolskröfu.

Um 98. gr. Greinin er í samræmi við 102. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að gjaldþolskrafa sé reiknuð að minnsta kosti árlega og oftast ef áhættusnið breytist verulega.

99. gr.

Uppbygging staðalreglu.

Gjaldþolskrafa reiknuð á grundvelli staðalreglu er samtala eftirtalinna liða:

- a. Grunn gjaldþolskröfu skv. 100. gr.
- b. Gjaldþolskröfu vegna rekstraráhættu.
- c. Aðlögun vegna þess hluta váttryggingaskuldar sem nota má til að mæta tapi og frestuðum sköttum.

Um 99. gr. Greinin er í samræmi við 103. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og lýsir megin uppbyggingu staðalreglunnar. Nánar er fjallað um útreikning einstakra þátta í reglugerð.

100. gr.

Samsetning grunn gjaldþolskröfu.

Reikna skal grunn gjaldþolskröfu á grundvelli áhættueininga sem ná hið minnsta til skaðatryggingaáhættu, líftryggingaáhættu, heilsutryggingaáhættu, markaðsáhættu og mótaðilaáhættu.

Gjaldþolskrafan skal reiknuð sérstaklega fyrir hverja áhættueiningu. Miða skal við 99,5% áhættuvirði yfir eins árs tímabil. Þegar gjaldþolskröfur yfir eins árs tímabil vegna einstakra áhættueininga eru lagðar saman skal taka tillit til fjölpættingaráhrifa.

Að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins getur váttryggingafélag notað stika sem endurspeglar áhættusnið þess við útreikning á gjaldþolskröfu vegna váttryggingaáhættu.

Um 100. gr. Greinin er í samræmi við 104. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Með áhættueiningu er hér átt við þá aðferð sem notuð er til reikna gjaldþolskröfu vegna hvers áhættuþátta um sig.

101. gr.

Samræmdar útreikningsforsendur staðalreglunnar.

Fjármálaeftirlitið gefur út reglur um samsvörun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar við lánshæfisþrep sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrifeftirlitsstofnunarinnar.

Til að tryggja samræmd skilyrði við notkun staðalreglunnar og til að greiða fyrir útreikningi markaðsáhættueiningu sem vísað er til í 100. gr., mótaðilaáhættu í 100. gr., áhættuvarnir í 4. mgr. 97. gr. og útreikning á váttryggingaskuld gefur Fjármálaeftirlitið út reglur sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrifeftirlitsstofnunarinnar þar sem eftirfarandi kemur fram:

- a. Listi yfir héraðsstjórnir og sveitarstjórnir á EES-svæðinu sem litið skal á sem sambærilega áhættu og viðeigandi ríki hvað varðar sérstaka tekjuöflunarmöguleika og stjórnsýslufyrirkomulag sem minnka áhættu á greiðslufalli.
- b. Hlutabréfavísitala sem notuð er vegna samhverfrar aðlögunar við útreikning hlutabréfáhættu.
- c. Ákvæði um tengingu gjaldmiðla við evru til að skýra útreikning gjaldmiðlaáhættu.

Um 101. gr. Ákvæðið er í samræmi við 109a. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um reglur Fjármálaeftirlitsins um ýmsar forsendur staðalreglunnar. Um samhverfa aðlögun við útreikning hlutabréfaáhættu í b-lið 2. mgr. er fjallað í 106. gr. tilskipunar 2009/138/ESB en sú grein á sér ekki tilvísun í þessum lögum þar sem útreikningur hlutabréfaáhættu sem er undireining markaðsáhættu er nánar útfærður í reglugerð. Gjaldmiðlaáhætta skv. c-lið 2. mgr. er undireining markaðsáhættu í staðalreglunni.

102. gr.

Veruleg frávik frá forsendum staðalreglunnar.

Þegar ekki á við að reikna gjaldþolskröfu með staðalreglunni sökum þess að áhættusnið váttryggingafélags vikur verulega frá þeim forsendum sem liggja að baki staðalreglunni getur Fjármálaeftirlitið gert rökstudda kröfu um að í staðinn fyrir tiltekna stika í staðalreglunni noti félag stika sem eiga sérstaklega við um félagið við útreikning á váttryggingaáhættu sbr. 3. mgr. 100 gr. Þessir stikar skulu ákvarðaðir þannig að tryggt sé að ákvæði 2. mgr. 97. gr. séu uppfyllt.

Um 102. gr. Ákvæðið er í samræmi við 110. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Nánari leiðbeiningar um þetta mat liggja fyrir á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

103. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð sem tilgreinir nánar eftirfarandi atriði varðandi útreikning á gjaldpolskröfu með staðalreglu:

- a. Uppbygging staðalreglunnar.
- b. Undiráhættueiningar sem eru nauðsynlegar til að útfæra nánar þær áhættueiningar sem tilgreindar eru í 1. mgr. 100. gr. auk þess hvernig staðið skuli að uppfærslu.
- c. Aðferðir, forsendur og staðalstikar sem notaðir eru við útreikning á hverri áhættueiningu og undiráhættueiningu í grunn gjaldpolskröfu.
- d. Stikar sem lýsa fylgni á milli áhættuþátta og verklag við uppfærslu þeirra.
- e. Aðferðir og forsendur sem notaðar eru til að meta breytingar á áhættusniði váttryggingafélags þegar áhættuvarnir eru notaðar og hvaða áhrif það hefur á gjaldpolskröfu.
- f. Aðferðir og stikar sem notaðir eru til að meta mótaðilaáhættu vegna áhættuskuldbindinga gagnvart viðurkenndum miðlægum mótaðilum.
- g. Aðferðir og stikar sem notaðir eru við mat á gjaldpolskröfu vegna rekstraráhættu.
- h. Aðferðir og aðlaganir sem nota skal til að endurspeglar takmarkaða möguleika váttryggingafélags til áhættudreifingar með tilliti til varinna sjóða.
- i. Aðferð sem nota skal til að reikna út aðlögun gjaldpolskröfu sem myndast af völdum svigrúms í váttryggingaskuld eða vegna frestaðra skatta til að draga úr tapi.
- j. Þá stika í áhættueiningum staðalreglu vegna líftryggingaáhættu, heilsutryggingaáhættu og skaðatryggingaáhættu sem skipta má út fyrir eigin stika váttryggingafélags, skv. 100. gr.
- k. Staðlaðar aðferðir sem váttryggingafélag á að nota til að reikna út eigin stika skv. j-lið og þau skilyrði sem Fjármálaeftirlitið skal setja um að gögn notuð við útreikninga séu fullnægjandi, nákvæm og viðeigandi, áður en samþykki um notkun þeirra er gefið.
- l. Einfaldaða útreikninga sem nota má á tiltekna áhættueiningar og undiráhættueiningar, auk þeirra skilyrða sem váttryggingafélög, þ. á m. bundin váttryggingafélög, skulu uppfylla til að fá heimild til að nota slíkar einfaldanir.
- m. Aðferðir sem notaðar eru við mat á tengdum félögum, sér í lagi þegar gjaldpolskrafa vegna hlutabréfaáhættu sem er undireining markaðsáhættu er reiknuð. Taka skal tillit til líkinda á minna flökti í virði slíkra tengdra félaga sem stafa af stefnumarkandi eðli þessara fjárfestinga og þeirra áhrifa sem váttryggingafélagið getur haft á rekstur hins tengda félags.
- n. Hvernig nota eigi mat utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunar (ESBAI) við útreikning gjaldpolskröfu samkvæmt staðalreglu og hvernig matið er yfirfært á kvarða sem gefur til kynna lánshæfisþrep.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um ferli sem skal fylgja við samþykkt eigin stika váttryggingafélags sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisesftirlitsstofnunarinnar.

Fjármálaeftirlitið setur reglur þar sem tilgreind eru mörk eigna sem fela í sér áhættu sem ekki er tekið nægilegt tillit til í staðalreglunni sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisesftirlitsstofnunarinnar.

Um 103. gr. Greinin er í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að setja skuli reglugerð og reglur vegna gjaldpolskröfu. Með vörðum sjóðum (e. ring fenced funds) í h-lið 1. mgr. er átt við sjóði vegna starfsemi sem haldið er sérstaklega aðgreindri frá annarri starfsemi váttryggingafélags Slíkir sjóðir eru ekki til hér á landi við framlagningu frumvarpsins.

104. gr.

Almenn ákvæði um samþykki eigin alhliða- og hlutalíkana.

Við útreikning á gjaldpolskröfu er váttryggingafélagi heimilt að nota að fullu eða að hluta eigin líkön sem samþykkt hafa verið af Fjármálaeftirlitinu.

Váttryggingafélagi er heimilt að nota eigin hlutalíkön í útreikningi á einu eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

- a. Einum eða fleiri áhættueiningum eða undireiningum grunn gjaldpolskröfu.
- b. Gjaldpolskröfu vegna rekstraráhættu.
- c. Aðlögun vegna getu váttryggingaskuldar eða frestaðra skatta til að draga úr tapi.

Að auki má nota hlutalíkon fyrir eina eða fleiri af helstu rekstrareiningum félagsins þvert á áhættueiningar.

Fjármálaeftirlitið skal aðeins samþykkja umsókn váttryggingafélags ef kerfi þess til að greina, mæla, fylgjast með, stýra og skrá áhættu eru viðunandi og að eigin líkan uppfylli kröfur um notkun, tölfræðileg gæði, kvörðun, dreifingu hagnaðar og taps, staðfestingu og skjölun. Ráðherra setur reglugerð sem skilgreinir kröfurnar.

Þrátt fyrir að notkun eigin líkans hafi verið samþykkt getur Fjármálaeftirlitið krafðið váttryggingafélag um að áætla gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglunni.

Um 104. gr. Greinin er í samræmi við 112. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um almennar kröfur til eigin líkana.

105. gr.

Sérstök ákvæði um samþykki eigin hlutalíkana.

Fjármálaeftirlitið skal einungis veita leyfi fyrir hlutalíkani ef það uppfyllir skilyrði 104. gr. auk eftirfarandi skilyrða:

- a. Félagið getur rökstutt að umfang líkansins sé takmarkað.
- b. Gjaldþolskrafa sem af því leiðir endurspeglar betur áhættu félagsins en staðalregla.
- c. Hönnun líkansins er í samræmi við þær meginreglur sem settar eru fram í 99.-101. gr. þannig að líkanið sé að fullu samrýmanlegt staðalreglu.

Um 105. gr.: Greinin er í samræmi við 113. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um sérstök ákvæði um samþykki eigin hlutalíkana. Váttryggingafélag sem notar hlutalíkan reiknar gjaldþolskröfu fyrir hluta áhættuþátta eða hluta starfseminnar með eigin líkani. Afgangurinn er reiknaður með staðalreglu.

106. gr.

Hlutverk stjórnar vegna eigin líkana.

Stjórn váttryggingafélags ákveður hvort umsókn um að nota eigið líkan skv. 104. gr. sé send til Fjármálaeftirlitsins. Sama á við um umsókn til að fá meiriháttar breytingar á líkaninu samþykktar.

Stjórn ber ábyrgð á að innleiða kerfi sem tryggir að eigin líkón virki alltaf með viðunandi hætti.

Um 106. gr. Greinin er í samræmi við 116. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um hlutverk stjórnar váttryggingafélags vegna eigin líkana.

107. gr.

Staðalregla tekin upp að nýju.

Að fengnu samþykki til að nota eigið líkan til útreiknings gjaldþolskröfu skv. 104. gr. getur váttryggingafélag ekki notað staðalreglu aftur til að reikna gjaldþolskröfu, hvorki að hluta eða öllu leyti, nema slíkt sé rökstutt og samþykkt af Fjármálaeftirlitinu.

Um 107. gr.: Greinin er í samræmi við 117. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um takmarkanir á því að taka staðalregluna upp að nýju til að koma í veg fyrir að váttryggingafélag velji þá aðferð sem henti því best hverju sinni.

108. gr.

Skilyrði eigin líkans ekki uppfyllt.

Uppfylli váttryggingafélag sem fengið hefur samþykki frá Fjármálaeftirlitinu til að nota eigin líkan ekki kröfur þar að lútandi skal það án tafar afhenda Fjármálaeftirlitinu áætlun sem sýnir að skilyrðin verði uppfyllt innan hæfilegs tíma eða veita upplýsingar sem sýna fram á að áhrif vegna þessa séu óveruleg.

Takist váttryggingafélagi ekki að uppfylla kröfur 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja það um að reikna út gjaldþolskröfu í samræmi við staðalreglu.

Um 108. gr. Greinin er í samræmi við 118. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um úrræði Fjármálaeftirlitsins ef skilyrði um notkun eigin líkans eru ekki uppfyllt.

109. gr.

Veruleg frávík frá forsendum staðalreglunnar.

Þegar ekki á við að reikna gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu vegna þess að áhættusnið váttryggingafélags vikur verulega frá forsendum staðalreglu getur Fjármálaeftirlitið með rökstuðningi farið fram á að viðkomandi félag noti eigið líkan til útreiknings á gjaldþolskröfu í heild eða vegna tilgreindra áhættueininga.

Um 109. gr.: Greinin er í samræmi við 119. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Við gerð staðalreglunnar var miðað við váttryggingafélag sem gæti talist hefðbundið í evrópskum skilningi og meðalmarkaðsaðstæður í Evrópu. Gert er ráð fyrir því að ef áhættusnið váttryggingafélags viki verulega frá þeirri forsendu geti Fjármálaeftirlitið farið fram á að félagið noti eigið líkan.

110. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð um eftirfarandi:

1. Hvaða skilyrðum og prófunum eigin líkönunum er ætlað að uppfylla.
2. Hvernig skilyrði og prófanir skv. a-lið eiga við um hlutalíkon í ljósi takmarkaðs umfangs þeirra.
3. Hvernig líkanið sé samrýmanlegt staðalreglunni, þ.e. hvernig niðurstaða þess hluta gjaldþolskröfunnar sem reiknaður er með staðalreglunni og niðurstaða hlutalíkansins eru samþættar í heildargjaldþolskröfu.
4. Ferlið sem Fjármálaeftirlitið skal fylgja við:
 - a. Samþykki eigin líkana váttryggingafélags.
 - b. Samþykki á umfangsmiklum breytingum á eigin líkönunum váttryggingafélags og breytingum á stefnu félagsins um breytingar á líkani.

Um 110. gr. Greinin er í samræmi við 127. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að setja skuli reglugerð vegna skilyrða sem fram koma í 120.-126. gr. tilskipunarinnar en eru ekki í ákvæðum frumvarpsins.

XVII. KAFLI.

Lágmarksfjármagn.

111. gr.

Almenn ákvæði um lágmarksfjármagn.

Kjarnagjaldþolsfjárlíðir váttryggingafélags skulu að lágmarki nema því lágmarksfjármagni sem ákveðið er skv. 112. gr.

Um 111. gr. Greinin er í samræmi við 128. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem gerir þá kröfu að lágmarksfjármagn nemi aldrei lægri fjárhæð en kjarnagjaldþolsliðum váttryggingafélags.

112. gr.

Ákvörðun lágmarksfjármagns.

Lágmarksfjármagn váttryggingafélags skal ákvarðað samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

- a. Samsvara 85% af áhættuvirði kjarnagjaldþolsliða til eins árs.
- b. Ekki vera lægra en 25% af gjaldþolskröfu og ekki hærra en 45%. Viðbótargjaldþolskröfu skal bætt við gjaldþolskröfuna áður en framangreind hlutföll eru reiknuð, sé hún til staðar.
- c. Aldrei vera lægra en sem er jafnvirði 3,7 milljónum evra í íslenskum krónum.
- d. Hjá félagi sem er ekki með starfsemi í greinaflokkum 10-15 skv. 20. gr. skal lágmarksfjármagn ekki vera lægra en jafnvirði 2,5 milljónum evra í íslenskum krónum.
- e. Ekki vera lægra en jafnvirði 3,7 milljónum evra í íslenskum krónum hjá líftryggingafélagi.
- f. Ekki vera lægra en jafnvirði 3,6 milljónum evra í íslenskum krónum hjá endurtryggingafélagi.
- g. Ekki vera lægra en jafnvirði 1,2 milljónum evra í íslenskum krónum hjá bundnu endurtryggingafélagi.

Váttryggingafélag skal ákvarða lágmarksfjármagn a.m.k. ársfjórðungslega og tilkynna niðurstöðuna til Fjármálaeftirlitsins. Að jafnaði er ekki þörf á að reikna gjaldþolskröfu ársfjórðungslega til að ákvarða mörkin í b-lið. Ráði hlutföllin fjárhæð lágmarksfjármagns skal váttryggingafélag veita Fjármálaeftirlitinu fullnægjandi upplýsingar um ástæður þess.

Ráðherra setur reglugerð sem útfærir nánar hvernig lágmarksfjármagn er ákvarðað.

Um 112. gr. Greinin er í samræmi við 129. og 130. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um almenn viðmið varðandi útreikning lágmarksfjármagns sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur.

XVIII. KAFLI.

Fjárfestingar.

113. gr.

Varfærnisreglan.

Vátryggingafélag skal sjá til þess að eignasamsetning þess sé í samræmi við varfærnisregluna eins og tilgreint er í 2.-4. mgr. þessarar greinar.

Vátryggingafélagi er einungis heimilt að hafa í eignasafni sínu eignir og fjármálagerninga sem félagið getur greint, mælt, fylgst með, stjórnað, meðhöndlað og brugðist við áhættu með viðeigandi hætti. Taka skal tillit til heildargjaldþolsþarfar félagsins í samræmi við a-lið 1. mgr. 45. gr. Samsetning eigna vátryggingafélags skal vera með þeim hætti að öryggi, gæði, seljanleiki og arðsemi þeirra séu tryggð. Einnig skal staðsetning eigna vera þannig að aðgengi að þeim sé tryggt. Eignir sem notaðar eru til að mæta vátryggingaskuld skulu þar að auki vera í samræmi við eðli og líftíma vátryggingaskuldbindinga. Þeim eignum skal ráðstafað í samræmi við hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra með hliðsjón af skilmálum vátryggingarsamninga. Sé hætta á hagsmunaárekstrum skal vátryggingafélag eða annar aðili sem sér um eignasafn þess ganga úr skugga um að samsetning eigna sé í samræmi við hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eignir sem mæta eiga skuldbindingum vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka.

Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð verðgildi eininga í verðbréfasjóði, skv. skilgreiningu laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði eða verðgildi eininga í sjóði sem er í vörslu vátryggingafélagsins skal skuldbindingunni mætt með einingum sem samsvara, eins og mögulegt er, þeim einingum sem samningurinn kveður á um eða þegar slíkar einingar eru ekki til með sömu eignum og að baki liggja. Þegar skuldbinding samkvæmt líftryggingasamningi er með beinum hætti háð gengi hlutabréfa eða annarri viðmiðun en fram kemur í 1. másl. skal vátryggingaskuld vegna þessarar skuldbindingar mætt, eins og mögulegt er, annað hvort með einingum sem taldar eru samsvara eignum sem vísað er til í samningnum eða þegar einingar af því tagi eru ekki fáanlegar með hæfilega öruggum og seljanlegum eignum sem samsvara eins vel og hægt er því sem samningurinn tekur mið af. Þegar bætur fela í sér ábyrgð á arðsemi fjárfestinga eða eru tryggðar með öðrum hætti skulu eignir sem mæta samsvarandi viðbótarvátryggingaskuld lúta ákvæðum 4. mgr.

Auk ákvæða 2. mgr. gilda ákvæði þessarar málsgreinar um aðrar eignir en þær sem fjallað er um í 3. mgr. Notkun afleiðusamninga er aðeins möguleg svo framarlega sem þeir draga úr áhættu eða eru liður í að auka hagkvæmni fjárfestingarstjórnunar. Eignum sem ekki eru tækar til skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði skal haldið innan marka sem ákvarðast af varfærni. Eignum skal dreift með viðeigandi hætti til að forðast að vátryggingafélagið reiði sig um of á tiltekna eign, útgefanda eða hóp fyrirtækja eða landsvæði og óhóflega uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild. Fjárfestingar í eignum útgefnum af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu skulu ekki fela í sér óhóflega áhættusambjöppun fyrir vátryggingafélagið.

Um 113. gr. Greinin er í samræmi við 132. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um varfærnisregluna (e. prudent person principle).

114. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð um:

1. Tilgreiningu, mælingu, eftirlit, stýringu og upplýsingagjöf um áhættu tengdri fjárfestingum skv. 113. gr.
2. Tilgreiningu, mælingu, eftirlit, stýringu og upplýsingagjöf vegna sérstakrar áhættu sem tilkomin er vegna fjárfestingar í afleiðum og eignum sem vísað er til í 113. gr.
3. Skilyrði sem fyrirtæki sem gefa út skuldabréfavafninga þurfa að uppfylla svo að vátryggingafélagi sé heimilt að fjárfesta í slíkum vafningum sem gefnir eru út eftir 1. janúar 2011, þ.á.m. skilyrði sem tryggja að bakhjarl útgefanda eða upphaflegur lánveitandi haldi eftir á hverjum tíma a.m.k. 5% verðmæta í eigin hlut.
4. Skilyrði sem vátryggingafélag sem fjárfestir í slíkum skuldabréfavafningum þarf að uppfylla.

5. Við hvaða aðstæður hægt er að leggja á viðbótargjaldþolskröfu þegar skilyrði a og b-liðar eru ekki uppfyllt og hvernig sú viðbótargjaldþolskrafa skuli reiknuð.

Um 114. gr. Greinin er í samræmi við 135. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. 1. mgr. veitir ráðherra heimild til að setja reglugerð um frekari kröfur til fjárfestinga. 2. mgr. kveður um á að ráðherra setji reglugerð um fjárfestingar í skuldabréfavafningum, en þar er sérstakrar aðgátar þörf.

XIX. KAFLI.

Sérstakar ráðstafanir.

115. gr.

Verklagsreglur vegna versnandi fjárhagsstöðu.

Vátryggingafélag skal hafa verklagsreglur sem gera því kleift að greina versnandi fjárhagsstöðu og skal það gera Fjármálaeftirlitinu viðvart án tafar ef hætta er talin á að gjaldþolskrafa eða krafa um lágmarksfjármagn verði ekki uppfyllt.

Um 115. gr. Greinin er í samræmi við 136. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og gerir vátryggingafélagi skylt að hafa verklagsreglur til að greina versnandi fjárhagsstöðu.

116. gr.

Ráðstafanir vegna ófullnægjandi vátryggingaskuldar.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun vátryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, á fjármunum og eignum þess uppfylli það ekki kröfur XIV. kafla um vátryggingaskuld eftir að hafa tilkynnt eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis um hina fyrirhuguðu ráðstöfun. Fjármálaeftirlitið tilgreinir hvaða eignum vátryggingafélaginu er óheimilt að ráðstafa.

Um 116. gr. Greinin er í samræmi við 137. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um það þegar vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi uppfyllir ekki kröfur um vátryggingaskuld.

117. gr.

Ráðstafanir ef vátryggingafélag uppfyllir ekki gjaldþolskröfu.

Uppfylli vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi ekki gjaldþolskröfu eða telji það hættu á að slíkt gerist innan þriggja mánaða skal það tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðuna.

Vátryggingafélagið skal innan tveggja mánaða gera áætlun um endurreisn fjárhags þar sem fram kemur hvenær og með hvaða hætti gjaldþolskrafan verður uppfyllt. Áætlunin skal lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem leggur mat á hvort hún telst fullnægjandi.

Áætlunin skal miðast við að endurreisn fjárhags taki ekki lengri tíma en sex mánuði og skal tilgreina hvernig aukið er við viðurkennda gjaldþolsliði eða áhætta félagsins minnkuð þannig að gjaldþolskrafa verði uppfyllt. Fjármálaeftirlitið getur framlengt frestinn um þrjá mánuði ef það telur þess þörf.

Við mjög óvenjulegar og óhagstæðar aðstæður sem hafa áhrif á verulegan fjölda vátryggingafélaga miðað við markaðshlutdeild í heild eða í tiltekinni vátryggingagrein getur Fjármálaeftirlitið heimilað að endurreisn fjárhags taki lengri tíma eða allt að sjö ár til viðbótar við frest skv. 3. mgr. þar sem tekið er tillit til allra þeirra þátta sem geta haft áhrif, þ. á. m. meðallífítíma vátryggingaskuldar.

Óvenjulegar og óhagstæðar aðstæður skv. 4. mgr. teljast vera við eitt eða fleiri eftirfarandi tilvika:

- a. Ófyrirsjáanlegt hrun á fjármálamörkuðum.
- b. Viðvarandi lágir vextir.
- c. Hamfarir sem hafa víðtæk áhrif.

Vátryggingafélag sem starfar eftir áætlun til lengri tíma skv. 4. mgr. skal á þriggja mánaða fresti senda áfangaskýrslu til Fjármálaeftirlitsins þar sem gerð er grein fyrir aðgerðum félagsins og þeim árangri sem náðst hefur.

Viðbótarfrestur skv. 4. mgr. fellur niður, ef áfangaskýrsla skv. 6. mgr. sýnir ófullnægjandi árangur við að uppfylla gjaldþolskröfu, endurreisa fjárhag eða takmarka áhættu.

Um 117. gr. Ákvæðið er í samræmi við 138. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og gerir ráð fyrir því að vátryggingafélag geri áætlun um að endurreisa fjárhag ef það uppfyllir ekki gjaldþolskröfu eða telur hættu á því að það gerist. Vátryggingafélagið hefur þá tvo mánuði til þess að gera áætlunina og er miðað við að endurreisn verði lokið innan sex mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó lengt frestinn til endurreisnar um þrjá mánuði ef það telur þess þurfa. Skapist mjög óvenjulegar og óhagstæðar aðstæður á markaði sem

hafa áhrif á meiri hluta váttryggingafélaga getur Fjármálaeftirlitið gefið sjö ára frest til endurreisnar fjárhags en váttryggingafélag sem fær slíkan frest verður að skila skýrslu á þriggja mánaða fresti til Fjármálaeftirlitsins og gera grein fyrir aðgerðum. Mjög óvenjulegar og óhagstæðar aðstæður sem geta haft alvarleg og slæm áhrif á váttryggingafélög er t.d. ófyrirsjáanlegt hrun á fjármálamarkaði, viðvarandi lágir vextir og hamfarir sem hafa víðtæk áhrif.

118. gr.

Ráðstafanir ef váttryggingafélag uppfyllir ekki kröfu um lágmarksfjármagn.

Uppfylli váttryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi ekki kröfur um lágmarksfjármagn eða telji það hættu á að slíkt gerist innan þriggja mánaða skal félagið án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðuna.

Váttryggingafélagið skal innan mánaðar gera áætlun um fjármögnun til skamms tíma um það hvenær og á hvaða hátt markinu verði náð og skal áætlunin lögð fyrir Fjármálaeftirlitið sem ákveður hvort þær ráðstafanir sem gera á teljist fullnægjandi. Slík áætlun skal miðast við að endurfjármögnun taki ekki lengri tíma en þrjá mánuði og í henni skal gerð grein fyrir hvernig aukið er við viðurkennda gjaldþolsliði eða dregið úr áhættu félagsins þannig að krafa um lágmarksfjármagn verði uppfyllt.

Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun váttryggingafélags, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, á fjármunum sínum og eignum sé það liður í endurfjármögnun félagsins. Fjármálaeftirlitið skal þá tilgreina hvaða eignum váttryggingafélaginu er óheimilt að ráðstafa. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað útgáfu nýrra váttryggingaskírteina og gripið til annarra aðgerða sem það telur nauðsynlegar. Ákvörðun þessa efnis skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum gistiríkja eftir því sem við á. Sé Fjármálaeftirlitið eftirlitsstjórnvald gistiríkis skal það grípa til sömu aðgerða og eftirlitsstjórnvald heimaríkis, óski það þess.

Um 118. gr. Greinin er í samræmi við 139. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tiltekur hvað váttryggingafélag skuli gera ef það uppfyllir ekki kröfu um lágmarksfjármagn eða hætta er á því að það gerist. Innan mánaðar frá því að félagið hefur vitneskju um stöðuna skal það gera áætlun um fjármögnun til að lágmarksfjármagni verði náð þar sem endurfjármögnunin tekur ekki lengri tíma en þrjá mánuði. Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstafanir váttryggingafélags sem er í endurfjármögnunarferli.

119. gr.

Heimildir Fjármálaeftirlitsins vegna versnandi fjárhagslegrar stöðu.

Þrátt fyrir ákvæði 117. og 118. gr. getur Fjármálaeftirlitið þegar fyrirséð er að fjárhagsstaða váttryggingafélags muni enn versna gripið til frekari aðgerða sem það telur nauðsynlegar til að verja hagsmunum váttryggingataka.

Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skulu endurspeglar hversu alvarlegt ástandið er og hversu lengi það varir.

Um 119. gr. Greinin er í samræmi við 141. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og gerir ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið geti gripið til nauðsynlegra aðgerða ef fyrirséð er að fjárhagsstaða váttryggingafélags muni versna enn frekar en gert er ráð fyrir í ákvæðum 117. og 118. gr. Aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skulu vera í samræmi við alvarleika fjárhagsstöðunnar og endurspeglar ástandið og hversu lengi það getur varað. Þetta er í samræmi við 7. mgr. 29. gr. frumvarpsins sem gerir þá kröfu til Fjármálaeftirlitsins að það geti greint versnandi fjárhagslega stöðu váttryggingafélaga og í samræmi við eitt markmið laga þessara um að styrkja fyrirbyggjandi og áhættumiðað eftirlit.

120. gr.

Áætlanir um endurreisn fjárhags og endurfjármögnun.

Áætlanir skv. 117. og 118. gr. skulu að lágmarki fela í sér :

- a. Áætlaðan rekstrarkostnað, meðal annars almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslauna.
- b. Sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld í frumtryggingum, endurtryggingum sem félagið kann að taka að sér og endurtryggingum sem félagið kaupir.
- c. Áætlaðan efnahagsreikning.
- d. Greinargerð um fjármagn sem ætlað er að mæta váttryggingaskuld, gjaldþolskröfu og lágmarksgjaldþoli.
- e. Endurtryggingastefnu félagsins.

Hafi Fjármálaeftirlitið farið fram á áætlun um endurreisn fjárhags skv. 2. mgr. 117. gr. eða áætlun um endurfjármögnun skv. 2. mgr. 118. gr. skal það ekki heimila félaginu að taka við váttryggingastofni frá öðru félagi ef það telur hagsmunum váttryggingartaka ógnað.

Um 120. gr. Greinin er í samræmi við 142. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um hvað skuli vera í áætlunum um endurreisn fjárhags og endurfjármögnunaráætlun. Einnig skal Fjármálaeftirlitið banna váttryggingafélagi að taka við váttryggingastofni ef það telur hagsmuni váttryggingartaka í hættu.

121. gr.

Reglugerð.

Ráðherra setur reglugerð sem tilgreinir nánar við hvað skuli miðað þegar lengri frestur til endurreisnar fjárhags skv. 4. mgr. 117. gr. er ákveðinn.

Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um endurreisn fjárhags skv. 117. og 118. gr. að teknu tilliti til heimildar 119. gr. sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisesfirlitsstofnunarinnar. Þess skal gætt að komið sé í veg fyrir sveiflumagnandi áhrif.

Um 121. gr. Greinin er í samræmi við 143. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og gerir ráð fyrir reglugerð þar sem nánar kemur fram hvað skuli miða við þegar veittur er lengri frestur til að endureisa fjárhag váttryggingafélags.

122. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Sinni váttryggingafélag ekki tilmælum Fjármálaeftirlitsins um ráðstafanir til að meta á fullnægjandi hátt váttryggingaskuld sína eða tryggja örugga ávöxtun fjármuna sem ætlað er að mæta henni og það brýtur verulega lög og reglugerðir um starfsemi váttryggingafélaga eða samþykktir sem það starfar eftir skal Fjármálaeftirlitið setja félaginu ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur.

Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan settra tímamarka getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi félagsins. Fjármálaeftirlitið getur þó veitt frekari frest telji það líkur benda til að þær ráðstafanir sem félagið hefur þegar gert muni innan skamms tíma hafa í för með sér tilskildar úrbætur.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi nýti félag ekki leyfið innan tólf mánaða frá útgáfu þess eða hafi starfsemi legið niðri í sex mánuði eða meira.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla starfsleyfi váttryggingafélags sem uppfyllir ekki kröfur um lágmarksfjármagn telji það áætlun um endurreisn fjárhags augljóslega ófullnægjandi eða félagið framfylgir ekki áætluninni innan þriggja mánaða frá því í ljós kom að félagið uppfyllir ekki lágmarksfjármagn.

Fjármálaeftirlitið skal afturkalla starfsleyfi váttryggingafélags uppfylli félagið ekki lengur skilyrði starfsleyfis eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um starfsemi váttryggingafélaga þannig að hagsmunum váttryggingartaka og váttryggðra sé stefnt í hættu.

Afturköllun starfsleyfis skal ávallt studd ítarlegum rökum og tilkynnt hlutaðeigandi félagi skriflega.

Afturkalli Fjármálaeftirlitið starfsleyfi skal það tilkynna eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja um það sem gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til nýrra váttryggingaskuldbindinga innan lögsögu þeirra.

Með hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum og í samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld skal Fjármálaeftirlitið takmarka, eftir því sem nauðsyn krefur, frjálssa ráðstöfun eigna félagsins þegar váttryggingaskuldin er vanmetin, skilyrðum um gjaldþol er ekki fullnægt og hætta er á versnandi fjárhagsstöðu félagsins sé ekki gripið til ráðstafana.

Um 122. gr. Greinin er í samræmi við 144. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um afturköllun starfsleyfis vegna versnandi fjárhagsstöðu váttryggingafélags. Í greininni er einnig gert ráð fyrir heimild til að afturkalla starfsleyfi ef váttryggingafélag notar það ekki. Þá er skylt að afturkalla starfsleyfi ef váttryggingafélag uppfyllir ekki lengur skilyrði til starfsleyfis eða vanrækir skyldur sínar þannig að hagsmunum váttryggingartaka sé stefnt í hættu.

XX. kafli.

Stofnun útibúa og frjálst flæði þjónustu.

123. gr.

*Vátryggingafélag með höfuðstöðvar hér á landi.**Stofnun útibús í öðru aðildarríki.*

Frumtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að starfrækja útibú í öðru aðildarríki skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu og leggja fram eftirfarandi gögn:

1. Í hvaða aðildarríki útibúið verður starfrækt.
2. Áætlun um starfsemi og skipulag útibúsins ásamt skrá yfir þá greinaflokka vátrygginga og vátryggingagreinar sem félagið hyggst reka.
3. Nafn þess aðila sem er í fyrirsvari fyrir útibúið og hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og koma fram á þess vegum gagnvart stjórnvöldum í aðildarríkinu.
4. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu alþjóðlegra bifreiðatrygginga og, ef við á, að félagið sé aðili að ábyrgðarsjóði vegna ökutækjatrygginga í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að reka starfsemi skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr.

Breytingar á gögnum skv. 1. mgr. skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega og eftirlitsstjórnvöldum í því ríki þar sem útibúið hefur starfsemi með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Hafi Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við fyrirhugaða starfsemi, fjárhagsstöðu eða hæfi og hæfni stjórnenda eða hins skipaða fulltrúa útibúsins skal Fjármálaeftirlitið, innan þriggja mánaða frá því að öll gögn hafa borist, senda eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis gögnin ásamt vottorði um að félagið uppfylli skilyrði um gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn. Jafnframt skal senda félaginu tilkynningu um að gögnin hafi verið send.

Fjármálaeftirlitið getur synjað því að senda gögn skv. 1. og 2. mgr. hafi það ástæðu til að draga í efa að rekstrarleg uppbygging eða fjárhagsstaða fyrirhugaðrar starfsemi sé viðhlítandi. Tilkynning um að gögnin verði ekki send eftirlitsstjórnvöldum viðkomandi aðildarríkis skal send félaginu innan þriggja mánaða og ástæður þess tilgreindar skriflega. Vátryggingafélag getur borið synjun Fjármálaeftirlitsins undir dómstóla.

Þegar tilkynning hefur borist frá eftirlitsstjórnvöldum gistiríkis um að skilyrði þess ríkis séu uppfyllt til að félagið megi hefja þar rekstur útibús getur félagið stofnsett útibúið og hafið starfsemi. Berist ekki slík tilkynning má hefja rekstur útibús tveimur mánuðum eftir að eftirlitsstjórnvöld gistiríkis fengu gögn skv. 1. mgr. frá Fjármálaeftirlitinu.

Um 123. gr. Greinin er efnislega samhljóða 79. gr. gildandi laga og er í samræmi við 145. og 146. gr. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Ákvæðið fjallar um hvernig útibú vátryggingafélags með starfsleyfi hér á landi verður stofnað í öðru aðildarríki og tilkynningar til eftirlitsstjórnvalda í gistríki. Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. teljast viðeigandi ábyrgðarsjóður skv. 4. tölul.

124. gr.

*Vátryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki.**Stofnun útibús hér á landi.*

Vátryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki sem hlotið hefur starfsleyfi hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvalda getur stofnsett útibú hér á landi enda sé því heimilt að reka vátryggingastarfsemi í sömu greinaflokki vátrygginga og vátryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski frumtryggingafélag skv. 1. mgr. eftir að stofna útibú hér á landi, skv. 7. gr. skal Fjármálaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis þess:

1. Áætlun um fyrirhugaða starfsemi og skipulag útibúsins hér á landi og staðfestingu á að félagið hafi starfsleyfi í þeim greinaflokki vátrygginga og vátryggingagreinum sem fyrirhugað er að reka hér á landi.
2. Heimilisfangs útibúsins þar sem skipaður fulltrúi félagsins hefur aðsetur og gagna er aflað um starfsemina og öll gögn eru send til.
3. Nafns skipaðs fulltrúa útibúsins sem hefur heimild til að skuldbinda félagið gagnvart þriðja aðila og kemur fram fyrir þess hönd gagnvart dómstólum hér á landi.
4. Staðfesting á aðild að viðeigandi ábyrgðarsjóði og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.
5. Vottorð eftirlitsstjórnvalda um að skilyrði um gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt og athugasemdir vegna fyrirhugaðrar starfsemi ef einhverjar eru.

Áður en útibú frumtryggingafélags hefur starfsemi hér á landi skal Fjármálaeftirlitið upplýsa eftirlitsstjórnvöld heimaríkis um almenn skilyrði, ef einhver eru, sem eiga að gilda hér á landi um váttryggingastarfsemi útibúsins ásamt ákvæðum er varða almannaheill.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna félaginu að því sé heimilt að setja á stofn útibúið innan tveggja mánaða. Frumtryggingafélagið skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu allar breytingar á upplýsingum og gögnum skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara.

Um 124. gr. Greinin er efnislega samhljóða 66. gr. gildandi laga og er í samræmi við 145. og 146. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

125. gr.

Váttryggingafélag með höfuðstöðvar hér á landi.

Þjónusta í öðru aðildarríki án starfsstöðvar.

Óski frumtryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi eftir að veita þjónustu í öðru aðildarríki án þess að hafa þar starfsstöð skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það ásamt upplýsingum í hvaða greinaflokkum váttrygginga eða váttryggingagreinum fyrirhugað er að veita þjónustu. Fjármálaeftirlitið skal innan mánaðar senda eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis eftirtalin gögn og skal félaginu jafnframt tilkynnt að upplýsingarnar hafi verið sendar:

1. Vottorð um að félagið uppfylli gjaldþolskröfu og kröfu um lágmarksfjármagn vegna starfsemi félagsins í heild.
2. Skrá yfir þá greinaflokka váttrygginga og váttryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrá yfir greinaflokka váttrygginga og váttryggingagreinar sem félagið hyggst reka í aðildarríkinu.
4. Yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og, ef við á, að sérstökum ábyrgðarsjóði í viðkomandi aðildarríki þegar fyrirhugað er að veita þjónustu skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr. ásamt nafni og heimilisfangi sérstaks fulltrúa sem annast tjónsuppgjör í þeirri grein.

Allar breytingar sem félagið hyggst gera á tilkynntum upplýsingum skulu vera í samræmi við ákvæði 1. mgr.

Sendi Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar ekki innan mánaðar skal það greina félaginu frá ástæðum þess innan sömu tímamarka. Synjun Fjármálaeftirlitsins eða athafnaleysi er unnt að bera undir dómstóla.

Váttryggingafélagið má veita þjónustu frá þeim tíma er það hefur fengið tilkynningu um að upplýsingar skv. 1. mgr. hafi verið sendar.

Um 125. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 80. gr. gildandi laga, og er í samræmi við 147. og 148. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um skilyrði þess að váttryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi hér á landi geti veitt þjónustu í öðru aðildarríki.

126. gr.

Váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki.

Þjónusta hér á landi án starfsstöðvar.

Váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki sem hlotið hefur starfsleyfi hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvalda getur veitt þjónustu hér á landi án starfsstöðvar enda sé því heimilt að reka váttryggingastarfsemi í sömu greinaflokkum váttrygginga og váttryggingagreinum í heimaríki sínu.

Óski frumtryggingafélag eftir að veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar skal Fjármálaeftirlitið afla eftirfarandi upplýsinga og gagna hjá eftirlitsstjórnvöldum heimaríkis:

1. Vottorð um að skilyrði um gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn vegna starfsemi félagsins í heild séu uppfyllt.
2. Skrár yfir þá greinaflokka váttrygginga og váttryggingagreinar sem félagið hefur leyfi til að reka.
3. Skrár yfir þær tegundir áhættu sem félagið hyggst váttryggja hér á landi.
4. Staðfestingar á aðild að viðeigandi ábyrgðarsjóði og á þátttöku í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar og upplýsingamiðstöðvar samkvæmt umferðarlögum sé sótt um leyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr. Jafnframt skal upplýst um tjónsuppgjörfulltrúa í hverju aðildarríki utan Íslands.

Félagið má veita þjónustu hér á landi þegar Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt að öll gögn skv. 2. mgr. hafi borist eftirlitinu.

Allar breytingar varðandi 2.–5. tölul. 2. mgr. skal félagið tilkynna Fjármálaeftirlitinu með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara.

Félag, sem veitir þjónustu án starfsstöðvar skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal sjá til þess að þeir sem eiga kröfu á bótum vegna tjóns hér á landi séu ekki lakar settir en aðrir vegna þess að starfsstöð er ekki fyrir hendi. Fulltrúi skv. 4. tölul. 2. mgr. skal afla allra nauðsynlegra gagna vegna tjóns og hafa allar heimildir til að greiða bætur og koma fram fyrir hönd félagsins hér á landi. Honum skal einnig skylt að veita lögbærum aðilum hér á landi upplýsingar um hvort lögmæltar ökutækjatrýggingar séu fyrir hendi og um gildistíma.

Um 126. gr. Greinin er efnislega samhljóða 67. gr. gildandi laga og er í samræmi við 147. – 150. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um skilyrði þess að váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki geti veitt þjónustu hér á landi án þess að hafa hér starfsstöð.

127. gr.

Váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki og starfsemi hér á landi uppfyllir ekki ákvæði laganna.

Upplýsingaskylda Fjármálaeftirlitsins gagnvart eftirlitsstjórnvöldum.

Fjármálaeftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum hlutaðeigandi heimaríkja upplýsingar um starfsemi útibúa váttryggingafélaga hér á landi.

Fjármálaeftirlitið getur gripið til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra uppfylli félagið ekki tilskilin skilyrði um gjaldþol eða váttryggingaskuld. Það skal þegar þörf krefur gera ráðstafanir til að banna félaginu frjálsa ráðstöfun eigna sem eru hér á landi eða takmarka hana í samræmi við ákvæði laga þessara og að höfðu samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis ef kostur er.

Fjármálaeftirlitið getur bannað váttryggingafélagi sem hér rekur útibú eða veitir þjónustu að starfa áfram ef það með grófum hætti og ítrekað brýtur ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða ákvæði annarra laga sem eiga við um starfsemi váttryggingafélaga og ekki hefur verið unnt með kröfum eða aðgerðum samkvæmt þessum lögum að fá úr því bætt sem úrskæðis hefur farið.

Um 127. gr. Greinin er efnislega samhljóða 69. gr. gildandi laga. Ákvæðið er einnig í samræmi við 155. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Greinin fjallar um upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins gagnvart eftirlitsstjórnvöldum í öðrum aðildarríkjum og til hvaða aðgerða skuli gripið ef váttryggingafélag með starfsemi hér á landi uppfyllir ekki ákvæði laganna.

128. gr.

Váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki.

Starfsemi hér á landi. Vettvangsathugun.

Eftirlitsstjórnvöldum aðildarríkja eða fulltrúum sem þau tilnefna er heimilt, eftir að hafa tilkynnt það Fjármálaeftirlitinu, að gera vettvangskannanir hjá váttryggingafélagi, sem það hefur veitt starfsleyfi og hér rekur starfsemi, sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti með starfsemi útibúa aðildarríkja hér á landi. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að taka þátt í þessum könnunum.

Um 128. gr. Greinin er samhljóða 68. gr. gildandi laga og er einnig í samræmi við 33. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

129. gr.

Váttryggingafélag með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki.

Afturköllun starfsleyfis.

Afturkalli eftirlitsstjórnvöld heimaríkis starfsleyfi félags sem hefur útibú eða veitir þjónustu hér á landi skal Fjármálaeftirlitið að fenginni tilkynningu þar um gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að félagið stofni til frekari váttryggingarsamninga hér á landi. Skal haft samstarf við hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld í því skyni að tryggja hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra svo sem kostur er og eiga ákvæði 127. gr. um takmörkun eða bann við frjálsri ráðstöfun eigna við þegar nauðsyn krefur.

Um 129. gr. Greinin er samhljóða 71. gr. gildandi laga um ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins komi til þess að eftirlitsstjórnvald í heimaríki afturkalli starfsleyfi váttryggingafélags sem rekur útibú hér á landi. Ákvæðið er í samræmi við 2. mgr. 144. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

130. gr.

*Vátryggingafélag sem hefur starfsleyfi hér á landi.
Starfsemi utan aðildarríkja.*

Hafi frumtryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi hér á landi í hyggju að hefja starfsemi utan aðildarríkja skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrirfram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir og telur nauðsynlegar.

Ákvæði 123. og 125. gr. gilda einnig um frumtryggingafélög með höfuðstöðvar utan aðildarríkja sem fengið hafa leyfi hér á landi til að reka útibú en hafa í hyggju að hefja starfsemi í öðru aðildarríki. Fjármálaeftirlitið getur tekið sér lengri fresti til afgreiðslu mála en þar eru tilgreindir. Samráð skal haft við eftirlitsstjórnvöld viðkomandi aðildarríkja áður en tekin er afstaða til umsóknarinnar.

Um 130. gr. Greinin er efnislega samhljóða 81. gr. gildandi laga og fjallar um heimild vátryggingafélags til að hefja starfsemi utan aðildarríkja og heimildir utansvæðisfélags sem hér rekur starfsemi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki.

XXI. Kafli.

**Vátryggingafélag með höfuðstöðvar utan aðildarríkja.
Stofnun útibús hér á landi.**

131. gr.

Heimild til að stofna útibú hér á landi.

Vátryggingafélag með höfuðstöðvar utan aðildarríkis sem leyfi hefur til að reka vátryggingastarfsemi í heimalandi sínu getur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins til að reka starfsemi í útibúi hér á landi í samræmi við lög þessi enda hafi íslensk vátryggingafélög ekki lakari rétt í heimalandi þeirra.

Áður en starfsleyfi er veitt hér á landi skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við eftirlitsstofnanir í öðrum aðildarríkjum um leyfisveitinguna.

Ákveða má með samningum við eitt eða fleiri ríki utan aðildarríkja að beita öðrum ákvæðum um eftirlit með starfsemi útibúsins en segir í lögum þessum að því tilskildu að hinum vátryggðu sé tryggð nægileg og sambærileg vernd. Ekki má í slíkum samningum veita útibúum félaga með höfuðstöðvar utan aðildarríkja rýmri skilyrði en útibúum vátryggingafélaga með höfuðstöðvar þar.

Um 131. gr. Greinin er samhljóða 73. gr. gildandi laga og er í samræmi við 162. gr tilskipunarinnar.

132. gr.

Skilyrði fyrir starfsleyfi útibús.

Umsókn um starfsleyfi útibús vátryggingafélags með höfuðstöðvar utan aðildarríkja hér á landi skal send Fjármálaeftirlitinu og gögn skv. 17.-23. gr. skulu fylgja umsókn eftir því sem við getur átt og nauðsynleg eru til þess að það geti metið umsóknina.

Þá skal félagið einnig uppfylla að minnsta kosti eftirfarandi skilyrði:

1. Félagið er skráð hér á landi og hefur aðalumboðsmann sem Fjármálaeftirlitið samþykkir sem kemur fram fyrir þess hönd í málefnum er varða starfsemina og hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Umboðsmaðurinn skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.
2. Félagið leggur fram fjárhæð sem samsvarar fjórðungi lágmarksfjármagns skv. 112. gr. sem geymslufé í upphafi og er varðveitt á stað sem Fjármálaeftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingarsamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir, eða aðrir rétthafar samkvæmt vátryggingarsamningi geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það, að mati Fjármálaeftirlitsins, skerðir ekki rétt annarra vátryggðra eða rétthafa til fullnustu á vátryggingaskuldbindingum félagsins. Geymsluféð skal teljast til viðurkenndra gjaldþolsliða til að mæta lágmarksfjármagni.
3. Félagið uppfyllir kröfur um stjórnarhætti skv. VIII. kafla þessara og hefur bókhaldsgögn og önnur gögn um starfsemi útibúsins varðveitt í útibúinu sjálfu.

4. Félagið uppfyllir kröfur um váttryggingaskuld og viðurkennda gjaldþolsliði skv. XIV.-XVI. kafla. Mat á eignum og skuldbindingum öðrum en váttryggingaskuld skal vera í samræmi við XIII. kafla.
5. Félagið uppfyllir skilyrði um fjárhagsgrundvöll er miðast við starfsemi þess hér eftir því sem við á þó þannig að eignir þess hér á landi nemi aldrei minna en helmingi lágmarksfjármagns skv. 112. gr. Sameiginlegt eftirlit eins aðildarríkis með gjaldþoli fyrir öll útibú félagsins í aðildarríkjum getur komið í stað þeirrar aðferðar sem lýst er í þessari málsgrein og skal fyrirkomulag eftirlits vera í samræmi við samstarfssamning aðildarríkja. Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með gjaldþoli útibús eftir því sem við á.
6. Gjaldþolsliðir útibús skulu metnir í samræmi við ákvæði XV. kafla og takmarkast í samræmi við ákvæði sama kafla. Meta skal gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn vegna starfsemi útibúsins í samræmi við kröfur VI. kafla. Viðurkenndir gjaldþolsliðir skulu ekki nema lægri fjárhæð en samsvarar helmingi neðstu marka lágmarksfjármagns skv. 112. gr. Félagið skal hafa eignir sem mæta eiga lágmarksfjármagni hér á landi og eignir umfram lágmarksfjármagn sem mæta eiga gjaldþolskröfu eru hér á landi eða í öðru aðildarríki.
7. Ef sótt er um leyfi til starfsemi í ábyrgðartryggingum ökutækja skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr. skal tilkynna nöfn og heimilisföng tjónsuppgjörfulltrúa í öðrum aðildarríkjum.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari reglur um starfsemi útibúa váttryggingafélags með höfuðstöðvar utan aðildarríkis hér á landi.

Um 132. gr. Greinin er byggð á 74. gr. gildandi laga en hefur verið breytt í samræmi við 162. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og er lagt til að kröfur til að fá starfsleyfi fyrir útibú hér á landi fyrir váttryggingafélag með höfuðstöðvar utan aðildarríkja verði hertar frá gildandi lögum einkum vegna aukinna krafna um gjaldþol og lágmarksfjármagn. Gert er ráð fyrir að slík útibú séu skráð opinberlega með sama hætti og váttryggingafélög sem starfa hér á landi. Greinin er einnig í samræmi við 163. gr. tilskipunarinnar um það hvaða atriði skulu koma fram í rekstraráætlun útibúsins en um að ræða sömu atriði og koma fram í núgildandi lögum og eru í 17.-23. gr. frumvarpsins og varða skilyrði fyrir starfsleyfi váttryggingafélags.

133. gr.

Flutningur váttryggingastofns.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað flutning stofns frá útibúi váttryggingafélags með höfuðstöðvar utan aðildarríkja sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi og óskar eftir að flytja váttryggingastofn sinn hér að nokkru eða öllu leyti til annars félags með starfsstöð í öðru aðildarríki staðfesti eftirlitsstjórnvöld heimaríkis þess félags sem tekur við stofninum að gjaldþolskrafa og krafa um lágmarksfjármagn séu uppfylltar að teknu tilliti til hins yfirferða stofns. Þegar váttryggingaáættan er hér á landi þarf ávallt samþykki Fjármálaeftirlitsins til að flutningurinn geti átt sér stað.

Ákvæði 34. gr. gilda um opinberar tilkynningar vegna váttryggingastofns sem fluttur er þegar váttryggingaáættan er hér á landi.

Um réttindi og skyldur váttryggingataka, váttryggðra og annarra samkvæmt váttryggingasamningum frumtryggingafélaga fer skv. 5. mgr. 34. gr. og lögum um váttryggingarsamninga.

Fjármálaeftirlitið skal veita álit sitt innan þriggja mánaða frá því að beiðni um flutninginn barst, ella skal litið svo á að afstaða þess til flutningsins sé jákvæð.

Um 133. gr. Greinin er efnislega samhljóða 70. gr. gildandi laga. Auk þess er greinin í samræmi við 164. gr. tilskipunar 2009/138 sem hefur sömu ákvæði og 70. gr. gildandi laga auk krafna um að eftirlitsstjórnvald heimaríkis þess félags sem tekur við váttryggingastofni staðfesti að gjaldþolskrafa og að krafa um lágmarksfjármagn sé uppfyllt.

134. gr.

Aðstöðujöfnun váttryggingafélags með starfsemi í fleiri en einu aðildarríki.

Váttryggingafélag sem rekur útibú í fleiri en einu aðildarríki getur sótt um eftirfarandi ívilnanir sem gilda þá um öll útibúin:

1. Gjaldþolskrafa skv. XVI. kafla sé reiknuð með hliðsjón af allri starfsemi félagsins á Evrópska efnahagssvæðinu.
2. Geymslufé skv. 2. tölul. 2. mgr. 132. gr. sé aðeins varðveitt í einu aðildarríki þar sem váttryggingafélagið hefur starfsemi.

3. Eignir sem mæta eiga lágmarksfjármagni séu varðveittar í einhverjum af þeim aðildarríkjum þar sem váttryggingafélagið hefur starfsemi.

Umsókn samkvæmt 1. mgr. skal send Fjármálaeftirlitinu. Í umsókn skal koma fram hvaða eftirlitsstjórnvald muni bera ábyrgð á eftirliti með gjaldþolsstöðu allra útibúa félagsins á Evrópska efnahagssvæðinu og skulu ástæður þess tilgreindar. Geymslufé skv. 2. tölul. 2. mgr. 132. gr. skal staðsett í því aðildarríki.

Ívilnun er ekki veitt nema öll hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvöld veiti samþykki sitt.

Ívilnunin tekur gildi þegar eftirlitsstjórnvaldið sem hefur eftirlit með gjaldþolsstöðunni staðfestir það við önnur eftirlitsstjórnvöld. Sé eftirlitsstjórnvaldið annað en Fjármálaeftirlitið veitir það hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi viðeigandi upplýsingar.

Um 134. gr. Greinin er í samræmi við 167. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem kveður á um ívilnanir sem unnt að er veita váttryggingafélagi sem rekur útibú í fleiri en einu aðildarríki. Umsókn váttryggingafélags um ívilnun samkvæmt þessu ákvæði skal send til eftirlitsstjórnvalda í öllum þeim aðildarríkjum þar sem félagið hefur útibú og er ekki unnt að samþykkja ívilnun nema öll eftirlitsstjórnvöld samþykki ívilnunina.

135. gr.

Aðalumboðsmaður.

Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld þar sem félagið hefur höfuðstöðvar athugasemdir við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

Um 135. gr. Greinin er samhljóða 2. mgr. 75. gr. gildandi laga. 1. mgr. 75. gr. hefur verið felld brott þar sem útibúi ber að fara að ákvæðum laga þessara og því þarf ekki sérstakt ákvæði um dagleg störf aðalumboðsmanns.

136. gr.

Tilkynning til Fjármálaeftirlitsins.

Váttryggingafélag, sem hér rekur útibú skal tilkynna til Fjármálaeftirlitsins allar verulegar breytingar á starfseminni, stjórnarmönnum og ábyrgðaraðilum lykilsstarfssviða. Sé gerð ný rekstraráætlun skv. 24. gr. skal hún einnig send.

Öll gögn sem send eru Fjármálaeftirlitinu skulu vera á íslensku eða öðru tungumáli sem Fjármálaeftirlitið samþykkir.

Um 136. gr. Greinin er efnislega samhljóða 72. gr. gildandi laga.

137. gr.

Úrræði Fjármálaeftirlitsins.

Brjótí félagið lög og reglugerðir um váttryggingastarfsemi eða vanræki skyldur sínar samkvæmt þeim þannig að hagsmunum váttryggingartaka og váttryggðra sé stefnt í hættu skal Fjármálaeftirlitið veita félaginu tiltekinn frest til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Hafi fullnægjandi ráðstafanir ekki verið gerðar innan þess frests og telji Fjármálaeftirlitið að hagsmunir váttryggingartaka og váttryggðra séu í hættu getur eftirlitið útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér á landi. Hefur hann í því skyni leyfi til ráðstöfunar á eignum félagsins hér á landi að því marki er Fjármálaeftirlitið heimilar.

Ákvæði 34.-36. gr. og XIX. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

Um 137. gr. Greinin er efnislega samhljóða 76. gr. gildandi laga og fjallar um úrræði Fjármálaeftirlitsins ef váttryggingafélag frá öðru ríki en aðildarríki brýtur gegn ákvæðum laganna eða reglna settum á grundvelli þeirra.

138. gr.

Afturköllun starfsleyfis félags með höfuðstöðvar utan aðildarríkis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi félags með höfuðstöðvar utan aðildarríkis uppfylli það ekki lengur skilyrði fyrir starfsleyfinu eða vanræki gróflega skyldur sínar samkvæmt lögum þessum.

Þegar starfsleyfi félags er afturkallað tekur Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hvort þess skuli freistað að yfirfæra váttryggingastofninn til eins eða fleiri váttryggingafélaga sem reka váttryggingastarfsemi hér á landi

eða hvort félagið skuli á annan hátt reyna að ljúka skuldbindingum sínum vegna váttryggingarsamninga sem gerðir hafa verið. Þegar rekin er líftryggingastarfsemi getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að líftryggingastofninum verði komið undir sérstaka stjórn, sbr. 156. gr.

Við afturköllun á starfsleyfi félags getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað félaginu yfirráð yfir fjármunum sínum og eignum.

Um 138. gr. Greinin er efnislega samhljóða 77. gr. gildandi laga og fjallar um afturköllun starfsleyfis utansvæðisfélags.

139. gr.

Uppgjör váttryggingafélags sem misst hefur starfsleyfi.

Tilkynni félag að það óski eftir að hætta starfsemi hér á landi skal það því aðeins gert að Fjármálaeftirlitið álíti að starfsstöðin þurfi ekki að starfa áfram vegna skuldbindinga sem á henni hvíla. Sama gildir sé enginn aðalumboðsmaður félagsins hér á landi og enginn hafi verið útnefndur innan frests sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. Getur eftirlitið þá útnefnt aðalumboðsmann í samræmi við ákvæði 137. gr.

Leysa má út geymslufé sem lagt er til hliðar skv. 132. gr. þá fyrst er starfsleyfi félagsins hefur verið afturkallað og félagið getur sannað að staðið hafi verið við allar skuldbindingar félagsins hér á landi eða að fullnægjandi trygging fyrir skuldbindingum hafi að mati Fjármálaeftirlitsins verið lögð fram.

Um 139. gr. Greinin er efnislega samhljóða 78. gr. gildandi laga og fjallar um lok starfsemi utansvæðisfélags.

XXII. KAFLI.

Samtryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

140. gr.

Skilyrði samtryggingar.

Starfsemi telst vera í samtryggingum innan Evrópska efnahagssvæðisins ef áhættan fellur undir 3.-16. tölul. 1. mgr. 20. gr. og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Áhættan telst stóráhætta.
2. Áhættan er váttryggð með einum váttryggingarsamningi með heildariðgjaldi og á váttryggingatímanum váttryggja tveir eða fleiri frumtryggjendur áhættuna, hver um sig sem samtryggjandi. Einn frumtryggjandi skal teljast leiðandi frumtryggingafélag.
3. Áhættan er í aðildarríki.
4. Leiðandi frumtryggingafélagið skal koma fram eins og það beri fulla ábyrð á frumtryggingu áhættunnar til þess að hún teljist váttryggð.
5. Að minnsta kosti einn af samtryggjendum sem tekur þátt í samningnum skal hafa höfuðstöðvar eða útibú staðsett í öðru aðildarríki en þar sem frumtryggingafélagið hefur starfsleyfi.
6. Leiðandi frumtryggingafélagið skal hafa forystu í samtryggingunni og ákveður meðal annars iðgjöld og skilmála váttryggingarinnar.

Ákvæði XX. kafla um stofnun útibúa og frjálst flæði þjónustu eiga við ef leiðandi frumtryggingafélagið er staðsett hér á landi.

Um 140. gr. Greinin er í samræmi við 190. gr. og 191. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um samtryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins og skilyrði til þeirra. Gerð er krafa um að starfsemi í samtryggingum uppfylli skilyrði 1. mgr. til að falla undir ákvæði kaflans.

141. gr.

Váttryggingaskuld.

Samtryggjendur ákveða fjárhæð váttryggingaskuldar í samræmi við reglur sem gilda í heimaríkjum þeirra eða þar sem slíkar reglur eru ekki til staðar í samræmi við viðteknar venjur í aðildarríkinu.

Váttryggingaskuldin skal þó aldrei vera lægri en mat leiðandi frumtryggingafélagsins segir til um í samræmi við reglur heimaríkis þess.

Um 141. gr. Greinin er í samræmi við 192. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um ákvörðun váttryggingaskuldar.

142. gr.

Tölulegar upplýsingar.

Þátttakendur í samtryggingu skulu halda tölulega skrá um umfang samtryggingarinnar innan Evrópska efnahagssvæðisins og tilgreina þau aðildarríki sem samtryggingin snertir.

Um 142. gr. Greinin er í samræmi við 193. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir að halda skuli skrá um umfang samtryggingarinnar.

143. gr.

Meðhöndlun samtryggingasamninga í slitameðferð.

Sé frumtryggingafélagi slitið skal skuldbindingum vegna þátttöku í samtryggingum innan Evrópska efnahagssvæðisins mætt með sama hætti og öðrum frumtryggingaskuldbindingum án tillits til þjóðernis váttryggingartaka og váttryggðra.

Um 143. gr. Greinin er í samræmi við 194. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að skuldbindingar vegna samtrygginga skuli vera meðhöndlaðar á sama hátt og aðrar tryggingarskuldbindingar.

144. gr.

Skipti á upplýsingum á milli eftirlitsstjórnvalda.

Fjármálaeftirlitið skal veita öðrum eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjunum allar nauðsynlegar upplýsingar vegna samtrygginga.

Um 144. gr. Greinin er í samræmi við 195. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins vegna samtrygginga.

XXIII. KAFLI.

Endurskipulagningarráðstafanir.

145. gr.

Endurskipulagning fjárhags.

Með endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélags er átt við ráðstöfun sem felur í sér íhlutun dómstóls og er ætlað að tryggja eða endurreisa fjárhagslega stöðu váttryggingafélags og hafa áhrif á réttindi aðila annarra en váttryggingafélagsins sjálfs. Til slíkra ráðstafana teljast greiðslustöðvun og nauðasamningar.

Að öðru leyti en mælt er fyrir í lögum þessum gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, um heimild váttryggingafélags til greiðslustöðvunar og til að leita nauðasamnings. Dómstóll skal sjá til þess að Fjármálaeftirlitinu verði tilkynnt þegar í stað um framkomna beiðni váttryggingafélags um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.

Endurskipulagning á fjárhag váttryggingafélags kemur ekki í veg fyrir að slitameðferð hefjist.

Úrskurður dómstóls í öðru aðildarríki um endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélags með höfuðstöðvar í því aðildarríki tekur til útibúa váttryggingafélagsins hér á landi.

Um heimild útibús váttryggingafélags með höfuðstöðvar utan aðildarríkja til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings fer eftir íslenskum lögum. Hafi félagið útibú í fleiri en einu aðildarríki skal lítið á hvert útibú sem sjálfstæðan lögaðila. Eftirlitsstjórnvöld skulu þó samræma aðgerðir og það sama á við um aðstoðarmenn skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmenn með nauðasamningum.

Um 145. gr. Ákvæðið er í samræmi við 269. gr. tilskipunarinnar og byggist einnig á 87. gr. núgildandi laga. Ákvæði er varða tilkynningaskyldu til lánadrottna váttryggingafélags voru felld úr greininni og eru nú í 148. gr. sem er í samræmi við 272 gr. tilskipunarinnar. Ákvæði er varðar upplýsingaskyldu til eftirlitsstjórnvalda annarra aðildarríkja er í 146. gr.

146. gr.

Upplýsingar til eftirlitsstjórnvalda.

Dómstóll skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar í stað um úrskurð um greiðslustöðvun eða heimild til að leita nauðasamnings. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja svo skjótt sem kostur er um slíkan úrskurð.

Um 146. gr. Ákvæðið er í samræmi við 270. gr. tilskipunarinnar og kveður annars vegar á um upplýsingaskyldu dómstóla til Fjármálaeftirlitsins um úrskurð um greiðslustöðvun eða heimild til að leita

nauðasamnings. Hins vegar er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlitsins til þess að koma slíkum upplýsingum áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalda annarra aðildarríkja.

147. gr.

Birting úrskurðar.

Úrskurður um endurskipulagningu fjárhags skal birtur í Lögbirtingablaði. Einnig skal birta útdrátt um úrskurðinn í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í birtingu úrskurðar skal koma fram hver úrskurðaði, á grundvelli hvaða laga og tilnefnda skiptastjóra.

Úrskurður um endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélags gildir frá úrskurðardegi þrátt fyrir ákvæði um birtingu í 1. mgr. og gildir að fullu gagnvart lánardrottnum, nema dómstóll kveði á um annað.

Ef endurskipulagning fjárhags váttryggingafélags hefur einungis áhrif á rétt hluthafa, félaga eða starfsmanna í váttryggingafélaginu, í þeirri stöðu sem þeir gegna sem slíkri, gilda 1. og 2. mgr. ekki, nema að kveðið sé á um annað í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Fjármálaeftirlitið hefur heimild til að birta úrskurði um endurskipulagningu frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja, sbr. 146. gr.

Um 147. gr. Ákvæðið er í samræmi við 271. gr. tilskipunar 2009/138/ESB, og tilgreinir hvenær sé gerð krafa um opinbera birtingu úrskurða um endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélags. Jafnframt er kveðið á um heimild til handa Fjármálaeftirlitinu til að birta opinberlega úrskurði frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja, sbr. 270. og 271. gr. tilskipunarinnar.

148. gr.

Tilkynningar til þekktra lánardrottna.

Tilkynna skal lánardrottnum úrskurð um heimild váttryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings í samræmi við ákvæði 13. og 44. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Lánardrottnum sem á lögheimili, hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki er heimilt að lýsa kröfu skv. 45. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. á tungumáli þess ríkis.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. til váttryggingartaka, váttryggðra og annarra sem eiga kröfu á váttryggingafélag vegna váttryggingarsamninga og eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki skal sérstaklega tekið fram hver áhrif úrskurður um heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hafi á váttryggingarsamning og upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra. Skal tilkynningin vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar.

Um 148. gr. Ákvæðið er í samræmi við 272. gr. tilskipunar 2009/138/ESB, og er samhljóða 5. – 7. mgr. 87. gr. núgildandi laga að því undanskildu að krafa um að fyrirsögn kröfulýsingar í 7. mgr. eigi að vera á íslensku var felld út.

149. gr.

Framkvæmd endurskipulagningar fjárhags.

Um framkvæmd endurskipulagningar fjárhags gilda lög um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema á annan veg sé mælt fyrir um í ákvæði þessu.

Vinnusamningur skal fara eftir lögum þess ríkis sem um vinnusamninginn og vinnusambandið gilda.

Samningur um notkun eða kaup fasteignar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem fasteignin er staðsett.

Réttur váttryggingafélags vegna fasteignar, skips eða flugvélar skal fara eftir lögum þess ríkis þar sem opinber skráning hefur farið fram.

Heimild váttryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem eru í öðru aðildarríki þegar heimildin er veitt. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi váttryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur heimild váttryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki. Heimild váttryggingafélagsins til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings hefur ekki áhrif á sölu váttryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar heimildin var veitt.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, um ógilda löggæringa, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt.

Hafi váttryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eftir að heimild hefur verið fengin til

greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmati löggerningsins.

Um áhrif heimildar váttryggingafélags til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem váttryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði þau sem aðstoðarmaður skuldara við greiðslustöðvun og umsjónarmaður með nauðasamningi geta beitt samkvæmt íslenskum lögum hafa þeir jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

Um 149. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 88. gr. núgildandi laga og fjallar um framkvæmd á endurskipulagningu fjárhags. Ákvæðið er einnig í samræmi við ákvæði 275. gr., 276. gr., 286. gr., 287. gr., 289. gr. og 290. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

XXIV. KAFLI.

Slitameðferð váttryggingafélags.

150. gr.

Ákvörðun um slitameðferð.

Fjármálaeftirlitið hefur eitt heimild til þess að taka ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags. Ákvörðunin er óháð því hvort beiðni hafi verið lögð fram um endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélags eða úrskurður upp kveðinn um það.

Fjármálaeftirlitið skal, svo skjótt sem kostur er, gera eftirlitsyfirvöldum annarra aðildarríkjanna kunnugt um þá ákvörðun að hefja slitameðferð og um áhrif slíkra ráðstafana.

Um 150. gr. Ákvæðið er í samræmi við 273. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um að Fjármálaeftirlitið hafi eitt heimild til að taka ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags. Einnig er kveðið á um skyldu Fjármálaeftirlits til að upplýsa viðeigandi eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja.

151. gr.

Skilyrði og upphaf slitameðferðar.

Váttryggingafélag skal tekið til slita:

1. Eftir kröfu Fjármálaeftirlitsins hafi það afturkallað starfsleyfi váttryggingafélagsins.
2. Samkvæmt ósk stjórnar félagsins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef skylt er að slíta því samkvæmt samþykktum þess.
3. Samkvæmt ósk stjórnar félagsins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, ef það getur ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar þess muni líða hjá innan skamms tíma.
4. Samkvæmt ósk stjórnar fyrirtækisins og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins ef ákveðið hefur verið að slíta því á hluthafafundi enda hafi tillaga um slit verið samþykkt þar með minnst $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða og af hluthöfum sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess hlutafjár sem farið var með atkvæði fyrir á fundi.

Hafi Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun um að hefja slitameðferð váttryggingafélags samkvæmt 150 gr. skal starfsleyfi þess afturkallað í samræmi við ákvæði 122. gr.

Um 151 gr. Í ákvæðinu er lagt til að váttryggingafélag verði ekki tekið til slita nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ákvæðið er nýmæli þar sem ekki er tiltekið í gildandi lögum hverjir geta óskað eftir að váttryggingafélag sé tekið til slita og á hvaða forsendum. Horft var til sambærilegs ákvæðis 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Önnur málsgrein ákvæðisins er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 279. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

152. gr.

Skipun slitastjórnar.

Verði ákveðið að váttryggingafélag skuli tekið til slitameðferðar skal Fjármálaeftirlitið skipa þriggja manna slitastjórn til að sjá um slitameðferð félagsins. Slitastjórn tekur við öllum heimildum stjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Auk þess verður réttur hluthafa til að taka ákvarðanir um málefni félagsins á grundvelli eignarhluta sinna óvirkur. Slitastjórn skal þegar kalla saman hluthafafund og kynna hluthöfum hvernig komið er. Slitastjórn skal svo fljótt sem verða má gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fá yfirsýn yfir fjárhag félagsins.

Á meðan slitastjórn ræður yfir félaginu gilda sömu takmarkanir á heimildum til að beita fullnustuaðgerðum og öðrum þvingunarúrræðum gagnvart því og ef það hefði fengið heimild til greiðslustöðvunar. Skal slitastjórn því aðeins gera ráðstafanir um meiri háttar hagsmuni félagsins að brýna nauðsyn beri til.

Laun slitastjórnar og kostnaður hennar skulu greiddast af eignum hlutaðeigandi váttryggingafélags sem krafa utan skuldaraðar. Sama á við um kostnað vegna meðferðar kröfu Fjármálaeftirlitsins um gjaldþrotaskipti. Fjármálaeftirlitið og slitastjórn eru undanþegin ákvæðum 2. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um að leggja fram tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaði.

Um 152. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. og 4. mgr. 91. gr. gildandi laga og fjallar um skipun slitastjórnar yfir váttryggingafélagi.

153. gr.

Félagsslit og áframhaldandi rekstur.

Fjármálaeftirlitið skal í samráði við slitastjórn taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum váttryggingartaka og váttryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Ef ákvörðun er tekin um að reka skuli félagið áfram skal Fjármálaeftirlitið, að höfðu samráði við slitastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja váttryggingastofn sinn til eins eða fleiri váttryggingafélaga eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Fjármálaeftirlitið getur þegar um líftryggingafélag er að ræða ákveðið að líftryggingastofninn sæti sérstakri meðferð skv. 156. gr.

Telji Fjármálaeftirlitið að hagsmuna váttryggingartaka og váttryggðra verði best gætt með því að reka félagið áfram og ljúka uppgjöri váttryggingastofns er slitastjórn félagsins undanþegin ákvæði 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og 1. mgr. 105. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Ef tekin er ákvörðun um að ljúka uppgjöri váttryggingastofns skal slitastjórn leggja áætlun fyrir Fjármálaeftirlitið til samþykktar með hvaða hætti skuli ljúka uppgjörinu, þ.m.t. uppgjör tjóna og áætlun tímamörk uppgjors. Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um gerð og inntak slíkrar áætlunar og hvaða gögn skuli fylgja henni.

Um 153. gr. 1. mgr. ákvæðisins er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 279. gr. tilskipunar 2009/138/ESB sem og 3. mgr. 91. gr. gildandi laga um váttryggingastarfsemi. 2. mgr. ákvæðisins er efnislega samhljóða 2. mgr. 91. gr. gildandi laga og 3. og 4. mgr. eru samhljóða 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Ekki er kveðið á um nein nýmæli í ákvæðinu.

154. gr.

Eftirlit með áframhaldandi rekstri.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstri váttryggingafélags sem er stýrt af slitastjórn, þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis þess. Dótturfélag váttryggingafélags í slitameðferð sem heldur utan um eignir þess skal jafnframt heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitið nær meðal annars til viðskiptahátta og felur meðal annars í sér að framganga félagsins gagnvart viðskiptavinum þess skal vera í samræmi við það sem almennt tíðkast hjá váttryggingafélögum með gilt starfsleyfi.

Viðskipti og ráðstöfun eigna váttryggingafélags sem stýrt er af slitastjórn eða viðskipti slitastjórnar við einstaka aðila sem sitja í slitastjórn, eða aðila í nánnum tengslum við slíkan aðila, skulu fara að reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur. Fjármálaeftirlitið skal, að eigin frumkvæði eða á grundvelli ábendinga kröfuhafa, hafa eftirlit með slíkum viðskiptum.

Neitun á kröfu Fjármálaeftirlitsins um afhendingu gagna getur varðað brottrekstri úr slitastjórn. Hið sama á við fullnægi maður sem sæti á í slitastjórn ekki almennum hæfisskilyrðum sem um hann gilda.

Fjármálaeftirlitið getur vikið slitastjórn frá í heild eða að hluta í þeim tilvikum þegar viðkomandi slitastjórn telst ekki hafa unnið störf sín í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar eða eftir atvikum samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

Um 154. gr. 1. mgr. ákvæðisins er í samræmi við 3. mgr. 279. gr. tilskipunar 2009/138/ESB auk þess að vera í samræmi við ákvæði 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu, um eftirlit með áframhaldandi rekstri félaga sem stýrt er af slitastjórn.

155. gr.

Flutningur váttryggingastofns.

Ef tekin hefur verið ákvörðun um að hagsmunum váttryggingataka og váttryggðra sé best gætt með flutningi váttryggingastofns að hluta eða öllu leyti til eins eða fleiri váttryggingafélaga, skal birta opinberlega helstu efnisatriði samkomulags þar að lútandi.

Slitastjórn skal tilkynna váttryggingartökum, váttryggðum og öðrum, sem kröfu eiga á váttryggingafélag vegna váttryggingarsamninga og eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning váttryggingastofnsins. Sú tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar.

Slitastjórn skal auglýsa eftir athugasemdum váttryggingartaka og váttryggðra er berast skulu innan mánaðar frá birtingu tilkynningar.

Að teknu tilliti til athugasemda skal slitastjórn taka ákvörðun í samráði við Fjármálaeftirlitið um hvort unnt sé að yfirfæra váttryggingastofna á þann hátt sem lagt er til.

Um 155. gr. Ákvæðið er efnislega samhljóða ákvæði 5. og 6. mgr. 94. gr. gildandi laga um flutning váttryggingastofns.

156. gr.

Sérstök meðferð líftryggingastofns.

Ef skipuð er slitastjórn í félagi sem stundar líftryggingastarfsemi og ákveðið er að líftryggingastofn þess skuli sæta sérstakri meðferð skal Fjármálaeftirlitið þegar í stað taka í sínar vörslur þær eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, láta endurreikna hana og leggja mat á verðmæti eigna. Ljúka skal greiðslu áfallinna og tilkynnta líftryggingakrafna samkvæmt reglum sem giltu áður en slitastjórn var skipuð. Líftryggingakröfur sem falla til útborgunar síðar má greiða út að því marki er Fjármálaeftirlitið telur forsvaranlegt með tilliti til eignastöðu. Endurkaup eru óheimil nema sem greiðsla á lánnum gegn veði í líftryggingum hjá félaginu.

Þegar að loknu endurmati skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið leita til annarra líftryggingafélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingaskuldar. Fjármálaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það sem það telur hagkvæmast fyrir váttryggða. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna opinberlega um helstu atriði tilboðsins sem það hefur valið og skal jafnframt auglýst eftir athugasemdum frá váttryggingartökum og váttryggðum sem berast skulu skriflega innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar. Að fengnum athugasemdum getur Fjármálaeftirlitið framselt stofninn félagi því er Fjármálaeftirlitið valdi ásamt eignum sem mæta eiga líftryggingaskuldinni, enda tekur viðtakandi þá við öllum skuldbindingum vegna líftrygginganna.

Þeir váttryggingartakar eða váttryggðir, sem athugasemdir hafa gert og ekki vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga rétt á að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða komi ekki fram þau tilboð er Fjármálaeftirlitið vill mæla með skulu eignir hinna váttryggðu greiddar þeim í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra.

Um 156. gr. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 92. gr. gildandi laga um vörslu eigna sem eru til að mæta líftryggingaskuld.

157. gr.

Birting ákvörðunar.

Slitastjórn skal birta ákvörðun um að hefja slitameðferð í Lögbirtingablaði. Jafnframt skal birta útdrátt úr ákvörðuninni um slit í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins sem og upplýsingar um þá löggjöf sem gildir um slitameðferðina. Einnig skal tilgreina þá aðila sem sitja í slitastjórn.

Um 157. gr. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 280. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og tilgreinir birtingu ákvörðunar um upphaf slitameðferðar.

158. gr.

Tilkynning til kröfuhafa.

Slitastjórn skal tilkynna öllum þekktum kröfuhöfum um slitameðferð váttryggingafélags. Slík tilkynning skal vera í samræmi við ákvæði 13. og 44. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Í tilkynningu skulu sérstaklega tekin fram áhrif ákvörðunar um slitameðferð á váttryggingarsamning, tímamörk og viðurlög þar að lútandi, hvaða aðili hefur umboð til að viðurkenna kröfur sem lýst er eða

athugasemdir um kröfur og aðrar ráðstafanir. Í tilkynningunni skal einnig koma fram hvort lánardrottinnar sem eiga forgangskröfur eða njóta hlutbundins veðréttar þurfi að lýsa kröfum sínum.

Fyrirsögn tilkynningar skv. 1. mgr. skal bera með sér að um innköllun krafna sé að ræða og skal vera á öllum opinberum tungumálum aðildarríkja Evrópusambandsins.

Tilkynning til kröfuhafa sem byggir rétt sinn á váttryggingarsamningi, skal vera á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem kröfuhafinn hefur fasta búsetu, lögheimili eða höfuðstöðvar.

Um 158. gr. Greinin er í samræmi við 281. og 283. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og fjallar um tilkynningar til kröfuhafa váttryggingafélags þegar ákvörðun hefur verið tekin um að hefja slitameðferð þess. Til kröfuhafa váttryggingafélags teljast m.a. váttryggingatakar, váttryggðir og aðrir sem eiga kröfu á váttryggingafélag vegna váttryggingasamninga.

159. gr.

Kröfulýsingar frá kröfuhöfum í öðrum aðildarríkjum.

Kröfuhafa sem hefur lögheimili, fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki skal heimilt að leggja fram kröfulýsingu eða athugasemdir við kröfu á opinberu tungumáli þess ríkis eða einu af opinberum tungumálum þess ríkis. Fyrirsögn kröfulýsingar skal þó vera á íslensku.

Í kröfulýsingu eða athugasemdum skal koma fram:

1. Eðli og fjárhæð kröfu.
2. Stofndagur kröfu.
3. Hvort krafa eigi að njóta forgangs, hafi veðrétt eða eignarréttarfyrirvara.
4. Veðandlag kröfu, ef við á.

Um 159. gr. Ákvæðið er í samræmi við 282. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um rétt kröfuhafa í öðru aðildarríki til að senda kröfulýsingar eða gera athugasemdir við kröfur á opinberu eða einu af opinberum tungumálum þess ríkis. Jafnframt er kveðið á um þær upplýsingar sem fram skulu koma í kröfulýsingu eða athugasemdum við kröfur.

160. gr.

Reglubundnar upplýsingar til kröfuhafa.

Slitastjórn skal reglulega veita kröfuhöfum upplýsingar með viðeigandi hætti um framvindu slitameðferðar.

Eftirlitsstjórnvöld í öðrum aðildarríkjunum geta farið fram á upplýsingar um framvindu slitameðferðar frá Fjármálaeftirlitinu.

Um 160. gr. Ákvæðið er í samræmi við 284. gr. tilskipunar 2009/138/ESB og kveður á um reglubundna upplýsingagjöf til kröfuhafa. Nauðsynlegt er að kröfuhafar séu upplýstir um framvindu slitameðferðar váttryggingafélags og nær upplýsingaskyldan til allra meiriháttar ákvarðana sem slitastjórn tekur um framvindu slitanna, s.s. að fara með félagið í gjaldþrotaskipti. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins er eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja heimilt að fara fram á slíkar upplýsingar frá Fjármálaeftirlitinu.

161. gr.

Slitameðferð váttryggingafélags.

Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum skulu lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., gilda um gjaldþrotaskipti váttryggingafélags.

Váttryggingakröfur á hendur þrotabúi váttryggingafélags skulu ganga næst á undan kröfum skv. 113. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Váttryggingafélag skal ávallt geta sýnt fram á umfang þeirra krafna sem ganga á undan váttryggingakröfum.

Úrskurður um að bú váttryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta skal ekki hafa áhrif á rétt veðhafa vegna eignarréttinda sem voru í öðru aðildarríki þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Íslensk lög gilda þó um réttindi og skyldur aðila sem lúta opinberu eftirliti hérlendis.

Hafi váttryggingafélag keypt eign með eignarréttarfyrirvara hefur úrskurður um að bú váttryggingafélags sé tekið til gjaldþrotaskipta ekki áhrif á réttindi seljanda sem byggjast á fyrirvaranum ef eign er í öðru aðildarríki. Gjaldþrot váttryggingafélags hefur ekki áhrif á sölu váttryggingafélags á eign hafi afhending þegar farið fram og eignin verið í öðru aðildarríki þegar úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, eða ákvæðum XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, nema lög gístíríkis heimili ekki slíkt.

Hafi váttryggingafélag selt fasteign, skip eða flugvél sem háð er opinberri skráningu eða framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eftir úrskurð um að bú váttryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta skulu lög þess ríkis þar sem eign er eða þar sem hin opinbera skráning hefur farið fram gilda um lögmæti löggerningsins.

Um áhrif úrskurðar um að bú váttryggingafélags skuli tekið til gjaldþrotaskipta á málshöfðun vegna eignar eða annarra réttinda sem váttryggingafélag hefur látið af hendi fer eftir lögum þess aðildarríkis þar sem málið var höfðað.

Úrræði sem slitastjórn getur beitt samkvæmt íslenskum lögum hefur hún jafnframt í öðrum aðildarríkjum. Við beitingu slíkra úrræða í öðru aðildarríki skal slitastjórn þó fara eftir lögum þess aðildarríkis eftir því sem við á.

Ákvæði 2.-4. mgr. 149. gr. gilda um gjaldþrotaskiptameðferð váttryggingafélags að breyttu breytanda.

Váttryggingafélag skal halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að jafna þá váttryggingarskuld sem reiknuð er og ávöxtuð. Samsetningu þeirra eigna sem færðar eru í slíka skrá þegar slitameðferð hefst skal ekki breytt eftir það og ekki skal færa neinar breytingar í skrána aðrar en leiðréttingar á augljósum ritvillum nema með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Eigi að síður skal slitastjórn leggja ávöxtun téðra eigna við þær sem og virði hreinna iðgjalda sem móttækin eru í tengslum við þá tilteknu váttryggingagrein, frá því slitameðferð hefst og þar til váttryggingakröfur eru greiddar eða þar til váttryggingastofn hefur verið fluttur. Ef afraksturinn af sölu eigna er minni en virði þeirra, eins og það er metið í skránni, skal slitastjórn gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir því með rökstuðningi.

Um 161. gr. Ákvæðið er nær samhljóða 95. gr. gildandi laga. Ákvæðið er einnig í samræmi við ákvæði 275. gr., 276. gr., 278. gr. 286. gr., 287. gr., 289.- 291. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. 2. mgr. er í samræmi við 275. gr. og 278. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. 3. mgr. er í samræmi við 286. og 289. gr. tilskipunarinnar. 4. mgr. er í samræmi við 287. gr. tilskipunarinnar. 5. mgr. er í samræmi við 290. gr. tilskipunarinnar. 6. mgr. er í samræmi við 291. gr. tilskipunarinnar og 7. mgr. er í samræmi við 292. gr. sömu tilskipunarinnar. 10. mgr. er í samræmi við 276. gr. tilskipunarinnar.

162. gr.

Slitameðferð félags með líftryggingastarfsemi.

Ákvæði 161. gr. um slitameðferð váttryggingafélags gilda um gjaldþrotaskiptameðferð félags með líftryggingastarfsemi nema kveðið sé á um annað í ákvæði þessu.

Ákvæði 156. gr. um sérstaka meðferð líftryggingastofnsins gilda verði ákveðið að slíta félagi með líftryggingastarfsemi og getur Fjármálaeftirlitið krafist allra gagna frá félaginu sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ljúka uppgjöri hans og ráðstöfun. Auk opinberrar tilkynningar skv. 158. gr. skal Fjármálaeftirlitið tilkynna váttryggingartökum, váttrygðum og öðrum, sem kröfu eiga á váttryggingafélag vegna váttryggingarsamninga og eiga lögheimili, hafa fasta búsetu eða höfuðstöðvar í öðru aðildarríki, um fyrirhugaðan flutning váttryggingastofnsins. Slík tilkynning skal vera á tungumáli þess ríkis þar sem viðkomandi á lögheimili, hefur fasta búsetu eða höfuðstöðvar.

Við gjaldþrotaskiptameðferð líftryggingafélags skal hvorki telja eignir sem mæta eiga líftryggingaskuldinni með eignum félagsins né líftryggingaskuldina með skuldum þess. Hafi ekki tekist að ljúka greiðslu líftryggingakröfu með eignum þeim sem mæta eiga líftryggingaskuldinni fer um líftryggingakröfuna á hendur félaginu skv. 2. mgr. 161. gr.

Um 162. gr. 2. og 3. mgr. ákvæðisins eru samhljóða 2. og 3. mgr. 93. gr. gildandi laga. Að öðru leyti en kveðið er á um í ákvæðinu gilda ákvæði um slitameðferð váttryggingafélags um slit félags með líftryggingastarfsemi.

163. gr.

Meðferð útibúa váttryggingafélaga utan aðildarríkja.

Ákvæði þessa kafla og XXIII. kafla um endurskipulagningu skulu gilda um útibú váttryggingafélags með höfuðstöðvar utan aðildarríkja. Fara skal með útibúið sem sjálfstæða einingu við endurskipulagningu fjárhags eða slit þess.

Um 163. gr. Ákvæðið er í samræmi við 296. gr. tilskipunar 138/2009/ESB, þar sem fram kemur að fara skuli með útibú váttryggingafélaga utan aðildarríkja sem sjálfstæða einingu þegar kemur að endurskipulagningu fjárhags þess eða slitameðferð.

164. gr.

Frjáls slit.

Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit samkvæmt samþykktum váttryggingafélags skal félagið leggja fyrir Fjármálaeftirlitið greinargerð um óuppperðar váttryggingaskuldbindingar þess og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

Fjármálaeftirlitið skal meta og taka ákvörðun um hvort hagsmunum váttryggingartaka og váttryggðra telst best borgið með flutningi váttryggingastofns til annars eða annarra félaga og ef um líftryggingastofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 156. gr.

Um frjáls slit váttryggingafélags gilda ákvæði 157.-162. gr. eftir því sem við á.

Um 164. gr. Ákvæðið er samhljóða ákvæði 96. gr. gildandi laga um váttryggingastarfsemi og fjallar um frjáls slit váttryggingafélags.

XXV. KAFLI.

Viðurlög.

165. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. másl. 1. mgr. 2. gr. varðandi leyfisskylda starfsemi.
2. 4.-5. gr. um starfsheimildir.
3. 8. gr. um hvar megi frumtryggja váttryggingaráhættu sem hér er.
4. 1. mgr. 9. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum.
5. 2. mgr. 9. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskæiðis hefur farið.
6. 11. gr. um heimild til að bera heiti sem gefur váttryggingastarfsemi til kynna.
7. 16 gr. um að senda skuli breytingar á samþykktum váttryggingafélags til Fjármálaeftirlitsins innan viku frá samþykkt þeirra.
8. 1. mgr. 27. gr. um leyfisumsókn til Fjármálaeftirlitsins ef váttryggingafélag með starfsleyfi hér á landi hyggst taka upp nýjan greinaflokk váttrygginga eða váttryggingagrein eða breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum.
9. 31. gr. um gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins.
10. 1. mgr. 35.- 36. gr. um umsókn um samruna.
11. 6. mgr. 39. gr. um fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins um úrbætur.
12. 2.-4. mgr. 38. gr. um viðskipti stjórnarmanna eða tengrða aðila við váttryggingafélagið.
13. 7. mgr. 40. gr. um tilkynningu um þóknun stjórnarmanna eða forstjóra.
14. 8. mgr. 40. gr. um tilkynningarskyldu vegna málaefna sem geta haft úrslitabýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.
15. 2. mgr. 41. gr. um að tilkynningu um skipan og síðari breytingar á skipan stjórnar, forstjóra og þeirra sem ábyrgð bera á lykilstarfsviðum.
16. 4. mgr. 42. gr. um bann við að hafa starfandi stjórnarformann.
17. 44. gr. um áhættustýringu.
18. 45. gr. um eigið áhættu- og gjaldþolsmat.
19. 48. gr. um hæfi aðila sem gegna starfssviði tryggingastærðfræðings.
20. 49. gr. um útvistun.
21. 52. gr. um takmörkun arðgreiðslna.
22. 53. gr. um ársreikninga.
23. 54. gr. um skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu.
24. 58. gr. um að tilkynna um virkan eignarhlut.
25. 63. gr. um að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut.
26. 64. gr. um tilkynningu eiganda.
27. 65. gr. um tilkynningu váttryggingafélags.
28. 66. gr. um upplýsingaskyldu.
29. 1. mgr. 69. gr. um hámark eigin hluta.

30. 2. mgr. 69. gr. um lánveitingu með veði í eigin hlutabréfum.
31. 71. gr. um tilkynningarskyldu endurskoðanda til Fjármálaeftirlitsins.
32. 72. gr. um mörk líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.
33. 75. gr. um váttryggingaskuld.
34. 90. gr. um notkun stuðningsgjaldþolsliðar.
35. 100. gr. um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir notkun eigin stika.
36. 104. gr. um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir notkun eigin líkans.
37. 2. mgr. 112. gr. um ársfjórðungslega ákvörðun lágmarksfjármagns.
38. 124. gr. um heimild váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi til að opna útibú í öðru aðildarríki.
39. 125. gr. um heimild váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi til að veita þjónustu í öðru aðildarríki.
40. 130. gr. um heimild váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi til að hefja starfsemi í ríki utan aðildarríkja.
41. 133. gr. um heimild til flutnings váttryggingastofns.
42. 6. tölul. 2. mgr. 132. gr. um ávöxtun fjármuna váttryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.
43. 1. mgr. 139. gr. um lok starfsemi váttryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.
44. 139. gr. um lausn geymslufjár váttryggingafélags með aðalstöðvar í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.
45. 1. mgr. 164. gr. um skil greinargerðar til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar um frjáls slit.
46. 1. mgr. 164. gr. um skil greinargerðar til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar um frjáls slit.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 100 þús. kr. til 50 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmáður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

Um 16. gr. Ákvæðið vísar til greina sem varða sektum verði brotið gegn þeim. Þær efnislegu breytingar sem lagðar eru til í ákvæðinu tengjast brottfalli ákvæða, tilflutningi ákvæða og nýjum ákvæðum. Tilvísanir til ákvæða er varða fjárhagslegan grundvöll eru mun fleiri þar sem þau ákvæði eru mun ítarlegri í frumvarpinu en skv. gildandi lögum.

166. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.

Um 166. gr. Ákvæðið er samhljóða 98. gr. gildandi laga.

167. gr.

Réttur einstaklinga.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Um 167. gr. Ákvæðið er samhljóða 99. gr. gildandi laga.

168. gr.

Fyrningar.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

Um 168. gr. Ákvæðið er samhljóða 100. gr. gildandi laga.

169. gr.

Sektir eða fangelsi.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. másl. 2. varðandi leyfisskylda starfsemi.
2. 1. mgr. 9. gr. um góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum.
3. 2. mgr. 9. gr. um að ekki sé farið að fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins um að ráðin verði bót á því sem úrskæiðis hefur farið.
4. 5. mgr. 48. gr. um tilkynningarskyldu tryggingastærðfræðings til Fjármálaeftirlitsins.
5. 52. gr. um takmörkun arðgreiðslna.
6. 1.–3. mgr. 53. gr. um ársreikninga.
7. 58. gr. um að tilkynna ekki um virkan eignarhlut.
8. 63. gr. um að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut.
9. 66. gr. um upplýsingaskyldu.
10. 69. gr. um hámark eigin hluta.
11. 69. gr. um lánveitingu gegn veði í eigin hlutabréfum.
12. 70.-71. gr. um hæfi og upplýsingaskyldu endurskoðanda.
13. 1. mgr. 139. gr. um lok starfsemi váttryggingafélags með höfuðstöðvar í ríki utan aðildarríkja.
14. 2. mgr. 139. gr. um lausn geymslufjár váttryggingafélags með höfuðstöðvar í ríki utan aðildarríkja.
15. 1. mgr. 117. gr. um tilkynningu vegna ónógs gjaldþols.
16. 1. og 3. mgr. um ráðstafanir vegna ónógs lágmarksfjármagns

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi váttryggingafélags eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðskiptamanna.

Um 169. gr. Ákvæðið vísar til greina sem varða sektum eða fangelsi verði brotið gegn þeim. Þær efnislegu breytingar sem lagðar eru til í ákvæðinu tengjast brottfalli ákvæða, tilflutningi ákvæða og nýjum ákvæðum.

170. gr.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Um 170. gr. Ákvæðið er samhljóða 102. gr. gildandi laga.

171. gr.

Ákvörðun kæru og afhending gagna.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn sakamáls að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber

Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum eða ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kærnu Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

Um 171. gr. Ákvæðið er samhljóða 103. gr. gildandi laga.

XXVI. KAFLI.

Önnur ákvæði.

172. gr.

Fjárhæðir í evrum.

Fjárhæðir í evrum sem vísað er til í þessum lögum skulu uppfærðar á fimm ára fresti. Miða skal við breytingar á samræmdri vísitölu neysluverðs í Evrópusambandinu, grunnvísitala frá 31. desember 2015. Nemi breytingar á vísitölunni lægri hlutfallstölu en 5% á tímabilinu skulu fjárhæðir haldast óbreyttar. Fjármálaeftirlitið skal birta uppfærðar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Um 172. gr. Ákvæðið er í samræmi við 300. gr. tilskipunar 2009/138/ESB.

173. gr.

Innleiðing.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/138/ESB, um stofnun og rekstur váttryggingafélaga, ásamt tilskipun 2014/51/ESB sem breytti tilskipun 2009/138/ESB að undanskildum ákvæðum er varða valdheimildir Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisesftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og ákvæði um váttryggingasamstæður.

Um 173. gr. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

174. gr.

Heimild til að vísa í reglugerð nr. 2015/35/ESB og tæknilega framfræmdastaðla á ensku.

Við setningu reglugerðar skv. ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að vísa til birtingar á afleiddri reglugerð nr. 2015/35/ESB, sem útfærir nánar ákvæði tilskipunar 2009/138/ESB, um stofnun og rekstur váttryggingafélaga, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Nýti ráðherra þessa heimild skal gera enska útgáfu reglugerðarinnar aðgengilega á vef ráðuneytisins.

Við setningu reglna skv. ákvæðum laga þessara er Fjármálaeftirlitinu heimilt að vísa til birtingar á tæknilegum framkvæmdarstöðlum og eftirlitsstöðlum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Nýti Fjármálaeftirlitið þessa heimild skal stofnunin gera enskar útgáfur tæknilegu framkvæmdarstaðlanna og eftirlitsstaðlanna aðgengilegar á vef sínum.

Um 174. gr. Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til þess í reglugerð að vísa til afleiddrar reglugerðar nr. 2015/35/ESB í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Ákvæði reglugerðarinnar fela í sér nánari útfærslu á stofnun og rekstri váttryggingafélaga. Í frumvarpinu er vísað til reglugerðarheimildar ráðherra og mun ráðherra í flestum tilvikum byggja á ákvæðum reglugerða 2015/35/ESB.

Í 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilað að setja stjórnvaldsfyrirmæli til innleiðingar á tæknilegum framkvæmdarstöðlum og tæknilegum eftirlitsstöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrisesftirlitsstofnunarinnar (EIOPA). Tæknilegu staðlarnir eru samdir á vegum Evrópsku váttrygginga-

og lífeyriseftirlitsstofnunarinnar, eða eftir atvikum hinna evrópsku eftirlitsstofnananna á sviði fjármálaþjónustu, og gefnir út af framkvæmdastjórn ESB. Hver tæknilegur staðall verður að sjálfstæðri EES-gerð sem taka þarf upp í landsrétt. Með tilskipun 2009/138/ESB mun fylgja nokkur fjöldi slíkra staðla og er lagt til að ákvæði þeirra verði sett með stjórnvaldsfyrirmælum.

175. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2016.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Um 175. gr. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Lágmarksfjármagn.

Uppfylli váttryggingafélag kröfur um lágmarksgjaldþol samkvæmt ákvæðum 31.-34. gr. laga nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi, 31. desember 2015 án þess að hafa nægilega viðurkennda gjaldþolsliði til að mæta lágmarksfjármagni samkvæmt ákvæðum XVII. kafla þessara laga hefur félagið frest til 31. desember 2016 til þess að uppfylla kröfur skv. XVII. kafla. Uppfylli félagið ekki kröfurnar innan þess tíma fellur starfsleyfi þess sjálfkrafa niður.

Um ákvæði til bráðabirgða I. Ákvæðið er í samræmi við 131. gr. tilskipunar 2009/138/ESB. Um er að ræða eins árs aðlögun fyrir váttryggingafélög til að uppfylla kröfur um lágmarksfjármagn. Skilyrði er að váttryggingafélagið uppfylli kröfur gildandi laga um lágmarksgjaldþol.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nýjar reglur um starfsemi váttryggingafélaga sem ætlað er að leysa af hólmi lög nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi. Helstu breytingar frá þeim lögum varða fjárhagslegan styrk váttryggingafélaga (gjaldþolskröfur), auknar kröfur um stjórnarhætti. Reglurnar eru byggðar á tilskipun 2009/138/ESB, um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem hefur verið lögfest í Evrópusambandinu (ESB). Tilskipunin er í daglegu tali nefnd Solvency II tilskipunin og verður nefnd svo hér eftir. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefur út reglugerð nr. 2015/35 sem er nánari útfærsla á mörgum ákvæðum tilskipunarinnar og enn frekari útfærslur verða í tæknistöðlum sem verða gefnir út. Solvency II reglurnar eru þannig í nokkrum hlutum og verður sami háttur hafður á við útgáfu þeirra hér á landi.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um váttryggingastarfsemi sem komi í stað laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Þau lög byggðust á EES rétti eins og hann var þá en eldri lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 lögfestu váttryggingarétt EES við upphaf EES samstarfsins. Enn eldri lög um váttryggingastarfsemi nr. 50/1978 og áður nr. 26/1973 tóku nokkurt mið af Evrópuréttinum á þeim tíma þótt Ísland væri ekki skuldbundið til að gæta samræmis þá.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem efnahags- og viðskiptaráðherra (nú fjármála- og efnahagsráðherra) skipaði 23. febrúar 2010 til að vinna að því að taka upp reglur tilskipunar 2009/138/ESB, um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem tekin var upp í samninginn um Evrópska Efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 11/2011 þann 1. júlí 2011. Í nefndina voru skipuð Sigurður Freyr Jónatansson, tryggingastærðfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, formaður, tilnefndur af ráðherra, Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., tilnefnd af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), Ragnar Þ. Ragnarsson, tryggingastærðfræðingur hjá Váttryggingafélagi Íslands hf., tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) og Ólafur Lúther Einarsson, héraðsdómslögmaður hjá Váttryggingafélagi Íslands hf., tilnefndur af SFF. Varamenn voru skipaðir Inga Birna Einarisdóttir, viðskiptafræðingur, tilnefnd af Fjármálaeftirlitinu, Helgi Þórsson, tryggingastærðfræðingur hjá Tryggingamiðstöðinni hf., tilnefndur af FÍT og Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur hjá

TBG ehf., tilnefndur af SFF. Í upphafi ársins 2011 tilnefndi Efnahags- og viðskiptaráðuneytið (EVR) Björgu Finnbogadóttur, lögfræðing hjá ráðuneytinu, í nefndina. Í október 2011 kom Erna Jónsdóttir lögfræðingur hjá EVR í hennar stað. Í desember 2013 tók Sóley Ragnarsdóttir, lögfræðingur hjá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu sæti í nefndinni í stað Ernu. Í upphafi ársins 2012 tilnefndi FME Valdimar Gunnar Hjartarson lögfræðing í nefndina í stað Ingu Birnu Einarsdóttur. Ragnheiður Morgan Sigurðardóttir lögfræðingur tók svo sæti Valdimars í nefndinni í apríl 2013.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kom fram að varamenn myndu þurfa að taka virkari þátt í starfinu en almennt gerist. Nefndin hefur í störfum sínum ekki gert greinarmun á aðalmönnum og varamönnum og hafa varamenn starfað til jafns á við aðalmenn. Nefndin hefur verið virk frá skipun og hist reglulega. Nefndarstörf voru ólaunuð.

Nefndinni var falið í skipunarbréfi að leggja fram tillögur um hvernig staðið skyldi að því að taka upp reglur tilskipunarinnar. Einnig var henni ætlað að fylgjast með nánari útfærslum einstakra tilskipunarákvæða og gera tillögur að útfærslu þeirra hér á landi með lögum, reglugerðum eða reglum Fjármálaeftirlitsins. Meginmarkmið nefndarinnar var þó fyrst og fremst að samræma löggjöf hér á landi ákvæðum tilskipunarinnar. Vegna þeirra miklu breytinga sem tilskipunin gerði á regluverki váttryggingastarfsemi taldi nefndin rétt að leggja til að ný lög yrðu sett í stað þess að breyta núverandi lögum þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé síðan þau voru sett. Frumvarpið er sett þannig upp að það fylgir að mestu leyti uppsetningu tilskipunarinnar en slíkt fyrirkomulag hefur ekki áður verið í lögum um váttryggingastarfsemi.

Solvency II tilskipunin fylgir svokölluðu Lamfalussy ferli sem byggist á fjórum stigum (e. levels). Tilskipunin sjálf er fyrsta stigið en annað stigið er nánari útfærsla á tilskipuninni sem gerð er með reglugerð. Nefndin tók þá afstöðu að semja frumvarp sem byggist á fyrsta stigi þ.e. Solvency II tilskipuninni og fór yfir það hvort heppilegra væri að reglugerð ESB nr. 35/2015 vegna Solvency II yrði sett sem viðhengi við lögin eða sem reglugerð frá ráðherra. Nefndin taldi síðari kostinn heppilegri þar sem um mjög tæknileg og ítarleg atriði er að ræða, auk þess sem gert er ráð fyrir að reglugerðin breytist. Það er því gert er ráð fyrir því að reglugerð ESB nr. 35/2015 samkvæmt öðru stigi verði gefin út sem reglugerð hér landi. Í frumvarpi þessu er í þeim tilgangi kveðið á um heimildir ráðherra til að gefa út reglugerð vegna nánari útfærslu laganna. Þriðja stigið felst í því að aðildarríki samræma löggjöf sína og fjórða stigið felst í því að lögfesta reglurnar og hlíta þeim.

II. Tilfni og nauðsyn lagasetningarinnar.

Markmið Solvency II tilskipunarinnar er að samræma lagaumhverfi váttryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu, bæta neytendavernd og tryggja fjárhagslegan stöðugleika á váttryggingamarkaði. Með tilskipuninni eru reglur um gjaldþol váttryggingafélaga endurskoðaðar og eru gjaldþolskröfur tilskipunarinnar áhættumiðaðar í samræmi við alþjóðlega þróun á fjármálamörkuðum. Verklag við eftirlit verður jafnframt áhættumiðað. Slíku eftirliti er ætlað að verða hvati fyrir váttryggingafélög til að mæla, stýra og minnka áhættu sína. Með tilkomu þessara reglna þurfa váttryggingafélög sem taka mikla áhættu eða eru með slaka áhættustýringu að gangast undir hærri gjaldþolskröfur en félög sem taka minni áhættu eða eru með góða áhættustýringu. Með tilskipuninni taka gjaldþolskröfur váttryggingafélaga til fleiri áhættuþátta en nú er og má því ætla að gjaldþolskrafa hækki. Váttryggingafélög með einfalda starfsemi geta hins vegar haft lægri gjaldþolskröfu.

Tilskipunin gildir fyrir váttryggingafélög sem eru með iðgjöld umfram 5 milljónir evra eða eru með váttryggingarskuld umfram 25 milljónir evra. Svokölluð hlutfallsregla er höfð til hliðsjónar í tilskipuninni sem þýðir að þrátt fyrir að útreikningur nýrra gjaldþolskrafa geti verið flókinn þá geta smærri váttryggingafélög notað einfaldari aðferðir.

Auknar kröfur um gjaldþol og áhættustýringar váttryggingafélaga hafa það markmiði að auka vernd váttryggingartaka ásamt því að auka stöðugleika á váttryggingamarkaði.

Tilskipunin skiptist í þrjá þætti, þ.e. þriggja stöða kerfi.

Stoð 1 byggist á því að fjárhagsgrundvöllur váttryggingafélags þarf að vera reiknaður með eðlilegum og viðeigandi hætti. Sá útreikningur byggist á mati á eignum og skuldum, viðurkenndum gjaldþolsliðum, útreikningi váttryggingarskuldar og útreikningi á gjaldþolskröfum. Mat á eignum og öðrum skuldum en váttryggingaskuld skal byggjast á hagrænum meginreglum en það felur í sér að matið á að vera í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Útreikningur váttryggingarskuldar er samræmdur og byggist einnig á markaðssjónarmiðum. Váttryggingafélög þurfa að reikna gjaldþolskröfu á grundvelli mælanlegrar áhættu félagsins og þurfa að hafa

lágmarksfjármagn. Gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni skal mætt með viðurkenndum gjaldþolsliðum sem háðir eru ákveðnum mörkum.

Stoð 2 byggist á því að stjórnarhættir verða að vera eðlilegir og heilbrigðir. Það þarf að vera virk áhættustýring og áhættugreining hjá váttryggingafélagi og félagið þarf að framkvæma eigið áhættu- og gjaldþolsmat. Eigið áhættu- og gjaldþolsmat váttryggingafélags er mat félagsins á heildarfjármagnsþörf þess þar sem metið er hvaða fjárhagsgrundvöllur er hæfilegur miðað við tiltekið áhættusnið, áhættuþol og viðskiptaáætlun. Í váttryggingafélaginu skulu vera starfseiningar sem sjá um áhættustýringu, innra eftirlit og regluvörslu, innri endurskoðun og tryggingastærðfræði. Eftirlit eftirlitsstjórnvalda á að hafa þannig verklag að það greini veikleika váttryggingafélaga og aukna áhættu þeirra. Með þessu verður eftirlit og leiðbeiningar eftirlitsstjórnvalda samræmt innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Stoð 3 byggir á opinberri upplýsingagjöf og upplýsingastreymi til eftirlitsstjórnvalda. Meðal annars þarf váttryggingafélag að gera skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Það er opinber skýrsla sem váttryggingafélög eiga að birta árlega. Í skýrslunni á að koma fram hvernig stjórnkerfi og áhættustýring félagsins er. Váttryggingafélög þurfa einnig að senda Fjármálaeftirlitinu reglulega eftirlitsskýrslu. Að auki eru stöðluð gagnaskil fyrir Evrópska efnahagssvæðið þar sem safnað verður saman tölulegum upplýsingum um rekstur og fjárhagslega stöðu váttryggingafélaga.

Veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á upphaflegri Solvency II tilskipuninni frá því hún var gefin út sem tilskipun nr. 2009/138/ESB. Þannig var upphaflega kveðið á um að ákvæði hennar þyrfti að lögleiða í aðildarríkjum eigi síðar en 31. október 2012 og var upphaflega gert ráð fyrir að nefndin lyki störfum fyrir þann tíma. Í kjölfar de Larosere skýrslunnar svokölluðu voru gerðar breytingar á skipulagi eftirlits á fjármálamarkaði ESB en þar var að finna tillögur um aðgerðir ESB vegna fjármálakreppunnar sem hófst 2007. Meðal þess sem var breytt var að nefnd eftirlitsstjórnvalda á váttryggingamarkaði (e. Committee of European Insurance and Occupational Pensions Supervisors, CEIOPS) var fengið aukið hlutverk og breytt í formlega eftirlitsstofnun (e. European Insurance and Occupational Pensions Authority, EIOPA) með raunverulegar valdheimildir. Vegna þessara nýju valdheimilda EIOPA þurfti að breyta tilskipun 2009/138/ESB og hófst þá vinna við svokallaða Omnibus II tilskipun, tilskipun 2014/51/ESB. Samkvæmt þeirri tilskipun var gert ráð fyrir því að ákvæði Solvency II yrðu lögfest í aðildarríkjum eigi síðar en 31. mars 2015 og að ákvæði hennar kæmu til framkvæmda 1. janúar 2016. Þegar þetta er ritað (ágúst 2015) hafa ekki öll aðildarríki EES-svæðisins lögfest ákvæði ákvæði tilskipunarinnar en gert er ráð fyrir að svo verði fyrir 1. janúar 2016.

Til viðbótar hinum auknu valdheimildum EIOPA felur Omnibus II í sér ákvæði um mat á eignum og skuldum, meðal annars langtímaábyrgð (LTG) og bætir ákvæðum við Solvency II um viðbrögð við sveiflum og lágum vöxtum á fjármálamarkaði. Þá eru ákvæði um áhættustýringu, eftirlitsferli, upplýsingagjöf og möguleika á því að endurskoða langtímaábyrgð til að tryggja ráðdeild og gagnsæi. Ákvæði eru um hvernig eigi að flokka það fjármagn og eignir sem váttryggingafélag getur fjárfest í, hæfi váttryggingafélags, hvaða gjaldþolsliðir eru notaðir til að mæta gjaldþolskröfu, stjórnun váttryggingafélags, mat á jafngildi eftirlits og löggjafar í ríkjum utan EES-svæðisins og váttryggingasamstæður.

Ákvæðin í Omnibus II um valdheimildir EIOPA til eftirlitsstarfa á váttryggingamarkaði hafa breytt mikið því lagaumhverfi sem hefur gilt á EES-svæðinu. EIOPA hefur ríkar valdheimildir gagnvart eftirlitsstofnunum og váttryggingafélögum aðildarríkja. Starfsemi EIOPA byggir á reglugerð nr. 1094/2010 um stofnunina sem tók gildi í ársbyrjun 2011. Einnig voru settar reglugerðir um eftirlitsstofnun fjármálafyrirtækja, (European Banking Authority, EBA) og eftirlitsstofnun á verðbréfamarkaði, (European Securities and Markets Authority, ESMA). Þessar stofnanir eru grunnur þeirra breytinga sem fjármálamarkaður ESB byggir á í kjölfar endurskipulagningarinnar eftir fjármálakreppuna.

Markmiðið með stofnunum er að tryggja nánara samstarf fjármálaeftirlita aðildarríkjanna, auðvelda beitingu samevrópskra lausna vegna fjölpjódlegra vandamála og styðja við einsleita beitingu og túlkun reglna. Með þessu er stofnunum ætlað að stuðla að stöðugleika og virkni fjármálakerfisins, ekki síst með það að leiðarljósi að aukna einsleitni umgjardar fjármálamarkaðarins. Í því augnamiði var stofnunum falið fjórfalt hlutverk, þ.e. reglusetning, eftirlit, að stuðla að fjármálastöðugleika og neytendavernd. Daglegt eftirlit á fjármálamarkaði á eftir sem áður að vera í höndum sjálfstæðra eftirlitsstofnana í aðildarríkjunum. Í þágu framangreindra markmiða er hins vegar gert ráð fyrir að þessar miðlægu stofnanir hafi umtalsverð áhrif og heimildir til að grípa inn í ef annað bregst. Vald stofnananna felst m.a. í því að gera drög að tæknistöðlum, viðmiðunarreglum og tilmælum, leysa úr

ágreiningi milli fjármálaeftirlita þar sem löggjöf krefst samstarfs og samkomulags þeirra í milli, eiga þátt í því að tæknilegum reglum sé beitt á samræmdan hátt og samhæfingarhlutverki á neyðartímum.

Valdheimildir eftirlitsstofnanna voru ekki taldar rúmast innan heimilda stjórnarskráa EFTA/EES-ríkjanna og hefur verið unnið að því í samvinnu við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að finna lausn á því hvernig unnt sé að taka reglugerðirnar um stofnun evrópsku eftirlitsstofnanna í landsrétt EFTA/EES-ríkjanna og þar með inn í EES-samninginn.

Nánar er gert grein fyrir stöðu innleiðingar á reglugerðum um hinar samevrópsku eftirlitsstofnanir á öðrum vettvangi.

Þegar þetta er ritað (ágúst 2015) er ráð fyrir því gert að reglugerðirnar um eftirlitsstofnanirnar verði teknar upp í EES-samninginn veturinn 2015-2016 og í kjölfarið verður tilskipun 51/2014 Omnibus II tekinn upp í EES-samninginn.

Það er vilji íslenskra stjórnvalda að löggjöf um váttryggingastarfsemi sé á öllum tímum í samræmi við þær lágmarkskröfur sem Evrópusambandið setur fjármálafyrirtækjum á innri markaði. Til að tryggja stöðugleika og traust er lagt til að lög um váttryggingastarfsemi verði í samræmi við regluverk Evrópusambandsins að öðru leyti en hvað varðar ákvæði um valdheimildir hinna samevrópsku eftirlitsstofnana.

Neytendur hafa mikla hagsmuni af því að váttryggingafélag geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þeim. Til að váttryggingafélag geti staðið við skuldbindingar sínar vegna váttryggingarsamninga leggur það til hliðar fé sem þarf til að mæta skuldbindingunum. Þessir fjármunir eru kallaðir *váttryggingaskuld* og er ætlað að greiða tjón sem geta orðið vegna gildra váttryggingarsamninga, tjón sem hafa orðið fyrir uppgjörsdag en hafa ekki verið tilkynnt og tjón sem hafa verið tilkynnt en eru ekki að fullu greidd. Þessi áhætta váttryggingafélags vegna váttryggingarsamninga er oft kölluð vænt áhætta þar sem útreikningur váttryggingaskuldarinnar byggir á samningum sem í gildi eru og þeirri áhættu sem tryggt hefur verið fyrir. Váttryggingafélag þarf á hverjum tíma að eiga eignir til að mæta þessari áhættu.

Váttryggingafélag getur orðið fyrir óvæntum áföllum, sem ekki er gert ráð fyrir í váttryggingaskuldinni. Til að mæta þeim áföllum þarf váttryggingafélagið að hafa tiltækt fjármagn sem kallast *gjaldþol*. Gjaldþolið er að mestu eignir umfram skuldbindingar (eigið fé) auk annarra tiltekinna liða sem leyfilegt er að telja til gjaldþols að frádregnum frádráttarliðum.

Núgildandi kröfur um gjaldþol váttryggingafélaga byggja á einföldum mælikvörðum sem taka mið af stærð váttryggingafélaga en ekki þarf að taka tillit til þeirrar undirliggjandi áhættu sem getur orðið í starfsemi félaganna. Solvency II byggir á því að einfaldir mælikvarðar á gjaldþol dugi ekki til að mæla þá áhættu sem falist getur í starfsemi váttryggingafélaga og að þær kröfur sem nú eru gerðar tryggi ekki næga vernd fyrir neytendur. Í ljósi þessa þótti nauðsynlegt að endurskoða regluverk váttryggingamarkaðar. Þessi endurskoðun er í samræmi við alþjóðlega þróun um að taka upp áhættumiðað verklag við eftirlit með öðrum aðilum á fjármálamarkaði. Áhættumiðað eftirlit er talið veita váttryggingafélögum nægilegt aðhald til að mæla og stýra áhættu sinni. Þrátt fyrir breyttar kröfur um gjaldþol er óvíst að mögulegt sé að mæta öllum mögulegum óvæntum áföllum með fjármagni og er því einnig lögð aukin áhersla á bætta og traustari stjórnarhátti og áhættustýringu hjá váttryggingafélögum.

Neytendavernd snýst að hluta til um að almenningur geti haft aðgang að upplýsingum um stöðu váttryggingafélaga og eru því gerðar auknar kröfur um opinbera upplýsingagjöf.

Eftirlit með váttryggingafélögum er mikilvægt til að fylgjast með því að þær kröfur sem eru gerðar til félaganna séu uppfylltar. Eftirlit með váttryggingafélögum mun verða áhættumiðað sem gerir nýjar og meiri kröfur til Fjármálaeftirlitsins. Til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt þessu hlutverki sem best er mikilvægt að það hafi áhættumiðaðar upplýsingar um stöðu váttryggingafélaga. Til þess að svo megi vera eru lagðar sérstakar skyldur á váttryggingafélög um að senda upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins. Ársfjórðungsleg gagnaskil munu aukast frá því sem nú er. Þrátt fyrir að taldar séu upp sérstakar skyldur í frumvarpinu til að skila reglulega tilteknum gögnum til Fjármálaeftirlitsins, gilda auk þess ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, um að Fjármálaeftirlitið geti óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Meginmarkmið frumvarpsins er að efla neytendavernd en einnig er því ætlað að tryggja fjármálastöðugleika og sanngjarnar og stöðugar markaðsaðstæður með því að gera auknar kröfur til gjaldþols váttryggingafélaga. Með áhættumiðuðum gjaldþolskröfum, kröfum til stjórnarháttar, áhættustýringar og kröfum um upplýsingagjöf er dregið verulega úr líkum á því að váttryggingafélög

verði gjaldþrota eða lendi í slíkum erfiðleikum að það geti ekki staðið við greiðslur tjóna. Einnig er með auknum heimildum og kröfum til Fjármálaeftirlitsins reynt að tryggja að fylgst verði með þeim áhættuþáttum sem áhrif hafa á starfsemi váttryggingafélaga og stöðugleika á markaðnum.

III. Meginefni frumvarpsins.

I. kafli frumvarpsins tiltekur markmið og gildissvið þess.

Helstu nýmæli kaflans eru ákvæði um undanþágur frá almennum reglum frumvarpsins. Þær undanþágur ná til Viðlagatryggingar Íslands og lítilla váttryggingafélaga.

Við upptöku Solvency II tilskipunarinnar í EES-samninginn var bætt við hann vissum undanþáguákvæðum fyrir Viðlagatryggingu Íslands. Þar sem félagið veitir þjónustu á afmörkuðu sviði sem almenn váttryggingafélög veita ekki á undanþágan ekki hafa áhrif á samkeppnisstöðu á váttryggingamarkaðnum. Lítil váttryggingafélög eru undanþegin ákvæðum frumvarpsins uppfylli þau tiltekin skilyrði um stærð og eðli starfseminnar. Ekkert váttryggingafélag hér á landi uppfyllir þessi skilyrði við framlagningu frumvarpsins. Verði lítil váttryggingafélög stofnuð munu þau ásamt Viðlagatryggingu Íslands og váttryggingafélögum sem eingöngu gera upp eldri endurtryggingasamninga samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV. vera undanþegin tilteknum ákvæðum sem talin eru upp í 3. gr. frumvarpsins. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að setja reglur um starfsemi félaga sem njóta slíkra undanþága verði talin ástæða til.

II. kafli fjallar um mörk við aðra starfsemi og leyfilega hliðarstarfsemi og er að mestu samhljóða núgildandi lögum.

III. kafli skilgreinir hugtök.

Umfang frumvarpsins gerir það að verkum að skilgreiningum fjölgar töluvert.

IV. kafli fjallar um starfshætti váttryggingafélaga.

Í kaflanum er tiltekið hvaða félög mega reka váttryggingastarfsemi hér á landi og rekstrarform þeirra. Einnig er þar tilgreind takmörkun á milligöngu vegna frumtryggingastarfsemi, kröfur um góða viðskiptahætti, hvernig kynningarstarfsemi skuli háttáð og að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með viðskiptaháttum.

V. kafli er um stofnun váttryggingafélags og er nánast samhljóða núgildandi lögum en felld hafa verið brott ákvæði sem eru í lögum um hlutafélög.

VI. kafli fjallar um starfsleyfi.

Kaflinn er að mestu leyti samhljóða IV. kafla gildandi laga, en kröfur til starfsleyfis hafa verið lagaðar að breyttum ákvæðum um gjaldþolskröfu. Einnig eru ákvæði um samstarf Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsstjórnvöld aðildarríkja. Sú breyting er lögð til að Fjármálaeftirlitið hafi sex mánuði í stað þriggja til að synja umsókn um starfsleyfi og er það í samræmi við tilskipun 2009/138/ESB.

VII. kafli fjallar um eftirlit.

Framkvæmd eftirlitsins er nefnt eftirlitsferli (e. Supervisory Review Process, SRP). Gert er ráð fyrir reglulegum athugunum og mati Fjármálaeftirlitsins á tilteknum þáttum. Fjármálaeftirlitið skal meta hvernig váttryggingafélög geta brugðist við atburðum og breytingum á efnahagslegu ástandi sem geta haft neikvæðar afleiðingar. Í því skyni skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlitsúrræði sem gerir því kleift að greina versnandi fjárhagslega stöðu hjá váttryggingafélagi. Fjármálaeftirlitið skal bregðast við slíkri stöðu og gera þá kröfu að váttryggingafélag bæti úr annmörkum. Fjármálaeftirlitið getur einnig krafist þess að váttryggingafélög geri sjálf mat á fjárhagslegri stöðu.

Í Solvency II tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríki skuli sjá til þess að eftirlitsstjórnvöld hafi nauðsynleg gögn og tilhlýðilega sérfræðipækkingu, hæfni og umboð til að ná fram meginmarkmiðum eftirlits sem er að vernda hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra. Einnig er kveðið á um að eftirlitsstjórnvöld eigi að huga að áhrifum ákvarðana þess á stöðugleika fjármálakerfisins. Þegar um er að ræða sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði skulu eftirlitsstjórnvöld taka mið af því hvort aðgerðir þeirra gætu haft sveifluáhrif. Nefndin tók þá afstöðu að hafa ekki sambærileg ákvæði í frumvarpinu þar sem um stefnumarkandi ákvæði er um að ræða fyrir Fjármálaeftirlitið og leggur nefndin til að skoðað verði hvort þessi ákvæði eigi heima í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Að öðrum kosti má líta svo á að þessi almenna stefna sé endurspegluð í VII. kafla frumvarpsins.

Í eftirlitskaflanum er lagt til að gerðar verði auknar kröfur um gagnaskil váttryggingafélaga til Fjármálaeftirlitsins þar sem áhersla er lögð á að eftirlitið hafi aðgang að öllum upplýsingum um

áhættusnið félaganna. Tíðni gagnaskila mun aukast frá því sem nú er en krafa um gagnaskil verður nánar útfærð í reglum Fjármálaeftirlitsins.

Það nýmæli er lagt til í kaflanum að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að leggja viðbótargjaldpolskröfu á váttryggingafélag í sérstökum tilvikum. Grundvöllur fjárhagslegs eftirlits er að krafa um gjaldþol (e. Solvency Capital Requirement, SCR) sé metin á eðlilegan hátt. Gjaldþolskrafa er byggð á staðalreglu sem á að endurspeglar áhættusnið sem flestra váttryggingafélaga en upp geta komið tilvik þar sem staðalreglan endurspeglar ekki áhættusnið tiltekins váttryggingafélags. Í kjölfar eftirlitsferlis getur Fjármálaeftirlitið lagt viðbótargjaldskröfu á váttryggingafélag telji það þörf á því. Viðbótargjaldpolskröfu skal einungis beitt ef önnur úrræði duga ekki til og krafan skal eingöngu beinast að tilteknu váttryggingafélagi en ekki markaðnum í heild. Viðbótargjaldþolskrafa gildir þar til þær aðstæður sem urðu til þess að hún var sett á eru ekki lengur fyrir hendi og getur verið til staðar í nokkur ár ef áhættusnið félags er verulega frábrugðið því sem gert er ráð fyrir í staðalreglunni.

Í kaflanum er einnig ákvæði um eftirlit með útviðstöðri starfsemi og samstarf eftirlitsstjórnvalda þegar þjónustuveitandinn er með starfsstöð í öðru aðildarríki en þar sem váttryggingafélagið hefur starfsleyfi. Þá er ákvæði um að samþykki Fjármálaeftirlitsins þurfi til að flytja váttryggingastofn félags sem hefur höfuðstöðvar hér á landi til annars félags sem hefur starfsstöð í aðildarríki og samruna.

VIII. kafli fjallar um stjórn, áhættustýringu og innra eftirlit.

Kaflinn byggir á VII. kafla gildandi laga en þar sem auknar kröfur eru gerðar til stjórnkerfis váttryggingafélaga er mikið af nýjum ákvæðum í kaflanum.

Mikilvægt er að váttryggingafélög hafi eðlilegt og heilbrigt stjórnkerfi þar sem ekki er mögulegt að mæla allar tegundir áhættu váttryggingafélags. Stjórnkerfi váttryggingafélags þarf að hafa starfseiningu áhættustýringar, innra eftirlits og regluvörslu, innri endurskoðunar og tryggingastærðfræðings. Þessum verkefnum getur verið sinnt af einstaklingum eða deild innan váttryggingafélaga eða verið útviðað til aðila utan félagsins í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar. Smærri váttryggingafélög geta fengið heimild til að fela sama einstaklingi eða deild að sinna fleiru en einu af þessum verkefnum. Váttryggingafélag skal meta hæfi þeirra sem bera ábyrgð á verkefnum og tilkynna ábyrgðaraðila til Fjármálaeftirlitsins. Váttryggingafélag skal vera með virka viðvarandi áhættustýringu sem er skilvirkur hluti af skipulagi félagsins. Áhættustýringin skal ná yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru til útreiknings á gjaldþolskröfu sem og áhættuþætti sem eru ekki að öllu leyti hluti af þeim útreikningum.

Eigin áhættu- og gjaldþolsmat (e. Own Risk and Solvency Assessment, ORSA) skal vera hluti af viðskiptaáætlun allra váttryggingafélaga og er mikilvægt við áhættustýringu félagsins. Niðurstöður matsins skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið skal hafa aðgang að allri útviðstöðri starfsemi váttryggingafélaga og skal vera upplýst áður en mikilvægum verkefnum er útviðað.

IX. kafli fjallar um opinbera birtingu.

Auknar kröfur eru gerðar um opinbera birtingu í frumvarpinu. Meðal annars skulu váttryggingafélög a.m.k. árlega birta opinberlega mikilvægar upplýsingar um gjaldþol og fjárhagslega stöðu til að tryggja gagnsæi á markaðnum. Váttryggingafélag skal hafa til staðar kerfi svo tryggt sé að allar upplýsingar komi fram í skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu. Miðlun upplýsinga á milli eftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu er einnig tryggð í frumvarpinu.

X. kafli fjallar um virkan eignarhlut, hlutabréf og lánveitingar.

Ákvæðin um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins vegna aðila sem hyggst eignast virkan eignarhlut í váttryggingafélagi eru að mestu samhljóða núgildandi lögum. Hnykkt er á þeirri grunnreglu að kaup á virkum eignarhluta gangi fyrst í gegn þegar Fjármálaeftirlitið hefur metið aðilann hæfan til að fara með slíkan eignarhlut eða þegar liðinn er sá tími sem Fjármálaeftirlitið hefur til að fara yfir slík kaup.

XI. kafli fjallar um endurskoðun váttryggingafélaga.

Skyldur endurskoðenda eru sambærilegar við gildandi lög en við bætist krafa um að endurskoðendum ber að upplýsa Fjármálaeftirlitið ef þeir verða þess áskynja að gjaldþolskrafa eða krafa um lágmarksfjármagn sé ekki uppfyllt.

XII. kafli fjallar um rekstur og aðskilnað líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi.

Það nýmæli er í frumvarpinu að þegar skaðatryggingastarfsemi er rekin í líftryggingafélagi þarf að reikna ígildi lágmarksfjármagns fyrir hvorn hluta starfseminnar.

Í gildandi lögum er einungis fjallað um fjárhagsgrundvöll í V. kafla en í frumvarpi þessu eru ítarlegri ákvæði um fjárhagsgrundvöll og er þau í köflum XIII-XVIII.

XIII. kafli fjallar um mat á efnahagsreikningi.

Undanskilin því mati er mat á váttryggingaskuld sem ákvæði eru um XIV. kafla. Eignir og skuldbindingar skulu metnar þannig í mati á gjaldþolsstöðu að virði þeirra endurspegli verð sem aðilar sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta myndu komast að samkomulagi um í viðskiptum ótengdra aðila (armslengdarsjónarmið).

XIV. kafli fjallar um váttryggingaskuld.

Skuldbindingar vegna váttryggingarsamninga eru váttryggingaskuld váttryggingafélags. Mat á váttryggingaskuld skal taka mið af virði fjárhagslegrar ábyrgðar og valkvæðra ákvæða í váttryggingarsamningum. Meginreglur og tryggingastærðfræði- og tölfræðilegar aðferðir sem liggja að baki útreikningi váttryggingaskuldar hafa verið samræmdar á EES-svæðinu til að auðvelda samanburð og tryggja gagnsæi. Aðferðirnar eiga einnig að vera í samræmi við alþjóðlega þróun í reikningsskilum og eftirliti. Þá skal virði váttryggingaskuldar endurspegla þá greiðslu sem annað váttryggingafélag (móttökufélag) myndi greiða við það að taka yfir váttryggingaskuldbindingar félagsins. Forsendur fyrir starfsemi móttökufélagsins eiga að vera þær sömu á öllu EES-svæðinu. Smáum og meðalstórum váttryggingafélögum skal þó vera heimilt að nota einfaldari aðferðir við útreikning váttryggingaskuldar. Við mat á váttryggingaskuld skal taka mið af virði fjárhagslegrar ábyrgðar og valkvæðra ákvæða í váttryggingarsamningum og við útreikning á váttryggingaskuld skal váttryggingafélag aðgreina váttryggingaskuldbindingar sínar í einsleita áhættuflokka. Nýmæli er að váttryggingaskuld skal núvirt með áhættalausum vaxtaferli sem gefinn er út af stjórnvöldum. Váttryggingafélög skulu hafa innri ferla og verklag til að tryggja að gögn sem notuð eru við mat á váttryggingaskuld séu viðeigandi, heildstæð og nákvæm. Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að váttryggingafélag hækki váttryggingaskuld sína ef hún uppfyllir ekki það mat sem ákvæðin í kaflanum tilgreina.

XV. kafli fjallar um gjaldþol.

Gjaldþol er það fjármagn sem váttryggingafélag þarf að hafa tiltækt til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í váttryggingaskuld þess. Oftast er fjárhæð þess jöfn eigin fé félagsins eftir atvikum að frádregnum frádráttarliðum. Gjaldþol er byggt á viðurkenndum gjaldþolsliðum sem geta verið í efnahagsreikningi eða utan hans. Gjaldþolsliðir eru flokkaðir eftir gæðum í þrjá gjaldþolsþætti. Notkun gjaldþolsliða af lægri gæðum er takmörkuð við ákveðin mörk. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að váttryggingafélög flokki gjaldþolsliði rétt.

XVI. kafli fjallar um gjaldþolskröfu (e. Solvency Capital Requirement, SCR).

Gjaldþolskröfu er mætt með hæfum gjaldþolsliðum. Frumvarpið setur ramma um hvernig krafan eru ákvörðuð en nánari útfærsla mun verða sett í reglugerð. Gjaldþolskrafa skal vera mælikvarði yfir alla mælanlega áhættu váttryggingafélags. Váttryggingafélag skal reikna gjaldþolskröfu sína a.m.k. árlega og endurreikna hana ef áhættusnið breytist verulega. Gjaldþolskrafa skal ákveðin þannig að váttryggingafélag geti með 99,5% líkum staðið við skuldbindingar sínar gagnvart váttryggingartökum næstu 12 mánuði. Útreikningur gjaldþolskröfu byggist á svokallaðri staðalreglu. Staðalreglan samanstendur af einingum sem þýðir að krafa vegna hvernar áhættu er reiknuð sér og síðan eru þær lagðar saman. Litlum og meðalstórum váttryggingafélögum er heimilt að nota einfaldari aðferðir til að reikna gjaldþolskröfuna.

Váttryggingafélag getur fengið heimild til að nota eigið líkan við útreikning gjaldþolskröfunnar. Líkanið getur náð til allra eða hluta áhættuþátta í gjaldþolskröfunni. Samþykki Fjármálaeftirlitsins þarf fyrir því að nota eigið líkan við útreikning á gjaldþolskröfu og verða skilyrði fyrir slíku samþykki sambærileg í EES-ríkjunum.

XVII. kafli fjallar um lágmarksfjármagn (e. Minimum Capital Requirement, MCR).

Lágmarksfjármagn má aldrei nema lægri fjárhæð en sem nemur kjarnagjaldþolsliðum váttryggingafélags. Starfsleyfi váttryggingafélags skal afturkallað ef virði gjaldþolsliða þess fer undir lágmarksfjármagn og það getur ekki rétt við fjárhag sinn á skömmum tíma. Lágmarksfjármagnið er reiknað með einfaldri reiknireglu og er markmiðið að hæfilegur munur sé á milli þessarar kröfur og gjaldþolskröfunnar. Lágmarksfjármagn skal ákvarðað a.m.k. ársfjórðungslega og niðurstaðan skal tilkynnt Fjármálaeftirlitinu.

XVIII. kafli er um fjárfestingar.

Gerð er almenn krafa um að fjárfestingar váttryggingafélaga séu nægilegar góðar til að mæta kröfum um fjárhagsgrundvöll og skal öllum fjárfestingum stýrt í samræmi við varfærnisregluna. Áhættumiðað

eftirlit hefur í för með sér að ekki verða sett föst mörk á fjárfestingar í einstökum tegundum eignaflokka í eignum til jöfnunar váttryggingaskuld.

XIX. kafli fjallar um sérstakar ráðstafanir.

Meðal nýmæla í kaflanum má nefna að váttryggingafélag skal hafa verklagsreglur sem gera því kleift að greina versnandi fjárhagsstöðu og skal það tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar ef hættu er talin á því að gjaldþolskrafa eða krafa um lágmarksfjármagn verði ekki uppfyllt. Þá getur Fjármálaeftirlitið takmarkað eða bannað ráðstöfun váttryggingafélags uppfylli það ekki kröfur um váttryggingaskuld. Váttryggingafélag sem uppfyllir ekki gjaldþolskröfu eða telji það hættu á að slíkt gerist innan þriggja mánaða skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um stöðuna. Fjármálaeftirlitið getur veitt váttryggingafélaginu frest til allt að 9 mánaða til að gera áætlun um endurreisn fjárhags. Við mjög óvenjulegar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið veitt lengri frest eða allt að 7 ár til viðbótar. Sama tilkynningarskylda gildir ef váttryggingafélag sér fram á að uppfylla ekki kröfu um lágmarksfjármagn. Endurfjármögnununaráætlun má ekki taka lengri tíma en þrjá mánuði og Fjármálaeftirlitið getur takmarkað eða bannað ráðstafanir váttryggingafélags sem er í endurfjármögnunarferli á fjármunum sínum og útgáfu nýrra váttryggingaskírteina. Takist endurfjármögnun ekki skal Fjármálaeftirlitið afturkalla starfsleyfi félagsins.

XX. kafli er um stofnun útibúa og frjálst flæði þjónustu í aðildarríkjum.

Ákvæðin í kaflanum eru að mestu leyti samhljóða IX. kafla gildandi laga. Í kaflanum eru ný ákvæði um skyldur Fjármálaeftirlitsins til að tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim aðildarríkjum þar sem útibú eru eða þjónusta veitt að gjaldþolskröfur séu uppfylltar.

XXI. kafli er um heimild váttryggingafélaga með höfuðstöðvar utan aðildarríkja til að stofna útibú hér á landi.

Kröfur til starfsleyfis þeirra eru gerðar strangari en kröfur núgildandi laga. Meðal annars þarf að staðfesta hvort váttryggingafélagið uppfylli gjaldþolskröfur samkvæmt frumvarpinu.

XXII. kafli er um samtryggingar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í því felst að váttryggingafélög með starfsemi í aðildarríkjum geta sameinast um váttryggingar á tilteknum áhættum.

XXIII. kafli er um endurskipulagningarráðstafanir.

Kaflinn fjallar um endurskipulagningu fjárhags váttryggingafélags þegar endurreisa þarf eða tryggja fjárhagslega stöðu váttryggingafélags.

XXIV. kafli er um slitameðferð váttryggingafélags.

Ákvæði kaflans hafa verið gerð ítarlegri en núgildandi ákvæði og eru í samræmi við Solvency II en einnig voru ákvæðin samræmd lögum um fjármálafyrirtæki að því marki sem það er unnt. Meðal nýmæla er að tiltekið er hverjir og á hvaða forsendum unnt er að óska eftir að váttryggingafélag verði tekið til slita.

XXV. kafli er um viðurlög.

Breytingar hafa orðið á viðurlagaákvæðum í samræmi við ný efnisatriði í þessu frumvarpi.

XXVI. kafli inniheldur ákvæði um fjárhæðir í evrum, innleiðingu, heimild til birtingar á ensku og gildistöku. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 2016.

Í frumvarpinu er ákvæði til bráðabirgða sem veitir váttryggingafélögum frest til að uppfylla kröfur frumvarpsins um gjaldþol. Ef váttryggingafélag uppfyllir kröfur um gjaldþol skv. gildandi lögum hefur það frest til 31. desember 2016 til að uppfylla kröfur um lágmarksfjármagn samkvæmt frumvarpinu. Verði krafan ekki uppfyllt fyrir þann tíma skal afturkalla starfsleyfi þess að þeim tíma liðnum.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Eins og fyrir er getið er unnið að því í samvinnu við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að finna lausn á því hvernig unnt sé að taka reglugerðirnar um stofnun samevrópsku eftirlitsstofnanna upp í landsrétt EFTA/EES-ríkjanna og þar með inn í EES-samninginn. Gert er ráð fyrir að sú lausn komi til framkvæmda veturinn 2015-2016 þegar ákvæði reglugerðar nr. 1094/2010 verður lögfest hér á landi með þeim breytingum að eftirlitsstofnun EFTA (ESA) mun hafa þær valdheimildir sem EIOPA hefur samkvæmt reglugerðinni. Ákvæði er varða valdheimildir ESA vegna tilskipunar 2009/138/ESB er því ekki að finna í frumvarpinu. Verða ákvæði þar að lútandi lögð fram með sjálfstæðu frumvarpi þegar reglugerðin verða orðinn hluti af EES-samningnum. Efni frumvarpsins nú gefur því ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

V. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst váttryggingafélög, neytendur á váttryggingamarkaði og Fjármálaeftirlitið. Frumvarpið gerir auknar kröfur til váttryggingafélaga og Fjármálaeftirlitsins og er ætlað að styrkja stöðu neytenda.

Með samsetningu nefndarinnar sem samdi frumvarpið var hugað að því að hagsmunaaðilar kæmu að samningu þess. Nefndarmenn komu frá Fjármálaeftirlitinu, Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga, Samtökum fjármálafyrirtækja og því ráðuneyti sem hafði með höndum váttryggingamarkaðinn, nú fjármála- og efnahagsráðuneyti. Nokkrir nefndarmenn starfa hjá váttryggingafélögum.

VI. Mat á áhrifum

Verði frumvarpið að lögum verður það til hagsbóta fyrir neytendur og stuðlar að auknum stöðugleika á váttryggingamarkaði.

Í áhættumiðuðu eftirliti felst m.a. að Fjármálaeftirlitið mun leggja aukna áherslu á eigið mat við eftirlit með áhættu í starfsemi váttryggingafélaga. Það kallar á tilfærslu verkefna, aukna þjálfun starfsmanna, uppbyggingu gagnagrunna ásamt samstarfi við eftirlitsstjórnvöld á EES svæðinu. Kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna þessara breytinga er óviss þar sem möguleikar eru á tilfærslu verkefna en Fjármálaeftirlitið ber kostnað vegna þjálfunar starfsmanna og uppbyggingar gagnagrunna. Vegna smæðar váttryggingamarkaðarins hér á landi er líklegt að ýmsar heimildir í frumvarpinu verði ekki nýttar og mun því minni kostnaður falla á váttryggingamarkaðinn og Fjármálaeftirlitið en ella.

Frumvarpið, ef að lögum verður, mun hafa margvísleg áhrif á starfandi váttryggingafélög hér á landi. Hugsanlegt er að einhver þeirra þurfi að auka eigið fé sitt eða taka víkjandi lán vegna hækkaðrar gjaldþolskröfu. Viðkomandi félög, ef einhver eru, þurfa að upplýsa um þetta atriði sérstaklega ásamt Fjármálaeftirlitinu sem hefur fylgst með undirbúningi og stöðu hvers váttryggingafélags.

Helstu áhrif á váttryggingafélög eru að þau þurfa að efla innra starf sitt og endurskipuleggja, annars vegar til þess að hafa tiltækar upplýsingar sem þarf í gjaldþolsútreikninga og skýrslur sem nýjar reglur útheimta, hins vegar til þess að fylgja reglum um skipulag og stjórnhætti þar sem innleiddar eru nýjar og ítarlegri reglur en nú gilda.

Reglum um gjaldþol váttryggingafélaga er breytt þannig að lágmarksgjaldþol hækkar almennt verulega og útreikningur á því verður flóknari en gjaldþolsútreikningar samkvæmt gildandi reglum. Jafnframt þarf að skila stjórnvöldum ítarlegri skýrslum en verið hefur um þetta efni og birta opinberlega ýmsar upplýsingar sem ekki er skylt að hafa í ársreikningi.

Gerðar eru kröfur um traustari og ef til vill nokkuð formlegri stjórnhætti en gert er í gildandi lögum. Þróun í þessa átt hefur staðið yfir um tíma, þannig að sumar breytingarnar hafa þegar orðið í mörgum váttryggingafélögum en geta þurft aðlögunar við.

Áhrifunum má því skipta í aðlögun að nýjum reglum og varanlegar breytingar á verklagi í váttryggingafélögum. Á báðum stigum skiptir starf Fjármálaeftirlitsins miklu máli. Það tekur þátt í samstarfi eftirlitsstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu sem hafa gegnt mikilvægu hlutverki við undirbúning og innleiðingu á nýjum reglum og munu gera það áfram til þess að stuðla að samræmingu og góðri framkvæmd. Þegar kemur að reglulegu starfi eftir að nýjar reglur verða komnar til framkvæmda skiptir miklu hvernig Fjármálaeftirlitið skipuleggur starf sitt svo tilgangi reglnanna verði náð.

Hin nýju ákvæði frumvarpsins lúta ekki að samskiptum við viðskiptavinum beint og heldur ekki að viðskiptum milli landa sem slíkum, þótt mikið sé fjallað um eftirlit með starfsemi váttryggingafélaga yfir landamæri. Því er ekki að búast við breytingum á vöruframboði, verðlagningu eða framboði á váttryggingaþjónustu yfir landamæri vegna sérstakra áhrifa þessa frumvarps.

Gjaldþolsreglur sem slíkar eru ekki reikningsskilareglur og þeirra gætir því ekki beint í ársreikningum váttryggingafélaga. Þær geta þó haft áhrif á eiginfjárskipan og ýmsa þætti sem koma fram í sundurliðunum í skýringum ársreikninga.

Á Evrópska efnahagssvæðinu hafa verið framkvæmdar fimm kannanir á áhrifum þess að Solvency II verði leidd í lög (e. quantitative impact studies) og hafa íslensk váttryggingafélög tekið þátt í þeim öllum að einhverju leyti. Kannað hefur verið hvaða áhrif breytingarnar myndu hafa á fjárhagsgrundvöll váttryggingafélaga auk þess sem almennar spurningar voru lagðar fyrir félögin um undirbúning þeirra fyrir slíka löggjöf. Auk þess tóku váttryggingafélög hér á landi þátt í samræmdum álagsprófum EIOPA á árunum 2011 og 2014 þar sem farið var fram á útreikninga á stöðu

gjaldþolskrafna samkvæmt væntanlegum Solvency II reglum. Vegna þessa eru váttryggingafélög vel upplýst um hver staða þeirra verður samkvæmt þessu frumvarpi.

Ávinningur af samþykkt frumvarpsins er töluverður þar sem það mun styrkja traust og trúverðugleika váttryggingamarkaðarins. Þessi ávinningur er mikilvægur fyrir traust neytenda og almennings á váttryggingamarkaðinn og er metinn það mikill að hann vegi upp á móti þeim viðbótarkostnaði sem fellur á stjórnvöld, markaðinn og aðra hagsmunaaðila verði frumvarp þetta að lögum.